



24|02 25|02 26|02
SINFÓNÍUHLJÓMSVÉTT
ÍSLANDS
VÍNARTÓNLEIKAR
Tryggðu þér sæti á þessa einstöku Vínarveislu!
Miðasala
sinfonia.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Salan á hlutum Landsvirkjunar stærstu mistökinn

Mestu fjármálaafglöp sögunnar á sveitarstjórnarstigi voru þegar Reykjavík og Akureyri seldu eignarhlut sinn í Landsvirkjun, að sögn borgarstjóra. Sveitarfélögin verða afgríðarlegum arðgreiðslum.



Verðið var allt of lágt.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

ORKUMÁL Riflega tvöföldun hagnaðar hjá Landsvirkjun milli ára undirstrikar að salan á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu árið 2006 var hneyksli. Þetta segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og leiðtogi Samfylkingarinnar. Eini bæjarfulltrúinn á Akureyri sem greiddi atkvæði gegn sölunni er á sama máli og kallar söluna dýrustu mistök sögunnar í akureyrskri bæjarpólitík.

Borgin fékk riflega 27 milljarða króna fyrir söluna árið 2006. Akureyrarbær rúma þrjá milljarða. Sveitarfélögin fengu engar fjárhæðir greiddar út heldur voru greiðslurnar í formi lífeyrisskuldbindinga.

Samkvæmt ársreikningi Landsvirkjunar 2021 nam hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði tæpum 30 milljörðum króna. Landsvirkjun leggur til að greiddir verði 15 milljarðar í arð vegna afkomu síðasta árs.

Ef Reykjavíkurborg ætti enn 44,5 prósentu hlut sinn hefði borgin fyrir skatt fengið sex til sjö milljarða króna í arð fyrir síðasta ár. Akureyrarbær hefði fengið 750 milljónir króna fyrir sín 5,5 prósent. Að frádrögnum fjármagnsskatti næmu fjárhæðirnar á sjötta milljarð til Reykvíkinga, um 600 milljónir króna hefðu komið í vasa Akureyringa.

„Sala meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á 46 prósentu hluta Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun var algert hneyksli. Verðið var allt of lágt,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Dagur segist hafa gagnrýnt málið harðlega á sínum tíma, öllum sé nú ljóst að gagnrýnin hafi verið réttmæt.

„Borgin fékk innan við 30 millj-

arða í sinn hlut fyrir Landsvirkjun á sínum tíma sem er mörg hundruð milljarða virði,“ segir Dagur.

Hann segir að stærðargráðan sjáist vel á því að arðgreiðslur ársins hjá Landsvirkjun séu nánast helmingurinn af þeirri upphæð sem borgin fékk fyrir 46 prósentu hlut, þótt allmörg ár séu síðan. „Þetta er eitt versta dæmið og sannarlega það stærsta um fjármálaafglöp á sveitarstjórnarstigi á Íslandi,“ segir Dagur. Sjálfstæðisflokknum beri skylda til að gera málið almennilega upp og biðjast afsökunar.

Oddur Helgi Halldórsson, oddviti L-listans á Akureyri, sem einn bæjarfulltrúa greiddi atkvæði gegn sölunni á sínum tíma, segir að í ljósi þeirra tekna sem fyrirséðar voru árið 2006 vegna Kárahnjúkavirkjunar hefðu viðvörunarbjöllur átt að hringja. Hræðsla við lífeyrisskuldbindingar hafi kerfisbundið verið töluð upp. Hann segist óttast að aukinn arður yti undir vilja til að einkavæða Landsvirkjun nú þegar eignarhaldið sé allt á hendi ríkisins.

„Þetta eru dýrustu mistök í stjórnun Akureyrarbæjar frá upphafi,“ segir Oddur Helgi.

Sjálfstæðismenn réðu ríkjum á Akureyri og í Reykjavík þegar salan fór fram. Vilhjálmur Vilhjálmsson var borgarstjóri og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri fyrir norðan. Jón Sigurðsson, Framsóknarflokki, var iðnaðarráðherra en Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Ekki náðist í Árna við vinnslu fréttarinnar. ■



Björgunarsveitir unnu að því hörðum höndum að losa bíla sem sátu pikkfastir í snjó á Prengslavegi í gær eftir að öku-mennirnir þurftu frá að hverfa í suðaustan áhlaupi sem gekk yfir landið í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA AFHENDING



Ein brúðhjónin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mörg sögðu já í Grafarvogi í gær

lovisa@frettabladid.is

FÓLK „Mörg pör vilja góða dagsetningu fyrir brúðkaupið sitt og þær geta varla orðið betri en þessi," segir Guðrún Karls Helgudóttir, prestur í Grafarvogskirkju, þar sem þrjár prestar gáfu saman samtals 23 pör í gær.

Ástæðan fyrir miklum áhuga á að ganga í hjónaband á þessum þriðjudegi er dagsetningin 22.02.2022 sem þykir eftirsóknarverð. „Nokkur pör hafa verið lengi saman og aldrei látið verða af þessu og sjá þarna skemmtilegt og einfalt tækifæri til þess," segir séra Guðrún. Fyrsta athöfnin var klukkan 12.30 og sú síðasta var áætluð klukkan tíu í gærkvöldi. ■

Nánar á frettabladid.is

288.150 á Íslandi eru fullbólusettir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gefið öðrum 225 þúsund skammta


birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Ísland hefur gefið yfir 225 þúsund skammta af bóluefni gegn Covid-19 og heitið um 170 þúsundum til viðbótar, samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu.

Ísland er aðili að COVAX-samstarfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem felur meðal annars í sér að koma bóluefnum sem Ísland hefur samið um kaup á en nýtir ekki til annarra þjóða. Tryggja á jarðarbúum jafnan aðgang að bóluefni.

„Enn fremur er gert ráð fyrir að Ísland muni gefa hátt í 100 þúsund skammta á grundvelli tvíhliða samninga," segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. ■

Úkraínskur hermaður borinn til grafar



Úkraínski hermaðurinn Anton Olegovich Sidorov var borinn til grafar í Kiev í gær. Hann lést í átökum við rússneska aðskilnaðarsinna á laugardaginn. Tveir hermenn og einn óbreyttur borgari létust í fyrradag. Í viðtali við Fréttablaðið segir prófessor við HA að vestræn ríki beri að hluta til ábyrgð á átökunum. SJÁ SÍÐU 6

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stór hópur leitar til heilsugæslu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Um 1.500 manns hafa samband við heilsugæsluna í gegnum netspjall á Heilsuveru daglega.

„Stærsti áhættuþátturinn hér eins og á svo mörgum öðrum stöðum er mönnunin en margir eru frá með Covid, en við höfum fjölgað starfsfólki svo þetta gengur allt upp," segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem sjálf hefur verið með Covid.

Frá 16. febrúar færðist starf Covid-göngudeildarinnar að mestu til heilsugæslunnar og Læknavaktarinnar. Við það segir Ragnheiður álagið hafa aukist enn frekar. „Þessu fylgja um það bil 100 símtöl daglega til fólks með Covid." ■

Sælkerar fagna fersku lambi sem hefur fengið að hanga

Tæplega fjörutíu lömbum var slátrað nú í febrúar til að kanna áhuga neytenda á fersku handunnu lambakjöti. Kokkur er bjartsýnn á að sælkerar taki því fagnandi að fá meyrnt og ferskt kjöt.

arib@frettabladid.is

VIDSKIPTI Sauðfjárnendur á Vesturlandi standa nú fyrir tilraun með íslenskt lambakjöt sem felst í að bjóða það ferskt um hávetur, í verslunum og á veitingastöðum. Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri markaðsstofunnar Icelandic Lamb, segir að um sé að ræða fjörutíu gimbrar og því sé þetta í mjög takmörkuðu magni.

Ferska lambakjötíð kemur frá handverksvinnslunni Brákarey í Borgarfirði. „Þetta er litil eining og hefur tækifæri til að vinna öðruvísi en stóru afurðastöðvarnar, þau geta þar unnið með lítið magn í einu og haft þá tækifæri til að skoðar nýjar hillur á markaðnum," segir Hafliði. „Tæpast þarf að slátra öllu í september og október til að borða upp úr frystinum allt árið. Það er hægt að auka fjölbreytnina fyrir neytendur."

Hafliði er sjálfur kokkur og var í kokkalandslíðinu. Hann segir ýmsa kosti við ferskt kjöt fram yfir frosið. „Þetta er allt afstætt og margir finna engan mun. Rannsóknir Matis sýna að frosið kjöt rýrnar allt að 15 prósentum meira við eldun, rýrnunin er alltaf bara vatn, ef það heldur sér í vöðvanum þá er bitinn safaríkari," segir hann en ítrekar að frosið lambakjöt sé einnig gæðavara. „Það er líka búið að gera skynmatskönnun, blindsmakk, sem sýnir að litur, lykt og bragð skoraði hærra hjá ferska kjötinu."

Hafliði telur víst að sælkerar taki þessu fagnandi og mögulega erlend-



Fyrsta smakið var tekið á Skál á Hlemmi síðdegis í gær. MYND/ADSEN

MYND/ADSEN



Rannsóknir Matis sýna að frosið kjöt rýrnar allt að 15 prósentum meira við eldun, rýrnunin er alltaf bara vatn, ef það heldur sér í vöðvanum þá er bitinn safaríkari.



Hafliði Halldórsson, kokkur og framkvæmdastjóri Icelandic Lamb

ir ferðamenn sem séu hrifnir af íslenskum gæðaaferðum. „Covid gaf okkur ágætismælingu á því, þetta seldist mikið ofan í ferðamenn, það var nálægt 20 prósentum."

Hann segir ekki mikið því til fyrirstöðu að lengja ferskvörutímabilið með hóflegu magni ef markaðurinn er tilbúinn. „Það að búa til sérvöru þýðir þó meiri vinnu og kostnað fyrir bændur."

Hafliði er spenntur fyrir tilrauninni. „Það er enginn Svarti-Pétur hvað varðar bragðið. Þetta eru fá dýr sem voru flutt stresslaust, þau eru alin á heyi og heimaræktuðu byggji, skrokkarnir fá svo að hanga. Þessi lömb hafa verið að meyrna frá því 10. febrúar. Það er ekkert ólíklegt að þetta verði dálítið öðruvísi en margir þekkja og það er svo áhugavert."

Bodíð verður upp á kjötíð á Tides, Óx og Skál í miðbæ Reykjavíkur, einnig í verslun Me og Mu í Garðabæ og Ljómalind í Borgarnesi. Þá mun Pylsumeistarinn einnig fá að vinna með kjötíð. ■

MEGA VÍKA
1690 kr.

NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZAR AF MATSÉÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



MIDGARDUR

ÓSKUM GARÐBÆINGUM INNILEGA TIL HAMINGJU
MEÐ NÝTT FJÖLNOTA ÍÞRÓTTAHÚS.



ÍAV



VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA



ASK
ARKITEKTAR

Bora fleiri holur á Dóminíku

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Íslenskar jarðboranir hafa samið við stjórnvöld á Karibahafseyjunni Dóminíku um að bora tvær jarðvarmaholur síðar á árinu. Samningurinn er upp á rúman einn og hálfan milljarð króna.

Þegar hefur fyrirtækið grafið fimm holur á eyjunni þar sem aðeins rúmlega 70 þúsund manns búa. Verkefnið eru að stærstum hluta styrkt af Bretum, enda er Dóminíka samveldisland. Eyjan hefur verið háð olíu og orkuverð er þar eitt það hæsta í heiminum. Með nýtingu jarðvarma hyggjast eyjar-skeggjar bæði ná verðinu niður og minnka útblástur koltvísýrings.

Íslenskar jarðboranir hófu að bora í Karibahafinu árið 2011. Auk Dóminíku hefur verið borað í eyjaklasanum Sankti Vinsent og á eyjunni Montserrat, sem heyrir undir Stóra-Bretland. ■

Minnisvarði um Heimaeyjargosið

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu um nefnd til að undirbúa kaup á minnisvarða um Heimaeyjargosið. Gosið hófst 23. janúar 1973 og því styttist í hálfra aldrar afmælið.

Fulltrúar Alþingis og bæjarstjórn Vestmannaeyja munu skipa nefndina.



Katrín Jakobsdóttir bar fram tillögunu.

Í greinargerð segir Katrín að gosið hafi ekki aðeins verið áfall fyrir Eyjamenn heldur efnahagslegt högg fyrir lýðveldið. 1.350 fjölskyldur urðu heimilislausar á svipstundu og mildi að tekist hafi að koma öllum heilu og höldnu upp á land.

Undirbúningur að afmælinu hófst í september. Hefur verið samið við Stúdíó Ólafs Eliassonar um hugmyndavinnu fyrir verkið. ■

Fjármunum skipt vegna nýs barnaverndarkerfis

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Reykjavík fær tæpar 399 milljónir króna af 1,1 milljarði sem varið verður til að mæta kostnaði við verkefni Ásmundar Einars Daðasonar um þjónustu í þágu farsældar barna á þessu ári. Er þetta rúmur þriðjungur af fjármagninu.

Skipting milli sveitarfélaganna, sem gerð er af Jöfnunarsjóði, byggir á fjórum breytum samkvæmt tillögum vinnuhóps. Litið er til heildar-

barnafjölda í sveitarfélögunum, fjölda barna með stuðning í skólum, fjölda barna á lágtekjuheimilum og fjölda barna af erlendum uppruna. En það eru taldir áhættuþættir sem geti leitt til þess að barn gæti þurft á stuðningi að halda.

Hópurinn telur að 12 til 14 þúsund börn þurfi snemmtækan stuðning á fyrsta stigi þjónustu og 5 til 7 þúsund börn þurfi annars eða þriðja stigs þjónustu í hinu nýja barnaverndarkerfi. Nákvæmar upplýsingar um



Miklar lagabreytingar hafa verið gerðar á barnaverndarkerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

dreifingu barnanna liggja ekki fyrir og verða því úthlutanir fyrir árin 2023 og 2024 gerðar með tilliti til reynslu.

Kópavogur fær 110 milljónir króna, Hafnarfjörður 96 milljónir. Reykjanesbær fær 79 milljónir og Akureyri 44 en íbúafjöldi þessara tveggja sveitarfélaga er mjög svipaður. Minnst fær Fljótaldshreppur til að innleiða þjónustuna, aðeins 10 þúsund krónur og 8 krónum betur. ■

Hjólæigendur þátttakendur í aðgerð lögreglu vegna stolinnar haglabyssu

Rafmagnshjól fyrir hálf milljón, rafmagnsverkfæri og haglabysa er meðal þess sem þjófar tóku úr bílskur hjóna í Kópavogi. Brotþólar þurftu sjálfir að mæta þjófnum, sem grunaður var um að hafa stolin skotvopn undir höndum, í lögregluáðgerð.

ninarichter@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Hjón, karl og kona á fimmtugsaldri, telja vinnubrögð lögreglu óvenjuleg í þjófnarmáli í Kópavogi í fyrsta. „Þegar ég kem að bílskúrnum til að ná í hjólið mitt einn morguninn sé ég að hurðin er ekki lokað,“ segir konan sem ekki vill láta nafns sins getið.

Konan, sem segist enn vera að vinna úr erfiðum tilfinningum vegna málsins, hringdi strax á lögreglu sem kom á staðinn og tók ljósmyndir. Konan hafði næst, að eigin frumkvæði, samband við húsvörð fasteignar handan við bílskúrinn og bað hann að senda efni úr öryggismyndavélum til lögreglunnar í von um að þar sæist til þjófsins. Húsvörðurinn mætti á staðinn og fann þá hluta þýfisins í bilakjallara fasteignarinnar. Það voru rafmagnsverkfæri sem grunur leikur á að þjófarnir hafi ætlað að sækja síðar.

Nokkrum dögum komu hjónin á lögreglustöðina að gefa skýrslu og þar sást á upptökum úr öryggismyndavélum að þjófurinn hafði einnig haglabysu með sér á brott úr bílskúrnum.

„Við höfðum ekki tekið eftir því að byssan var horfin af því að hún var uppi á háalofti í bílskúrnum. Hann hafði dundað sér við að leita þar í gegnum allt. Hann var lengi á staðnum,“ segir konan. „Af því að



Lögregla fékk að sögn konu í Kópavogi áhuga á hjólastuldi þegar í ljós kom að byssa var meðal þess sem stolið var.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lögreglan beið í felum rétt hjá, hann gaf þeim þumalinn og hjólaði til baka og lögreglan elti.

Kona sem stolið var frá í innbroti í Kópavogi

lögreglan fékk staðfestingu á því að þarna var um byssu að ræða þá höfðu þeir smá áhuga á málinu,“ bætir hún við.

Konan segist ekki hafa fengið neinar upplýsingar frá lögreglunni í framhaldinu. Sex vikum seinna

hafi kona af Twitter haft samband við hana, og bent henni á að stolna hjólið væri komið í sölu á Facebook-síðu. Hún hafi þekkt hjólið sitt um leið, vegna sérsmíðaðra festinga á hjólinu.

Konan lét lögregluna vita og talaði einnig við Bjarmar Leósson, sem hefur sérhæft sig í að leita að týndum hjólum. „Hann peppaði mig upp í að segja við lögregluna að við myndum fara á svæðið að ná í hjólið eflögreglan kæmi með,“ segir konan. „Sem þeir samþykktu, af því að þá höfðu þeir tækifæri til að gera hútleit hjá þessum manni til að leita að byssunni,“ segir hún.

Í kjölfarið hafi maðurinn hennar mælt sér mót við lögreglu og fengið „stærsta vin sinn með, af því að hann þorði ekki að fara einn, eðlilega,“ segir konan. Lögreglan hafi

beið í götunni í hvarfi, á meðan maðurinn fór og þóttist ætla að prófa hjólið.

Áætlanin gekk eftir og maðurinn fékk að prófa hjólið. „Lögreglan beið í felum rétt hjá, hann gaf þeim þumalinn og hjólaði til baka og lögreglan elti.“ Í kjölfarið var þjófurinn handtekinn og hútleit framkvæmd. Byssan fannst ekki við leitina.

Hjónin segjast hafa óttast um öryggi sitt meðan á aðgerðinni stóð. Þessi aðferð hafi hins vegar verið sú eina sem staðið hafi til boða ef lögreglan ætti að taka þátt í að endurheimta það sem stolið var. Heimir Rikharðsson hjá lögreglunni í Kópavogi staðfestir atburðarásina í samtali við Fréttablaðið en svarar ekki fyrirspurnum blaðsins um hvort að það sem fram fór teljist eðlilegt verklag. ■





ORKAN

10 KR.

AFSLATTUR

MED ORKULYKLI

Of snemmt að segja hvort Úkraína lokist fyrir fiskútflutning frá Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Um þrjú prósent af íslenskum sjávarafurðum eru flutt út til Úkraínu. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra segir of snemmt að segja hvað gerist, spurð hvort markaðurinn gæti lokast vegna átaka.

Útflutningur til Úkraínu hefur sveiflast milli ára en undanfarin fjögur ár hafa verið stöðug, verðmæti milli 3 og 4 milljarðar króna. Árið 2021 voru flutt þangað 19.550 tonn að verðmæti 3,5 milljarðar.

Mest er flutt út af síld og makríl en einnig loðna, karfi og lax. Mest var flutt til Úkraínu árið 2013, að verðmæti tæpir 7,5 milljarðar króna.

Ástandið milli Rússlands og Úkraínu hefur þegar kostað íslenskan sjávarútveg háar fjárhæðir. En eftir að Ísland tók þátt í viðskiptaþvingunum árið 2014, eftir



Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra

innlimun Krímskaga, settu Rússar innflutningsbann á íslensk matvæli. Féll útflutningurinn til Rússlands úr 135 þúsund tonnnum niður í 1.500 tonn á þremur árum, 2014 til 2017. Árið 2020 voru aðeins flutt út 267 tonn til Rússlands. Voru þetta sömu tegundir og seldar eru til Úkraínu, helst síld, makríl og karfi.

Í skýrslu Stjórnarráðsins um mat á áhrifum þvingunaraðgerða, frá 2016, kom fram að útflutningurinn til Rússlands hafi dregist saman um 13 milljarða króna á einu ári, þar af 6,3 milljarða í makríl og 4,5 í síld. ■



Gönguleiðir skólabarna liggja yfir Garðbraut í Garði.

MYND/ABSEND

Farið yfir aðstæður á Garðbraut eftir að bíl var ekið á barn í síðustu viku

lovisa@frettabladid.is

UMFERÐ Yfirvöld í Suðurnesjabæ skoða nú aðstæður á Garðbraut við Gerðaskóla í Garði í samvinnu við Vegagerðina eftir að ekið var á barn þar í síðustu viku. Garðbraut er skilgreind sem þjóðvegur og er hámarkshraði þar 50 kílómetrar á klukkustund.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, segir að það sé verið að taka þessi mál til skoðunar í samvinnu við Vegagerðina.

„Við erum að láta skoða veglýsingu þarna og þá með það í huga að hafa aukna lýsingu við skólann og gangbrautina. Við munum fara yfir aðstæður þarna með sveitarfélaginu,“ segir Svanur Bjarnason, svæðisstjóri Suðursvæðis hjá Vegagerðinni, í svari til Fréttablaðsins um málið.

Hann segir að við skólann sé gangbraut með umferðarljósum sem eigi að veita öryggi en að á sama tíma sé það alltaf óheppilegt að gönguleiðir skólabarna liggja mikið þvert á umferðargötum.

Ekki er um að ræða fyrsta slysið á barni á þessu svæði en 2015 var alvarlegt slys þar sem ekið var á barn og svo var ekið á barn í um 100 metra fjarlægð í fyrra.

Kristján Freyr Geirsson, varðstjóri hjá Lögreglunni á Suðurnesjum, segir í samtali við Fréttablaðið að það megi bæta lýsingu þarna en að fólk megi líka vera sýnilegra og nota endurskin. Hann segir að lögreglan fari reglulega með fræðslu í skólana til að itreka mikilvægi þess að nota ljósín en að í eftirliti hafi þau séð að það sé ekki alltaf verið að nota þau. ■



Rússneskir skriðdrekar biðu í viðbragðsstöðu í gær nærri landamærunum að Úkraínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Líkleggra að Úkraína klofni en að Rússar hertaki landið

Prófessor við Háskólann á Akureyri segir Vesturlönd bera mikla ábyrgð á stöðu mála í Úkraínu. Rússar telji aðild landsins að NATO ógn.

tsh@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Hilmar Þór Hilmarsson, prófessor í alþjóðaviðskiptum og hagfræði við Háskólann á Akureyri, telur að Vesturlönd beri mikla ábyrgð á ástandinu í Úkraínu. NATO og ESB hafa veitt Úkraínu mönnum falskar vonir um aðild sem hafi haft slæmar afleiðingar fyrir landið.

„Rússland lítur á aðild Úkraínu að NATO sem ógn við sína öryggishagsmuni. Það var vitað að brugðist yrði hart við í Rússlandi ef farið væri að tala um NATO-aðild. Rússland lítur á Úkraínu svipað og Bandaríkin líta á Kanada eða Mexíkó. Bandaríkin myndu aldrei samþykkja, eða láta afskiptalaust, að Kanada eða Mexíkó gengju í varnarsamband með Kína eða Rússlandi,“ segir Hilmar.

Úkraínnumenn hófu viðræður um mögulega aðild að Atlantshafsbandalaginu 2008 en hafa enn ekki sótt um formlega. Hilmar segir NATO hafa vakið falskar vonir með því að bjóða Úkraínu að sækja um aðild að bandalaginu. Það hafi verið óraunhæft. Sama eigi við um aðild að Evrópusambandinu.

„Allt tal um ESB-aðild Úkraínu voru enn meiri mistök vegna þess að Úkraína átti mjög langt í land varð-



Hilmar Þór Hilmarsson, prófessor í alþjóðaviðskiptum og hagfræði við HA

andi ESB-aðild árið 2008 og á enn 2022 mjög langt í land með aðild. Aftur óheildarleiki gagnvart Úkraínu,“ segir Hilmar. Að hans sögn er engin samstaða um aðild Úkraínu innan ESB. Eystrasaltsríkin og Pólland styðji hana á meðan Þýskaland, sem er ráðandi land innan ESB, er hikandi. Þá segir Hilmar þessar fólksku vonir um aðild að alþjóðastofnunum hafa haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir Úkraínu.

„Falskar vonir um ESB- og NATO-aðild hafa leitt til efnahagshruns Úkraínu hvort sem þar verður allsherjarstríð eða ekki. Óvissan og óöryggið þýðir að erlenda fjárfestingu vantar og þær tæknibreytingar sem henni fylgja og eru nauðsynlegar fyrir land eins og Úkraínu,“ segir Hilmar.

Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, fordæmdi í fyrradag ákvörðun Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta um að viðurkenna sjálfstæði héraðanna Donetsk og Luhansk í Austur-Úkraínu. Síðan fóru rússneskir hermenn yfir landamærin til að „sinna friðargæslu“.

„Þetta grefur enn frekar undan fullveldi Úkraínu og friðhelgi landsvæðis hennar, rýrir möguleika

á því að leysa deiluna og brýtur Minsk-samningana, sem Rússland á aðild að,“ sagði Stoltenberg.

Íbúi í Rostov-héraði sem á landamæri að Austur-Úkraínu, sem BBC ræddi við, fagnaði því að herlið yrði sent til Donetsk og Luhansk. „Þessi svæði hafa alltaf verið hluti af rússneska keisaraveldinu og núna er allt að koma aftur til baka. Fólk í Austur-Úkraínu vill allt vera í Rússlandi og við erum ekki mótfallin því. Ef Úkraína fær ekki aðild að NATO þá mun allt verða í lagi. Það mikilvægasta er að koma í veg fyrir stríð,“ sagði kona í Rostov við BBC.

„Ég hef ekki verið mjög trúður á það að Rússland muni fara í það að reyna að taka alla Úkraínu og halda henni. Ég hef ekki verið trúður á það. En þetta gæti orðið til þess að Úkraína myndi klofna í tvennt í Austur- og Vestur-Úkraínu,“ segir Hilmar um líkur á stríði.

Hilmar segir að þótt Austur-Úkraína hafi ávallt verið hallari undir Rússland og Vestur-Úkraína undir Vesturlönd og NATO vilji fólk almennt halda landinu saman. „Mér finnst ólíklegt af reynslunni að Rússar, vegna þess að Sovétríkin féllu þegar þau reyndu að taka Afganistan, að rússneska ríkjasambandið myndi bara halda saman ef það myndi reyna að ná allri Úkraínu og halda henni. En maður veit það ekki, það er komin svo mikil harka í þetta.“ ■

Nánar á frettabladid.is



Ég hleyp

borgarleikhus.is

Frumnýning 24. febrúar

Tryggðu þér miða

NÝR

RENAULT ARKANA

Náttúrulegur Hybrid



SPORTLEGUR OG RÚMGÓÐUR

Hvar sem þú vilt vera og hvað sem þú vilt gera þá flytur Renault Arkana þig alla leið. Hann er náttúrulegt sambland margra eiginleika, alveg eins og þú. Einstök hönnun með rennilegum útlínum, góðri veghæð og fallegu innanrými gerir hann bæði ómótstæðilega sportlegan og frábæran fjölskyldubíl. Komdu og skoðaðu Arkana!

RENAULT ARKANA

E-Tech, Hybrid

Bensín, rafmagn, sjálfskiptur

Verð frá: **5.690.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ



www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



MARKAÐURINN

■ Skoðun

Helgi Vífill
Júliusson



Lukkuriddarar

Verbúðin er stórkostleg sjónvarpsþáttaröð. Hún varpar enn á ný ljósi á að Vesturport, hópurinn sem stendur að þáttunum, er á heimsmaelikvarða.

Auk þess minna þættirnir okkur á hve mikilvæg línuleg dagskrá er (eða að minnsta kosti vikuleg frumsýning á þáttum). Þegar fólk er samstíga í að horfa á skemmtilega þætti spretta fram fjórugar umræður sem farið er á mis við þegar hver og einn hámhörfir í sínu horni.

Þrátt fyrir að hagsæld þjóðarinnar megi að miklu leyti rekja til sjávarútvegs virðast furðu margir ekki skilja atvinnugreinina og mikilvægi hennar. Það endurspeglast meðal annars í því að 61 prósent landsmanna er andsnúið kvótakerfinu og einungis 20 prósent eru hlynnt því, samkvæmt skoðanakönnun Prósents sem fjallað var um í Fréttablaðinu fyrir í mánuðinum.

Hagsæld þjóða byggist á öflugum útflutningsvegum sem skapa gjaldeyri. Fiskveiðar hafa lengi verið þjóðarbúinu mikilvægar. Um allan heim eru fiskveiðar reknar með tapi og víða með ríkisstyrkjum. En ekki hér. Fiskveiðar eru því ekki djúp gullnáma sem þola mikla skattheimtu.

Raunar er sjávarútvegur hvergi skattlagður jafn mikið og hér á landi. Engu að síður horfir fjöldi manns til þess að skattleggja greinina enn frekar. Það liggur í augum uppi að við það mun draga úr fjárfestingu í greininni og við gætum misst fótanna í samkeppni við umheiminn. Það myndi auk þess draga úr slagkrafti íslenskra tæknifyrirtækja í sjávarútvegi því salan myndi minnka. Álögur á sjávarútveg umfram aðrar atvinnugreinar eru því óskynsamlegar.

Kvótakerfið er lykilforsenda þess að atvinnugreinin er arðbær og sjálfbær. Því var komið á vegna þess að of margir bátar voru að veiðum og því gekk reksturinn ekki upp. Í upphafi var kvóta úthlutað byggt á veiðireynslu. Þeir sem ekki stunduðu veiðar urðu því ekki af tækifærum. Útgerðir leystu af eigin rammleik úr offramboði á bátum með því að kaupa kvóta.

Fyrir tæpum 50 árum var kvótakerfinu komið á. Aflaheimildir hafa gengið kaupum og sölum til að auka hagræði í greininni. Flestir útgerðarmenn hafa því keypt kvótann á markaði.

Gætum okkur á lukkuriddurum sem misst hafa sjónar á stóru myndinni. Það er alls ekki sjálfgefið að íslenskur sjávarútvegur verði ávallt í fremstu röð. ■



Búist er við því að Jerome Powell, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, muni tilkynna um vaxtahækkunir í mars.

FRÉTTABLAÐID/
GETTY

Ísland ekki sér á báti



Magdalena Anna
Torfadóttir
magdalena
@frettabladid.is

Stýrivextir hafa verið hækkaðir víðs vegar í heiminum og eru frekari hækkanir í kortunum. Sjóðsstjóri hjá Akta segir að vextir hafi hækkað víða í mörgum nýmarkaðsríkjum og aðalhafraðingur Íslandsbanka segir að viðhorf til heppilegs vaxtastigs hafi breyst.

Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá Akta, segir að Ísland sé ekki sér á báti þegar kemur að vaxtahækkunum.

„Fólk er oft á tíðum að bera Ísland saman við til dæmis evrusvæðið og Bretland sem er ekki alveg réttur samanburður,“ segir Birgir og bætir við að á síðastliðnu ári hafi stýrivextir í mörgum nýmarkaðsríkjum verið hækkaðir.

„Vextir hafa hækkað skarpt í Brasilíu og Tékklandi sem dæmi. Frá því í maí í fyrra þegar Seðlabanki Íslands hóf að hækka vexti aftur hafa meiri en 50 vaxtahækkanir átt sér stað víðs vegar um heiminn á móti aðeins fimm vaxtahækkunum. Umhverfið hefur þannig breyst hratt á heimsvísu. En það sem hefur verið að gerast síðastliðna mánuði er að markaðir hafa verið að verðleggja inn hraðari og hraðari stýrivaxtahækkanir hjá stærstu seðlabönkum heims, til dæmis í Bandaríkjunum.“

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafraðingur Íslandsbanka, segir að það hafi átt sér stað allhraður viðsnúningur um víða veröld í viðhorfi til heppilegs vaxtastigs, bæði hvað það eigi að verða núna og hvað það þurfi að vera á komandi fjórðungum.

„Þetta hefur gerst frekar hratt. Verðbólgan hefur risið svo hratt um heim allan og orðið vandamál víða,“ segir Jón Bjarki og bætir við að vöxtur sé að taka við sér að sama skapi á meðal landa heims. „Vinnu- markaðurinn er orðinn miklu nær jafnvægi bæði vestan hafs og aust-



Jón Bjarki
Bentsson, aðal-
hafraðingur
Íslandsbanka



Birgir Haralds-
son, sjóðsstjóri
hjá Akta

an heldur en margir bjuggust við. Þannig að bara á örfáum mánuðum höfum við séð væntingar til vaxtaþróunar hjá helstu seðlabönkum heims breytast frá því að það gæti verið alllangt í hækkan vaxta í það að þeir eru margir ýmist byrjaðir að hækka vexti eða búnir að gefa það skýrt til kynna að vaxtahækkun sé á næsta leiti,“ segir Jón Bjarki og nefnir að Noregsbanki sé búinn að hækka vexti í tvisgang og þar eins og víðar séu líkur á töluverðum vaxtahækkunum á árinu.

„Það sama má segja um Englandsbanka en þar er vaxtahækkunarferli einnig hafði. Það er einnig þróunin í spánum og væntingunum að vaxtahækkunarferlið verði hraðara heldur en vænst var fyrir nokkrum vikum síðan. Við þetta má bæta að almennt er búist við því að þar verði hálfprósentsstigis hækkanarskref tekið í næsta mánuði. Seðlabanki Bandaríkjanna hélt lengi vel fram að um væri að ræða skammtíma verðbólgu- skot en hefur nú viðurkennt að hafa haft rangt fyrir sér. Þannig að ljóst er að þeir munu hækka vexti á komandi misserum.“

Birgir segir jafnframt að Seðla-

Getum þakkað fyrir aðgerðirnar hér á landi

Jón Bjarki segir að við getum þakkað fyrir það að ekki hafi verið gangið langt í peningastefnuaðgerðum hér á landi.

„Það var til að mynda ekki ráðist í stórfellda peningaprentun og vextir sjaldan við núllið þannig að Seðlabankinn er í þeirri stöðu að vera nú með eðlilegri peningastefnu og þurfa ekki að ráðast í stórtækar aðgerðir. Bankinn er þar með síður í hættu á að missa trúverðuleikann eða hægja of mikið á hagkerfinu.“

Birgir segir að margt hafi gengið ágætlega hér- lendis hvað varðar peningastefnuna.

„Það olli vissulega ruglingi á sínum tíma að Seðlabankinn tilkynnti um magnbundna íhlutun en síðan gerðist í rauninni lítið. En eftir á að hyggja hefur tekist vel til með margt í umhverfi sem hefur verið háð mikilli óvissu og til dæmis er atvinnuleysi komið hratt niður. Heimsverðbólgan hefur almennt verið lág síðan 2014 og stór ástæða fyrir því er að hrávöruverð hefur haldist mjög lágt en það hefur verið að rísa á ný og skapað vand- ræði hérlendis í gegnum innflutninginn. Það er erfitt fyrir Seðlabankann að glíma við slíkt um- hverfi en það gæti skánað síðar á árinu. Hvernig kjarasamningar fara í haust verður síðan lykilmátið fyrir peningastefnuna.“



Stýrivextir hafa verið hækkaðir í mörgum nýmarkaðsríkjum að undanförnu.

banki Bandaríkjanna muni hækka vexti í mars og eitthvað fram eftir ári.

„Heilt yfir má segja að það verður að öllum líkindum hörð peninga- stefna, í orði og á borði, á heimsvísu fram á mitt sumar. Þá er ekki ólíklegt að Seðlabanki Bandaríkjanna vilji til dæmis biða og sjá á þeim tíma hvernig landið liggur. Það er ýmislegt sem bendir til þess að árstakturinn í verðbólgunni muni fara að koma niður inn í vorið í Bandaríkjunum vegna grunnáhrifa sem gæti gefið svigrúm til að endur- meta stöðuna síðar í sumar.“

Birgir bendir einnig á að sumt bendi til að það versta sé yfirstaðið í verðbólgu- skotinu víða erlendis. „Það er eitt og annað sem bendir til þess að þessi virðis- eðjuvandamál og framleiðsluvandamál sem hafa verið séu að hverfa á braut. Það þarf að fylgjast vel með því næstu mánuði.“ ■


Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

FRAMTÍÐIN Í ORKU. DRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN



Liðki fyrir að ráða erlenda sérfræðinga

helgivyf@frettabladid.is

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra, segir að eitt af forgangsmálum í ráðuneyti sínu sé að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga. Tillögur þess efnis eigi að vera klárar í vor en verkefnið þurfi að vinna í samstarfi við félags- og dómsmálaráðuneytið.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Fram kom í stjórnarsáttmála að auka yrði svigrúm og skilvirkni í ráðningu erlendra sérfræðinga og auðvelda íslenskum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að ráða fólk með sérþekkingu frá löndum utan EES-svæðisins.

„Sérfræðipækkning skiptir jafn miklu máli og gott stuðningsumhverfi og fjármögnunarumhverfi til nýsköpunar, þar sem grettistaki hefur verið lyft undanfarin ár. Árið 2022 mun vanta ríflega 800 sérfræðinga í hálaunastörf sem krefjast sérhæfðrar menntunar samkvæmt nýrri greiningu Íslandsstofu. Samkvæmt henni stefnir í 41 prósent fjölgun stöðugilda sem krefjast sérhæfðrar menntunar milli árunna 2021 og 2022.“ segir Áslaug Arna.

Hún bendir á að skortur sé á sérfræðingum og mörg fyrirtæki þurfi að leita eftir sérhæfðri þekkingu, menntun og reynslu út fyrir landsteinana þegar fullreynt sé að fá Íslendinga í sérfræðistörf. „Nú stendur yfir rýni á hvaða leið sé best að fara en líta verður til þess að gera kerfið skilvirkara, aðgengilegra og fjölskylduvænna. Maki þarf til dæmis að geta tekið þátt í íslensku samfélagi.“ segir Áslaug Arna.

Að hennar sögn sé mikilvægt að fara í markaðsókn erlendis til að hvetja fólk til að koma og vinna sérhæfð störf hérlendis. ■

Ferðapjónustan á sín bestu ár eftir

Framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Kaptio segir að von sé á miklum vexti í ferðapjónustu bæði hérlendis og erlendis á komandi árum.

magdalena@frettabladid.is

Viðar Svansson, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Kaptio, segir að ferðapjónustan viðs vegar í heiminum og hér á Íslandi eigi sín bestu ár eftir og býst hann við miklum vexti í greininni á komandi árum.

„Framtíðin í ferðapjónustu er að sérsníða ferðirnar að þörfum ferðamanna og það er nákvæmlega það sem Kaptio sérhæfir sig í,“ segir Viðar og bætir við að með því að sérsníða ferðirnar laði landið að sér ferðamenn sem muni koma til með að dvelja lengur og eyða meiru.

„Þannig að það mætti segja að með því að klæðskerasníða ferðirnar að hverjum og einum ferðamanni getum við aukið virðisaukann í ferðapjónustunni. Við sjáum mikla aðsókn í ferðir sem bjóða upp á heildarupplifun. Það er einstaklega hentugt að bjóða upp á slíkar ferðir hér á Íslandi.“

Hugbúnaðarfyrirtækið Kaptio var stofnað fyrir tíu árum síðan og byrjaði sem þjónustufyrirtæki en fór fljótt að einblína á að þróa bókunarhugbúnað fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu. „Hugbúnaðurinn sem við bjóðum upp á hjálpar okkar viðskiptavinum, sem eru stór ferðapjónustufyrirtæki, við að setja saman sérsníðnar ferðir fyrir sína viðskiptavini,“ segir Viðar.

„Við fengum fjárfesta með okkur í lið og okkar helstu fjárfestar eru Frumtak og Nýsköpunarsjóður Íslands. Við sjáum virkilega mörg vaxtartækifæri í dag og mjög mikil tækifæri til þess að vikka út vöruframboðið með því að byggja ofan á þá vöru sem er til staðar í dag. Við erum að undirbúa okkur undir þann vöxt og sjáum jafnvel fram á að sækja meira fjármagn til þess vaxtar á næstunni.“ segir Viðar.

„Það er áhugavert að viðskiptavinahópur Kaptio samanstendur að miklu leyti af stærri erlendum ferðaskrifstofum. Það hefur farið til-
tölulega lítið fyrir okkur á Íslandi þó



Viðar Svansson, framkvæmdastjóri Kaptio, segir að fram undan séu spennandi verkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”

Þannig að það mætti segja að með því að klæðskerasníða ferðirnar að hverjum og einum ferðamanni getum við aukið virðisaukann í ferðapjónustunni.

að við eigum tryggja viðskiptavinum hérlendis með langa viðskiptasögu. Starfsemi Kaptio hefur verið mestmegnis úti í Bretlandi og Kanada og þar eru okkar stærstu viðskiptavinir en við höfum einnig verið að þjónusta viðskiptavini í Bandaríkjunum og Ástralíu.

Iceland Travel hefur þó verið viðskiptavinur í áraðir og Kaptio

unnið að því í samstarfi við félagið að hugbúnaðurinn mæti þeirri margvíslegu þjónustu sem Iceland Travel býður upp á. „Það hefur verið gríðarlega áhugavert verkefni og gaman að vinna það með kraftmiklu teymi hjá Iceland Travel.“

Viðar segir að þó svo að viðskiptavinir Kaptio og stór hluti starfsfólks séu erlendis hafi fyrirtækið mikinn hug á því að byggja upp starfsemina á Íslandi.

„Við erum mestmegnis erlendis núna en viljum byggja upp starfsemi á Íslandi líka og erum búin að bæta í hópinn hér. Það hefur verið gríðarlega skemmtilegt verkefni að byggja upp stórt tækniverkefni hér á landi. Við höfum undanfarið verið að stækka hópinn hér innanlands með lykirláðningum og munum tilkynna það á næstunni.“

Viðar segir jafnframt að yfirvofandi sé mikið af samrunum og yfirtökum í ferðapjónustunni og hugbúnaðargeiranum.

„Við sjáum margar yfirtök og sameiningar í ferðapjónustunni

almennt og við sjáum það líka hjá tæknifyrirtækjunum sem þjónusta atvinnugreinina. Það er mikil ásókn í fjárfestingar á þessu sviði hugbúnaðar í dag og við sjáum mikinn áhuga hjá fjárfestingarsjóðum að veita fjármagn til að styðja við áhugaverð vaxtartækifæri í hugbúnaðarþróun fyrir ferðapjónustu.“

Viðar segir að það sé ýmislegt á döfinni hjá Kaptio en fyrirtækið vann nýlega að því að koma á samstarfi milli viðskiptavinar síns Rocky Mountaineer, sem sérhæfir sig í lestaferðum í Klettafjöllum, og Air Canada.

„Þetta samstarf er dæmi um nýja þjónustu til ferðalanga sem hugbúnaður Kaptio gefur möguleika á fyrir sína viðskiptavini og það mun auka vitund markaðarins og fjölga söluleiðum Kaptio.“

Það sem felst í þessu samstarfi er að Kaptio sé í raun tæknilausnin sem gerir viðskiptavinum Rocky Mountaineer kleift að nýta flugpunkta Air Canada þegar þeir bóka sig í ferðir hjá félaginu. ■

Seinni hluti

Skattlagning á viðskipti með rafmyntir og rafmyntagröft



Kristinn Jónasson
lögmaður hjá
KPMG Law

Nýlega birtist á vef yfirskattanefndar, úrskurður nr. 215/2021 sem varðar skattlagningu á verðmæti sem urðu til hjá aðila sem stundaði viðskipti með bitcoin árin 2016 og 2017, eftir að hafa grafið eftir rafmyntinni árin 2009 og 2010 í tómstundaskyni, að eigin sögn. Í úrskurðinum leiðir nefndin að því líkur að gröftur eftir rafmyntinni fari í skattalegum skilningi ávallt fram með þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði og fari þar af leiðandi ekki fram í tómstundaskyni.

Greinarhöfundur hefur bent á þá staðreynd að ekki sé að finna ákvæði í íslenskum skattalögum sem sérstaklega varða rafmyntir og viðskipti með þær og þeim tengdum.

Óskýr afstaða skattyfirvalda

Í úrskurðinum er gerð tilvísun í svar fjármálaráðherra við fyrirspurn um skattlagningu rafmynta á 151. löggjafarþingi Alþingis (2020-2021). Í svari fjármálaráðherra kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra hafi framkvæmdin verið þannig að tekjur einstaklings af viðskiptum með rafmyntir eins og bitcoin væru eignatekjur sem skattleggja ætti sem fjármagnstekjur, enda væri ekki um atvinnurekstrartekjur að ræða. Að mati ríkisskattstjóra væri því nærtækast að líta á tekjur þessar sem hagnað af sölu lausafjár.

Vikur þá að skyldu til að tilkynna starfsemi sína til virðisaukaskattskrár ríkisskattstjóra. Skattskylda samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nær til afhendingar gegn endurgjaldi á öllum vörum og verðmætum sem og þjónustu sem ekki er sérstaklega undanþegin samkvæmt lögnum. Þeim sem teljast skattskyldir samkvæmt framan-sögðu, ber skylda til að tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína teljist hún fara fram í atvinnuskyni. Að mati yfirskattanefndar telst

aðili sem stundar rafmyntagröft, að öllum líkum framkvæma hann í þeim tilgangi að hagnast. Uppfylli starfsemi hans skilyrði um umfang sem fjallað var um í fyrri hluta þessarar greinar, bendir margt til þess að starfsemi hans sé stunduð í atvinnuskyni. Vaknar því spurningin um hvort þeim sem stundar rafmyntagröft í eigin þágu beri skylda til að tilkynna starfsemi sína til skráningar á virðisaukaskattsskrá? Í framangreindu svari fjármálaráðherra á 151. löggjafarþingi birtist það álit ríkisskattstjóra að rafmyntir eða sýndarfé sé ekki skattskyldt verðmæti sem fellur undir gildissvið laga um virðisaukaskatt. Rökstuðningur embættisins fyrir þessu álitinu í minnisblaði til ráðherra er því miður enginn.

Hér er því réttast að staldra við og afmarka álitaeftirinn sem eru til staðar. Annars vegar telja ríkisskattstjóri og yfirskattanefnd nærtækast að líta á tekjur afsölu rafmyntarinnar bitcoin sem tekjur af sölu lausafjár. Hins vegar telur ríkisskattstjóri að starfsemi þeirra sem grafa eftir og stunda viðskipti með rafmyntir falli utan

skattskyldusviðs virðisaukaskatts þar sem rafmyntir séu ekki verðmæti í skilningi virðisaukaskattslaga. Hér virðist túlkun skattyfirvalda á ákvæðum laga um tekjuskatt og ákvæðum laga um virðisaukaskatt ekki vera í takt.

Enginn vafi leikur á að atvinnustarfsemi sem felur í sér sölu lausafjár gegn endurgjaldi er virðisaukaskattsskyld. Hulin ráðgáta er hvers vegna ríkisskattstjóri telur rafmynt vera lausafé gagnvart tekjuskatti en ekki gagnvart virðisaukaskatti. Lagarökin fyrir þessari afstöðu ríkisskattstjóra liggja a.m.k. ekki í augum uppi.

Afstaða erlendra skattyfirvalda

Afstaða skattyfirvalda í Noregi er sú að söluhagnaður af viðskiptum með rafmyntir teljist til skattskylds söluhagnaðar líkt og um verðbréf sé að ræða. Afstaða þeirra gagnvart tekjum af greftri rafmynta er að um tekjur af fjármálastarfsemi sé að ræða sem er sérstaklega undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt norskri virðisaukaskattslöggjöf. Virðast þau horfa til skattframkvæmdar innan Evrópusambandsins í þessu sambandi.

”

Hulin ráðgáta er hvers vegna ríkisskattstjóri telur rafmynt vera lausafé gagnvart tekjuskatti en ekki gagnvart virðisaukaskatti.

Gripidið tómt?

Mætti velja vöngum yfir því hvort lagalegt tómarúm um skattlagningu á rafmyntir hérlendis séu orsök óburðugs rökstuðnings íslenskra skattyfirvalda um hvernig skattleggja eigi viðskipti með rafmyntir og atvinnustarfsemi þeirra sem stunda rafmyntagröft? Það er vart við skattyfirvöld að sakast í þessu sambandi, því þau hafa ekki viðhlítandi löggjöf til að byggja á. Ekki er seinna vænna en að bæta úr því. ■

Opnaði skemmtistað í heimsfaraldri

Svipmynd

Ásthildur Bára Jensdóttir

Störf:

- Veitingastjóri hjá Sæta Svininu & Apótekinu.
- Framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu Ketchup Creative.
- Flugfreyja hjá Icelandair.
- Rekstrarstjóri skemmtistaðarins Bankastræti Club.
- Markaðsérfræðingur hjá Tapas Barnum, Apótekinu, Fjallkonunni, Sushi Social og Sæta Svininu.
- Markaðsstjóri SalesCloud.

Fjölskylduhagir:

Einstæð með hvölpinn Neó.

Ásthildur Bára Jensdóttir, markaðsstjóri SalesCloud, kom að því að opna skemmtistaðinn Bankastræti í miðjum Covid-19 heimsfaraldri.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál eru samverustundir með fjölskyldu og vinum, að skapa góða stemmingu og borða góðan mat sem leikur við bragðlaukana. Hreyfing, þá helst snjóbretti og brimbretti þar sem ég næ alveg að tæma hugann. Að hlusta á fræðibækur eða hlaðvörp og læra eitthvað nýtt sem gæti nýst mér í lífinu. Ferðalög eru líka ofarlega á lista, fátt er skemmtilegra en að kynnast nýjum heimshlutum.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Fullkomnu morgnarnir eru þannig að hundurinn minn fer fyrst út að pissa og svo sækir ég mér ískalt koffínvatn í ísskápinn sem ég drekk uppi í rúmi og les fréttir áður en ég tek mig til. Tek engifer- og túrmerikskot með vítamínunum og bý svo um rúmið. Hins vegar þegar ég er sein þá fær hundurinn að pissa en ekki ég því þá þarf ég að tannbursta á meðan ég klæði mig. Ég þamba svo koffínvatnið og hoppa út í öðrum skónum, með ógreitt hár og vítamínin í vösumum, ætli þessi rúttina sé ekki aðeins algengari.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?



Ásthildur Bára Jensdóttir, markaðsstjóri SalesCloud, nær að tæma hugann á snjóbretti.

MYND/ÁSEND



Chicago er í uppáhaldi. Þar færðu geggjaðan mat, fallegan arkitektúr og sólbaðsstrendur án salts.

The Power of Now eftir Eckhart Tolle. Góð vinkona mín benti mér á þessa bók á erfiðum tíma í mínu lífi, hún hafði mikil áhrif á líffssýn mína og nú nokkrum árum seinna er þessi bók enn að vekja mig til umhugsunar.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Áskoranirnar eru margar en jafnframt spennandi. Til dæmis höfum við í markaðsteymi SalesCloud hafist handa við endurhönnun og markaðsetningu fyrir Yess.is. Þá er einnig verkefni að kynna sölulausnir SalesCloud fyrir öllum þeim sem vilja notendavænar og skilvirkar lausnir í sínum viðskiptum.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Það var krefjandi að taka þátt

í að opna skemmtistað í miðjum heimsfaraldri með tilheyrandi samkomutakmörkunum og óvissu. Við þurftum að reka staðinn á allt annan hátt en við hefðum gert í venjulegu árferði og það var áskorun að þúsla öllu saman, vitandi að þessi rekstur yrði allt öðruvísi í framtíðinni. Eins krefjandi og þetta var þá var það jafn skemmtilegt, enda algjört fagfólk sem stendur á bak við skemmtistaðinn Bankastræti.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Tannlæknir, ég er heltekin af tönnum.

Hver er þín uppáhaldsborg?

Chicago er í uppáhaldi. Þar færðu geggjaðan mat, fallegan arkitektúr og sólbaðsstrendur án salts. ■

Kæra lögð fram vegna útboðs

magdalena@frettabladid.is

Ólafur Guðmundsson sem situr í innkauparáði Reykjavíkurborgar gagnrýnir harðlega að Reykjavíkurborg hafi ekki tekið lögsta tilboðinu í nýafstöðnu útboði borgarinnar á umferðarljósabúnaði.

„Það hefur verið lögð fram kæra vegna þessa og ég er ekki hissa en það er búið að kæra sambærilegt mál áður,“ segir Ólafur og bætir við að það hafi lengi verið í umræðunni að taka þurfi umferðarstýringarkerfið hjá Reykjavíkurborg í gegn.



Reykjavíkurborg tók hærra tilboðinu.



Ólafur Guðmundsson, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

„Reykjavík hefur haldið utan um þetta fyrir öll sveitarfélög undanfarin ár en þetta hefur ekki verið boðið út síðan 2005. Það er komin miklu betri tækni í umferðarljósastýringu sem er notuð víðs vegar um heim en ekki hér. Það er hluti af samgöngusáttmálanum að fá nýrri búnað en Reykjavíkurborg heldur áfram að bjóða í gamla búnaðinn.“

Ólafur segir að tvö fyrirtæki hafi sett fram tilboð, annars vegar Smith og Norland sem notar búnað frá Siemens og hins vegar Reykjafell. En tilboðið frá Reykjafelli var mun lægra.

„Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 38 milljónir. Smith og Norland buðu 30 milljónir en Reykjafell 21 milljón. Reykjavíkurborg tók síðan hærra tilboðinu og gaf tvær tæknilegar ástæður fyrir því. En þetta er gagnrýnisvert mál og þarf að skoða nánar hvernig að þessu útboði var staðið.“ ■

Útgáfan Setberg til nýrra eigenda

helgivilfill@frettabladid.is

Setberg bókaútgáfa, sem verið hefur í eigu sömu fjölskyldunnar frá árinu 1950, mun skipta um eigendur 1. mars. Ásdís Arnbjörnsdóttir, dóttir stofnandans, Arnbjörns heitins Kristinssonar, hefur samið um að selja útgáfuna til Alexiu sem er í eigu Katrínar Amni Friðriksdóttur og Ágústs Sindra Karlssonar. Þau reka saman Iceherbs sem framleiðir vítamín.

Setberg hefur um áratugaskeið sérhæft sig í útgáfu barnabóka. Traust viðskiptasambönd við erlend bókaforlög hafa lengi verið grundvöllur að rekstri félagsins. Bókaútgáfan gaf á árum áður út alls kyns bækur, innlendar og erlendar, ævisögur, spennusögur, ástarsögur, fræðibækur, þýddar bókmenntir og matreiðslubækur. Barnabækur hafa þó ávallt skipað öndvegi í starfsemi Setbergs. Útgefnir titlar Setbergs eru alls um 1.150.

„Við sjáum tækifæri í Setbergi sem er með frábæra sögu. Bækur munu lifa áfram með þjóðinni og sérstaklega hjá yngri kynslóðinni þar sem mikil vitundarvakning er um að halda bókum að börnum sem mótvægi við aukna skjánotkun. Við sjáum líka tækifæri í tæknilegri framþróun í efnisköpun og fræðslu barna ásamt velferð þeirra. Brenn-



Katrín Amni Friðriksdóttir kaupir, ásamt Ágústi Sindra Karlsson, Setberg af Ásdís Arnbjörnsdóttur, dóttur stofnanda útgáfunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Við sjáum líka tækifæri í tæknilegri framþróun í efnisköpun og fræðslu barna ásamt velferð þeirra.

Katrín Amni Friðriksdóttir

andi áhugi á bókmenntum var einnig drifkraftur að baki kaupum á forlaginu,“ segir Katrín Amni Friðriksdóttir.

„Ég starfa áfram hjá Setbergi út þetta ár í nánú samstarfi við nýja eigendur og mun tryggja hnökra-laus umskipti í faglegri ráðgjöf þar sem við sameinum krafta okkar,“ segir Ásdís Arnbjörnsdóttir. „Útgáfan verður í góðum höndum, þótt ég segi skilið við hana, en ég hef ýmis önnur járn í eldinum sem ég vil sinna betur.“ ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Lærdómar



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Í fyrrinótt tók Martin Kimani, sendiherra Kenía hjá Sameinuðu þjóðunum, heiminn í mikilvæga kennslustund um sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Þessi grundvallarregla, sem fengið hefur sess í öndvegi helstu mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna, kveður á um sameiginlegan rétt fólks sem tilheyrir sömu þjóðinni til að ákveða stjórnmalalegar aðstæður sínar og stjórna efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun sinni sem frjálst fólk.

Kenía á sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og var Martin, eins og aðrir fulltrúar í ráðinu, boðaður á fund þess í fyrrinótt vegna brota Rússlandsforseta á alþjóðalögum með yfirlýsingu um viðurkenningu á sjálfstæði tveggja héraða í Úkraínu.

„Þetta ástand er bergmál sögu okkar. Kenía og næstum öll Afríkuríki urðu til við fall heimsveldis. Landamæri okkar voru ekki dregin af okkur sjálfum heldur af fjarlægum nýlenduherrum í London, París og Lissabon, án nokkurs tillits til þeirra fornu þjóða sem þar með voru klofnar í sundur,“ sagði Kimani á fundi ráðsins.

Ahrifin eru sú að samlandar sem eiga sameiginlega sögu, menningu og tungu dreifast þvers og kruss um lönd Afríku. En hefðu þjóðir Afríku valið á sínum tíma að krefjast sjálfstæðis á grundvelli sameiginlegs kynþáttar, trúarbragða eða annarra sameinandi þátta, ættu þær eflaust allar í blóðugri baráttu ennþá, áratugum síðar, að mati Kimani.


„Við ákváðum að setta okkur við landamærin sem við erfðum og vinna frekar að uppbyggingu efnahags- og stjórnmalasamstarfs um álfuna, í stað þess að stofna ríki með augun á baksýnispeglum fortíðarþrárinnar,“ sagði hann. Afríkubjóðir hafi valið að fylgja grundvallarreglum Sambands Afríkuríkja og Sameinuðu þjóðanna, ekki vegna þess að þær væru sáttar við þau landamæri sem þegar voru mörkuð, heldur vegna þess að íbúar álfunnar ættu háleitari vonir sem aðeins gætu raungerð með friði.

En Martin Kimani tók ekki aðeins til máls í því skyni að fordæma brot Rússa gegn alþjóðalögum, heldur einnig til að deila áhyggjum landa sinna af skeytingarlausri brotastarfsemi stórþjóða á undanförunum áratugum.

Það er ekki aðeins skeytingarleysi Rússa gagnvart alþjóðalögum sem skapað hefur þann vanda sem uppi er í Austur-Evrópu, heldur einnig skeytingarleysi stórvelda áratugum saman, fyrst gagnvart sjálfsákvörðunarrétti þjóða og svo gagnvart þeim reglum sem settar hafa verið í því skyni að tryggja frið í heiminum. ■

Hefðu þjóðir Afríku valið að krefjast sjálfstæðis á grundvelli sameiginlegs kynþáttar, trúarbragða eða annarra sameinandi þátta, ættu þær eflaust allar í blóðugri baráttu ennþá.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Húsaskipti

Alþekkt er að íþróttalið skiptist á leikmönnum í alls konar boltaíþróttum og eru dæmi þess að einn og sami maðurinn hafi farið svo oftlega á milli liða að á enda ferilsins hafi hann engan veginn getað áttað sig á með hvaða liði hann væri að spila. Fátíðara er að félög af þessu tagi skiptist á heilu og hálfu íþróttahúsunum, en það gekk hressilega eftir í gær þegar uppblásna Hamarshöllin í Hveragerði hóf sig á loft með nokkrum tilþrifum og endaði flugið, að sögn, í Vestmannaeyjabæ eftir að hafa hringsnúist í háloftunum á milli lands og eyja. Það er bragur að þessari nýjung og er hér vitaskuld komin hugmynd fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna að því að laga aðstöðunum.

Rígurinn

Ekki er vitað til þess að einhver rígur sé á milli Hvergerðinga og Eyjamanna, svo öðru fremur verður að líta á þessi óvæntu húsaskipti sem vinnuhót hjá stöllum Aldísi Hafsteinsdóttur og Írisi Róbertsdóttur sem stýra hvor sínum bænum með bravör. En hitt er algerlega á hreinu að rammasti rígur er á milli Hvergerðinga og Selfyssinga og birtist hann núna í tillögu Hvergerðinga um að ökgjaldid yfir nýja Ölfusárbrú eigi að vera lægra í austurátt en til baka, það eigi eðlilega að vera dýrara fyrir Selfyssinga að heimsækja Hvergerðinga en öfugt. ■

Nútímalegt lýðræði



Þórdís Lóa
Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar
í Reykjavík

Á bak við skemmtilegt og opið samfélag er heilbriggt lýðræði. Við viljum öll hafa eitthvað að segja um það hvernig samfélagi okkar er stýrt og hvernig hagsmunum okkar er best varið. Með tímanum breytast kröfur til lýðræðisins, þótt grunnurinn sé alltaf sá sami. Landslagið í íslensku ríkisráði hefur tekið stakkaskiptum síðan á seinustu öld og tel ég það vera í takt við þær kröfur sem nútímamanneskjan hefur til stjórnvalda. Tími fjórflökkanna er liðinn – við viljum margar raddir, við viljum samstarf, skodanaskipti og málamiðlanir.

Meirihlutinn í borginni er gott dæmi um hvernig þetta getur virkað. Við unnum gott samkomulag í upphafi kjörtímabilsins sem byggir á skýrri sameiginlegri sýn á framtíð og þróun borgarinnar. Það þýðir ekki að við séum öll eins og sammála um allt, það er af og frá. Meirihlutinn saman stendur af ólíkum flokkum með ólíka einstaklinga innbyrðis en í því felst einmitt styrkurinn okkar. Við ræðum opinskátt saman um þau málefni sem aðgreina okkur og komumst að sameiginlegri niðurstöðu. Við erum, hvert og eitt í meirihlutunum, samkvæm okkar gildum og ýtum á þau málefni sem við brennum fyrir. Og nákvæmlega þannig er vænlegast að vinna að hagsmunum borgarbúa.

Við í Viðreisn höfum verið óþreytandi að tala máli einkaframtaksins og atvinnulífsins, ýta á eftir því að bilið verði brúað milli fæðingarorlofs og leikskóla og leitað leiða til að bæta þjónustu borgarinnar með stafrænum skrefum. Allt þetta, og fleira, hefur verið á forgangslista okkar á meðan við leggjum áherslu á yfirvegaða fjármála-stjórnun. Aðrir flokkar hafa haft aðrar áherslur og hefur okkur tekist að stýra skútunni með samvinnu að leidarljósi.

Framtíðin leynist í samvinnu marga flokka og við sem leiðum þá vinnu verðum að búa yfir þeirri yfirsýn sem þarf til að sú samvinna beri árangur. Með þekkingu og reynslu í farteskinu langar mig að byggja frjálst og réttlátt borgarsamfélag. ■

Við erum, hvert og eitt í meirihlutunum, samkvæm okkar gildum og ýtum á þau málefni sem við brennum fyrir.



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi, Fljótshlíð, föstudaginn 18. mars 2022 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykktu félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfund þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skulu hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykktu félagsins.

Reykjavík, 17. febrúar 2022.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 23. febrúar 2022



Of mikið salt í matnum er hættulegt heilsunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Minna salt heilsunnar vegna

thordisg@frettabladid.is

Íslendingar neyta meira af salti en ráðlagt er – en margir vita ekki af því. Mælt er með að fullorðnir neyti ekki meira en sem nemur 6 grömmum af salti á dag.

Með því að minnka saltneyslu má draga úr hækkun blóðþrýstings, en háþrýstingur er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Mest eru áhrifin hjá þeim sem eru með of háan blóðþrýsting og hjá þeim sem eru yfir kjörþyngd en einnig má með því að minnka saltneyslu draga úr blóðþrýstingshækkun sem yfirleitt fylgir hækkandi aldri.

Hvaðan fáum við salt?

Mest af salti er dulið í tilbúnum matvörum og koma um 75 prósent salts úr tilbúnum matvælum; að stærstum hluta kjötvörum, brauðum, ostum, sósnum og súpum.

Hægt er að draga úr saltneyslu með því að:

Velja lítið unnin matvæli, en tilbúnir réttir, pakkasúpur og -sósar eru yfirleitt saltrík.

Takmarka notkun salts við matargerð og borðhald. Vert er að taka fram að tegund salts skiptir ekki máli, NaCl úr hvaða salti sem er getur hækkað blóðþrýsting, og athugið að margar kryddblöndur eru saltríkar.

Venja bragðlaukana við minna salt og það er hægt að gera án þess að það komi niður á bragðupplifun.

Lesi á umbúðir og vanda valið við innkaupin.

Velja vörur merktar skrárgatínu.

Heimild: heilsuvera.is ■

Allt er hægt með jákvæðni og trú á sjálfum sér

Helgi Laxdal Aðalgeirsson var kjörinn fimleikakarl ársins 2021. Hann ætlar sér stóra hluti á næstu árum en fátt annað kemst að í lífi hans en fimleikar. **2**



Skagamaðurinn Helgi Laxdal Aðalgeirsson var kjörinn fimleikakarl ársins 2021 af Fimleikasambandi Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILBRIGÐ
MELTING

Góðgerlar,
meltingarensim,
jurtir og trefjar



www.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar



Starri Freyr
Jónsson
starri
@frettabladid.is

Skagamaðurinn Helgi Laxdal Aðalgeirsson átti stóran þátt í glæsilegum árangri íslenska karlalandsliðsins á Evrópumeistaramótinu í hópímleikum sem fór fram í Portúgal í desember 2021. Karlalandsliðið vann til silfurverðlauna á mótinu og var Helgi valinn í úrvalslíð mótsins en hann vann meðal annars það afrek að framkvæma stökk á dýnu sem hefur aldrei áður verið framkvæmt í slíkri keppni. Undir lok síðasta árs var hann svo kjörinn fimleikakarll ársins af Fimleikasambandi Íslands. Framtíðin er því svo sannarlega björt fyrir þennan 22 ára fimleikamann sem ætlar sér stóra hluti í fimleikum á næstu árum.

Helgi byrjaði að æfa fimleika fimm ára gamall og hefur alltaf verið heillaður af íþróttinni. „Ég elska að vera í lausu lofti og vera á hvolfi. Að geta hoppað svona hátt og stjórnað þér í loftinu er svo góð tilfinning. Það er líka mikill agi í fimleikum sem ég þurfti á að halda og svo auðvitað mikil hreyfing sem var nauðsynleg fyrir mig þegar ég var lítill strákur.“

Hann segir fimleikafólk líka vera ótrúlega gott fólk upp til hópa. „Það er alltaf svo gott andrúmsloft í fimleikasölum og engin leiðindi í gangi. Stemmingin á æfingum er alltaf góð en þar blandast saman skemmtileg tónlist, dans, liðleiki og æfingar fyrir alla vöðva líkamans. Íþróttin hefur lengi vel þótt svolítið alvarleg en það er allt að breytast enda eiga fimleikar að vera skemmtilegir.“

Byrjaði að ganga á höndum

Pabbi Helga var alltaf mikil fyrirmynd að hans sögn. „Allt sem hann gerði fannst mér vera geggjað. Þegar ég var þriggja ára sýndi hann mér til dæmis hvernig ætti að labba á höndum. Þá stóð ég upp byrjaði sjálfur að labba á höndum eins og ekkert væri. Stuttu síðar fór fjölskyldan í útlegu þar sem ég labbaði út um allt á höndunum. Einhver kona sá mig og sagði þannig að foreldrar mínir heyrðu: Þessi strákur ætti að vera í fimleikum. Þannig að foreldrar mínir settu mig í fimleika stuttu síðar og þar hef ég verið í 18 ár.“

Um svipað leyti og Helgi hóf að æfa fimleika á Akranesi voru margir vinir hans og félagar í fimleikum. Þeim fækkaði þó jafnt og þétt þar til þeir strákar voru eftir. „Það truflaði mig svo sem ekki mikið enda þótti mér svo gaman í fimleikum. Hins vegar var ekkert lið fyrir okkur strákana á Akranesi og því þurftum við að keppa með stelpuliðinu en sumar þeirra voru fjórum árum eldri en við.“



Helgi Laxdal Aðalgeirsson er 22 ára og hefur æft fimleika frá fimm ára aldri. Í dag keppir hann fyrir Stjörnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Íslenska karlalandsliðið í hópímleikum náði silfri á Evrópumeistaramótinu í Portúgal í desember.

Það er alltaf svo gott andrúmsloft í fimleikasölum og engin leiðindi í gangi.

NÁTTÚRULEGAR ANDLITSVÖRUR FYRIR HUGSANDI KONUR

UNDUR RÓSARINNAR

- Andlitskrem fyrir þroskaða húð
- Nærandi
- Rakagefandi
- Vitamínrikt
- Andoxunaríkt
- Dag og næturkrem

AUGNKREM

- Fyrir allar húðgerðir
- Sefandi
- Húðstyrkjandi
- Dregur úr þröta og þreytumerkjum

www.purityherbs.is

Purity Herbs vörurnar fást í öllum helstu apótekum og á vefsíðunni okkar www.purityherbs.is

Annað heimili í strætó

Svo kom að þeim tímamarki að Helgi og vinur hans Logi urðu að velja annað félag þar sem aðstaðan á Akranesi bauð ekki upp á frekari framfarir og æfingar. „Við prófuðum fyrst Gerplu í Kópavogi sem var alveg geggjað en að lokum varð Stjarnan í Garðabæ fyrir valinu. Þá fóru hlutirnir heldur betur að gerast og ég lærði nýtt stökk á hverri æfingu. Á þeim tíma voru þeir danskir þjálfarar hjá félaginu sem vissu allt um fimleika, þar á meðal landsliðsþjálfarinn minn, Henrik Pilgaard, sem á hvað mestan þátt í velgengni minni.“

Fyrstu árin hjá Stjörnunni voru krefjandi fyrir þá féлага en þeir voru ekki komnir með bílpróf og þurftu að ferðast á milli með strætó. „Við tókum strætó fjórum til fimm sinnum í viku, frá Akranesi til Garðabæjar. Þetta voru um þrjú klukkutímar á dag, bara í ferðalög. Þá daga sem voru æfingar kláruðum við skóladaginn, tókum strætó þar sem við borðuðum og kíktum í skólabækurnar og tókum stundum

smá blund á leiðinni heim. Við áttum því eiginlega annað heimili í strætó nr. 57 á þessu tíma en það breyttist svo þegar við fengum bílpróf.“

Metnaðurinn eykst

Fyrst stórmótið sem Helgi tók þátt í var Evrópumeistaramótið sem haldið var hér á landi árið 2014.

„Þar lentum við að vísu í síðasta sæti en eftir það mót kom gríðarlegur metnaður í mig. Ég ætlaði mér að verða bestur og taka þátt í sem flestum stórmótum. Nú hef ég tekið þátt í fjórum Norðurlandamótum og fjórum Evrópumótum en það fimmta verður haldið síðar á þessu ári.“ Helgi komst í úrvalslíð EM eins og fyrr segir og er hann fyrsti íslenski karlmaðurinn til að hljóta þann heiður. „Nú langar mig að komast aftur í úrvalslíð á EM. Það er auðvitað ótrúlega erfitt en það er allt hægt með jákvæðni og trú á sjálfum sér. Svo langar mig að taka erfiðari stökk sem er næstum ómögulegt að framkvæma. Það er auðvitað rosalega hættulegt en um leið svolítið svalt.“

Nú langar mig að komast aftur í úrvalslíð á EM. Það er auðvitað ótrúlega erfitt en það er allt hægt með jákvæðni og trú á sjálfum sér.

Lítill tíma utan fimleikanna

Fimleikaæfingar og þjálfun samhliða þeim taka eðlilega stóran hluta hvers dags hjá Helga sem segist varla þekkja annað. „Það er eðlilega lítill tími utan fimleikanna en utan þeirra á ég mér auðvitað eitthvert líf. Þjálfun gefur mér mjög mikið og það er frábært að vinna með börnum. Líklegast mun ég halda því áfram lengi. Ég er líka mikil félagsvera og á marga góða og fallega vini sem ég hef eðlilega ekki alltaf tíma til að sinna en ég veit að þeir eru alltaf til staðar. Svo á ég frábæra fjölskyldu sem styður mig og ég elska þau óendanlega fyrir það.“

Byggingariðnaður

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 23. febrúar 2022

Kynningar: Húsasmiðjan, Áltak, BYKO, Íslandslyftur, Element, Malbikstöðin, Fanntófell, BM Vallá, Ísbú, Málning, Landstólpi.



Jón Þórir Þorvaldsson segir áhuga aukast ört hjá verkþökum, fyrirtækjum og stofnunum á því að velja vottuð umhverfsvænni hráefni í byggingarverkefni.

MYND/ADSEND

Húsasmiðjan á undan grænu kúrfunni

Jón Þórir Þorvaldsson hóf störf sem verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála á Fagsölusviði Húsasmiðjunnar í september síðastliðnum. Hann segir starfið spennandi enda séu örar breytingar á þessu sviði í byggingariðnaðinum. **2**

Húsasmiðjan hefur undanfarin ár unnið stöðugt að því að stuðla að aukinni sjálfbærni og umhverfis-sjónarmiðum innan fyrirtækisins. „Hér hafa færir einstaklingar unnið gott starf í þágu umhverfisins en lengi má gott bæta. Þetta er því ný staða hjá fyrirtækinu sem ég hef fengið heiðurinn af því að móta á síðustu mánuðum,“ segir Jón Þórir sem hefur meistaraþróf frá Svíþjóð í umhverfisverkfræði með sérhæfingu í greiningu umhverfis-kerfa. „Mitt fyrsta verkefni var að setja mig inn í málin, skoða stöðu Húsasmiðjunnar með tilliti til umhverfsvottaðra vara, sem hlaupa á þúsundum vörunúmera, flestar í byggingarvörunum. Þá hef ég skoðað hvernig úrvalið okkar lítur út, hvernig við erum að kynna þessar vörur og finna út hvar við getum bætt okkur ásamt því að miðla þekkingu áfram til viðskipta-vina okkar,“ segir Jón.

Frumskógur umhverfsvottana

„Þegar ég byrjaði fann ég fljótt út að ég þurfti að ná mér í meiri þekkingu á þessu sviði enda er þetta frumskógur sem getur verið flókið fyrir leikmenn að rata um. Ýmsir aðilar bjóða upp á ólíkar vottanir er snúa að umhverfissjónarmiðum, sjálfbærni og þar sem þarf að sýna fram á ákveðna hámarkslosun og/ eða uppgufun efna og þar fram eftir götunum. Breeam og Svansvottun eru mest notuðu umhverfsvottanirnar fyrir byggingar eða byggingarferla á Íslandi í dag. Allt sem er Svansvottað má eins og orðið gefur til kynna, sjálfkrafa nota í Svansvottuð verkefni, en það þýðir ekki endilega að Svansvottaðar vörur uppfylli kröfur Breeam. Að auki getur verið mismunur á kröfum milli landa, til dæmis í Breeam. Svo er líklegt að fleiri vottanir muni bætast við á komandi árum.

Við viljum geta auðveldað okkar viðskiptavinum þetta ferli með faglegri ráðgjöf. Ég fór meðal annars á námskeið á vegum Húsasmiðjunnar í Breeam AP sem er ein elsta umhverfsvottun sem notuð er í heiminum. Við viljum geta veitt viðskiptavinum okkar víðeigandi ráðgjöf varðandi mismunandi Breeam staðla og kröfur.“ Að sögn Jóns er einnig mikilvægt að miðla þessum upplýsingum til starfsfólks Húsasmiðjunnar. „Innan fyrirtækisins starfa um 500 manns og augljóslega snertir þetta svið ekki alla starfsmenn. En það er þó mikilvægt að þeir sem vinna með viðskiptavinum okkar búi yfir ákveðinni grunnþekkingu,“ segir Jón Þórir.

Grænar og vænar vörur

Húsasmiðjan kappkostar að bjóða upp á grænni og umhverfisvænni valkosti í öllum vöruflokkum. „Við höfum tekið saman allar vörur okkar sem uppfylla ákveðna umhverfisstaðla eða eru með þriðju aðila vottun eins og Svansvottun, Bláa engilinn og fleira, og sett undir skilgreininguna „Grænar vörur“ á vefsíðunni okkar, í Húsasmiðju-appinu og í verslunum. Einnig fylgja nákvæmari upplýsingar um hvernig vörurnar uppfylla viðkomandi staðla og hvaða vottun sú vara er með. Þetta er gert til að einfalda viðskiptavinum okkar valið og að sama skapi kynna fyrir þeim valkosti sem eru betri fyrir umhverfið. Umhverfissvottaðar vörur eru jafnframt ekki endilega dýrari en aðrar vörur og það að varan sé vottuð af þriðja aðila á einhvern hátt getur gefið framleiðanda forskot á markaði. Það er líka gott fyrir neytendur að samkeppni aukist á þessu sviði því það stuðlar einnig að því að þeir geti valið umhverfisvænni vöru á lægra verði.“

Græn og metnaðarfull markmið Húsasmiðjunnar

„Til þess að geta veitt viðskipta-



Þetta fallega hús við Þingholtsstræti 35 er fyrsta uppgerða Svansvottaða húsið á Íslandi. Breyting ehf. stóð fyrir breytingunum í samstarfi við Húsasmiðjuna. Hægt er að nálgast allar vörur sem notaðar voru í verkefnið á heimasíðu Húsasmiðjunnar.



Verslunin að Kjarlövgi er útbúin fjórum hleðslustöðvum fyrir rafbíla.



Jón Þórir hóf störf sem verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála á Fagsölusviði Húsasmiðjunnar í september síðastliðnum.

MYNDIR / AÐSENDAR

vinum okkar grænni og umhverfisvænni valkosti í öllum vöruflokkum hef ég meðal annars sett mig í samband við framleiðendur og birgja sem við verslum við víða um heim. Þá hef ég kynnt fyrir þeim valmöguleika sem þeim stendur til boða þegar kemur að því að fá vörur sínar Svansvottaðar, leyfilegar til notkunar í Svansvottuðum verkefnum eða við uppfyllingu annarra staðla. Við viljum vera staðsett fyrir framan kúrfuna en ekki á eftir henni.

Meðal annars er meirihluti málningar sem við seljum Svansvottaður og við höfum unnið mörg metnaðarfull verkefni með viðskiptavinum okkar sem gerir okkur betur í stakk búin að vinna að vistvænum byggingum og útvega nánast allt efni í verkefnið. Gott dæmi um Svansvottunarverkefni þar sem við vorum aðal-samstarfsaðili er fyrsta uppgerða Svansvottaða húsið á Íslandi, hið fallega íbúðarhús að Þingholtsstræti 35 sem var bæði lærdómsríkt og spennandi verkefni. Á heimasíðu okkar er til dæmis hægt að finna rafrænan vörubækling með helstu vörum sem þarf í Svansvottaðar byggingar.

Við finnum fyrir auknum áhuga verktaka á því að byggja í samræmi við staðla Svansins eða Breeam. Rannsóknir sýna fram á að víða erlendis eru aukin verðmæti fölginn í byggingum sem eru vottaðar. Reykjavíkurborg og ríkið hafa meðal annars sett aukna áherslu á að verkefni á þeirra vegum uppfylli staðla Breeam að hluta eða séu vottuð samkvæmt Breeam stöðlum. Sama gildir um verktaka eins og til dæmis Jáverk sem vinna mikið með Svansvottuð verkefni. Margir framleiðendur með flottar vörur velja þó að Svansvotta ekki vörurnar sínar þar sem það fylgir því ákveðinn kostnaður. Í þeim tilfellum höfum við bent á að oft þarf lítið aukalega eða jafnvel ekkert til þess að fá vöruna leyfilega til notkunar í Svansvottuðum verkefnum.

Almennir neytendur verða líka sífellt meðvitaðri, en rannsóknir sýna að 50% fólks sem kemur inn í byggingavöruverslun leitar sérstaklega eftir grænum vörum. Ef verðið er sambærilegt þá er fólk enn líklegra til að velja umhverfisvænni kostinn.“

Stafræn og græn þróun

Húsasmiðjan hefur á undanförunum árum verið á öflugri stafrænni vegferð. „Hún á bæði við um fyrirtækið sjálft og viðskiptavinum okkar. Við höfum í auknum mæli skipt út reikningum frá birgjum og framleiðendum á pappírformi yfir í rafrænt form. Sama gildir um reikninga til viðskiptavina. Í vefversluninni er auðvelt að finna umhverfisvænar vörur og Húsasmiðjuappið gengur jafnvel enn lengra. Það býður upp á greinar-góðar upplýsingar um allar okkar vörur um hvort þær séu „grænar“ eða ekki, og líka hvernig þær skilgreinast undir „græna vöru“. Í appinu má einnig stofna reikning, greiða beint eða setja í reikning,

skrá á verk og fleira, raunar allt sem hægt er að gera hjá sölufulltrúa, og fá allt sent rafrænt. Það sparar töluvert af pappír sem annars væri allur prentaður út. Við hvetjum því alla okkar viðskiptavini til að ná í Húsasmiðjuappið og nýta sér upplýsingarnar og auðvitað sjálfsafgreiðsluna þegar verslanir okkar eru heimsóttar,“ segir Jón.

Kolefnissporið og Klappir

Húsasmiðjan hefur í samstarfi við Klappir tekið út kolefnisspor fyrir-tækisins inn á við. Að sögn Jóns hefur Húsasmiðjan mælt kolefnisfótspor starfseminnar um árabíl og er komið mjög langt í þessu ferli. Fyrirtækið hefur birt opinbert samfélagsuppgjör frá 2019. „Við höfum einnig unnið samfélags-skýrslu í samstarfi við móður-fyrirtæki okkar BYGMA árlega síðan árið 2017 en í fyrra kom sú skýrsla jafnframt út á íslensku. Í ár stefnum við að því að gefa út okkar eigin sérstöku skýrslu fyrir Húsasmiðjuna líka. Í dag erum við með kerfi Klappa að fylgjast með kolefnislosun, rafmagnsnotkun, heitu og köldu vatni, magni úrgangs og hlutfalli flokkaðs úrgangs, jarðeldsneyti á bíla, lyftara og önnur tæki og fleira. Nýlega bættum við inn kolefnislosun frá flugi og munum bæta við enn fleiri þáttum í framtíðinni.

Við höfum lækkað mælda heildarlosun koltvísyringsgilda frá starfseminni um 16% frá árinu 2019 með hinum ýmsu aðferðum.

Vörulisti Húsasmiðjunnar yfir vistvænar byggingarvörur gefur innsýn í vöruúrval Húsasmiðjunnar af vistvænum vörum sem eru leyfðar í Svansvottuð byggingarverkefni.

Meðal annars höfum við skipt út nánast öllum lyfturum okkar fyrir rafmagnslyftara og fjölgað rafmagnsbílum. Við höfum einnig dregið úr magni úrgangs sem verður til hjá fyrirtækinu og unnið stöðugt í að auka hlutfall flokkaðs sorps sem fer frá fyrirtækinu. Einnig höfum við skipt út ljósum í verslunum og öðrum byggingum yfir í led-ljós. Það er auðvitað kostnaður í því að taka þetta skref, enda kosta led-ljós meira en hefðbundin ljós. Á móti kemur að led-perur nota 85% minni orku en glóperur, sem telur ótrúlega hratt í rekstrarkostnaði. Jafnframt hafa rekstrarstjórar farið í að slökkva á tækjum og búnaði sem eru óþörf á nóttunni. Þetta geta virkað eins og lítil skref en það telur mjög mikið að loft-ræstikerfi sé ekki í gangi að óþörfu á nóttunni.

Húsasmiðjan er með nokkur hleðslustæði fyrir rafmagnsbíla í verslun sinni í Kjarlövgi og það stendur til að vera með fjölda hleðslustöðva í nýrri verslun Húsasmiðjunnar á Akureyri sem verður opnuð fljótlega. Þar af verður ein hraðhleðslustöð. Við munum jafnframt leggja áherslu á að nota umhverfisvænni vörur og byggja á ákveðnum áherslum í umhverfsvottunum. Að auki höfum við kolefnisbundið losun í samstarfi við Kolvið og Votlendissjóð.“

Jón Þórir Þorvaldsson, er staðsettur í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á fagsölusviði og veitir þar meðal annars ráðgjöf til viðskiptavina við val á umhverfisvænum byggingarvörum og byggingarlausnum. ■

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Húsasmiðjunnar, husa.is. Þar má einnig nálgast Húsasmiðjuappið.

ÞG VERK ER TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI
MEÐ YFIR 20 ÁRA REYNSLU

ÞG VERK



Framúrskarandi
fyrirtæki

ÞG Verk er með yfir 500 íbúðir í byggingu

í Reykjavík, Kópavogi,
Garðabæ, Hafnarfirði
og Akranesi

Áhugasamir hafi samband við | hrefna@tgverk.is - s: 534 8400 - tgverk.is



Starri Freyr
Jónsson
starri
@frettabladid.is

Margvísleg verkefni biða nýútskrifaðra byggingafræðinga hér á landi. Starfsmöguleikar eru góðir og dreifast nemendur vel út í byggingarbransann og í hliðargreinar tengdar honum.

Byggingafræðingar fást við margvísleg verkefni í starfi sínu, til dæmis hönnun nýbygginga og endurgerð gamla húsa, kostnaðarmat, gerð raunteikninga, samningagerð við verktaka, hönnun eldvarna og hljóðeinangrunar, svo nokkur þeirra stærru séu talin upp.

Háskólinn í Reykjavík (HR) er eini háskólinn hér á landi sem kennir byggingafræði en útskrifaðir nemendur öðlast BSc-gráðu í byggingafræði og löggilt starfsheiti sem byggingafræðingur, að sögn Viggós Magnússonar, byggingafræðings og námsbrautarstjóra BSc-náms í byggingafræði við HR.

Hann segir starfsmöguleika útskrifaðra byggingafræðinga vera ansi mikla og hafi nemendur verið að dreifast vel út í byggingarbransann og í hliðargreinar tengdar honum. „Stærstur hlutinn hefur þó farið í að vinna á arkitektastofum við hönnun, verkfræðistofum við eftirlit og útboðsmál og hjá verktökum við verkefnastjórnun. Ákveðinn hluti nemenda hefur farið til byggingarfulltrúaembættanna, í tryggingafélög, til söluaðila með byggingarefni auk þess að starfa sjálfstætt á hinum ýmsu stigum byggingarferilsins.“

Svipuð verkefni en ný verkfæri

Að hans sögn er yngri kynslóðin ekki að fást við önnur störf endilega en eldri kynslóðir, en er kannski að takast á við sömu störf í grunninn með nýjum verkfærum, aðferðafræði og tækni sem ekki var til staðar áður. „Stafrænn byggingariðnaður er alltaf að verða meira og meira raunverulegur og við erum að sjá að með yngra fólki sem er að koma ferskt út úr skólum er þetta að „fasast“ saman, það er, gömlu góðu aðferðirnar og svo nútíma tækni og möguleikar henni tengdir. Þrívíddarhönnun, samræming milli fagsviða, eftirfylgni, magntaka og rafrænt eftirlit á verkstað er alltaf að verða betra og bransinn er að njóta góðs af. En um leið verða eðlilega til einhver ný störf á sama tíma og eldri störf þróast í takt við þessa öru innleiðingu á stafrænni tækni.“

Verkefnamiðað nám í forgrunni

Nám í byggingafræði gengur út á að mennta fólk til að geta starfað sem öflugir byggingafræðingar á fjölda sviða í byggingariðnaðinum og í störfum tengdum honum, segir Viggó. „Áherslur námsins ganga helst út á að mennta

Nemendur gleyma sér í gleðinni



Viggó Magnússon, námsbrautarstjóri BSc-náms í byggingafræði við HR og starfandi byggingafræðingur og eigandi hjá Arkis arkitektum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

verðandi byggingafræðinga í gegnum svokallað PBL (Project Based Learning) eða verkefnamiðað nám. Þar eru verkefni sem næst raunveruleikanum og eru miðpunktur hvers námskeiðs fyrir sig. Svo er fræðilegi þátturinn inni í verkefninu í formi hliðarnámskeiða þegar þörf er á og passar gagnvart verkefnisvinnslunni.“

Dæmigert verkefni í námskeiði er þannig að nemendur fá lóð ásamt skipulagsgögnum fyrir mismunandi stór og flókin verkefni sem þeir eiga að að hanna frá grunni og klára, en mislangt í ferlinu allt eftir því á hvaða önn þeir eru. „Þar er skotið inn greinum eins og arkitektúr, skipulagsmálum, teiknikennslu á Revit-teikniforritið, BIM-aðferðafræðinni, burðarþoli, lagnafræði, byggingareðlisfræði, hljóð- og brunafræði og fleira, allt miðað að því að það nýttist beint í aðalverkefni annarinnar. Einnig er verið að kenna stjórnun og skipulag, gæðastjórnun, lögfræði og framkvæmdafræði en í mismiklum mæli eftir önnum.“

Námið þroskast með tímanum

Frá því að nám í byggingafræði við HR hófst um 2010 hefur form námsins haldið sér að mestu leyti en um leið má segja að það hafi þroskast með tímanum, segir Viggó. „Við erum alltaf að skoða okkar vinnu og reyna að straumlínulaga. Á síðasta ári var til dæmis gerð breyting á inntöku og uppbyggingu fyrri hluta námsins. Breytingin var sú að nú er nemendum boðið upp á að skrá sig beint inn í byggingafræði en þurfa ekki að skrá sig fyrst í byggingariðnaði og færa sig síðan yfir eins og var fyrir þann tíma. Byggingafræðin og byggingariðnaði er samkeyrð að einhverju leyti samt, en þau sem skrá sig í byggingafræðina beint þurfa ekki að taka lokaverkefni í byggingariðnaði til þess að komast áfram, en halda

áfram upp annirnar í byggingafræðinni uns þau útskrifast með BSc-gráðu í byggingafræði. Þannig fáum við inn breiðari hóp nemenda; iðnaðarmenn, stúdenta, tækniteknara og nokkuð hefur verið um að fólk sé að koma inn úr öðrum háskólum og eða úr hönnunarnámi.“

Þess utan eru stjórnendur námsins stöðugt að aðlaga sig nýjum verkfærum, teikni- og reikniforritum og uppfærslum eða nýjum útgáfum af aðferðafræði.

Sérhæfing mun aukast

Viggó sér fyrir sér að námið muni þróast enn frekar á næstu árum, í þá átt að bjóða upp á meiri sérhæfingu. „Með meiri aðsókn og óskum frá starfsumhverfinu verðum við að finna leiðir til að gefa nemendum möguleika á að sérhæfa sig meira en hefur verið hægt hingað til. Það er reyndar í umræðunni í Danmörku að hætta sé til staðar á að missa þann strúktúr sem námið hefur verið byggt upp í kring um út um víðan völl ef það á að sérhæfa það mikið meira. Byggingafræðin hefur frá upphafi verið byggt upp sem „generalista“ fag, meira en „specialista“ – eða alfræði meira en sérfræði, meiri breidd og minni djúpt, ef hægt er að lýsa því þannig.“

Hann segir kennara við HR oft spurða um hver munurinn sé á byggingafræði og byggingatækni-fræði. „Svarið liggur einmitt í því að byggingatækni-fræðingar fara dýpra í þrengri efnisá meðan byggingafræðingar fara yfir breiðara svið en ná ekki að fara eins djúpt, meðal annars í tengslum við burðarþol, lagnafræði og fleira.“

Nemendafjöldi í byggingafræði hefur verið mjög vaxandi hjá HR frá því Viggó hóf að kenna þar 2012. „Sem dæmi voru þrjár nemendur hjá okkur á einni af fyrstu önnunum. Fjöldun nemenda hefur þó verið stöðug og erum við komin á þann stað að við urðum að takmarka inntöku síðastliðið haust,

” Nemendur sem koma úr námi í byggingafræði eru tilbúnir í það sem biður þeirra þegar þeir koma út í atvinnulífið.

en þá sóttu rúmlega hundrað manns um þau fjórtíu pláss sem voru í boði.“

Dýnamískt fag

Það er ýmislegt skemmtilegt og áhugavert við námið sem margt fólk áttar sig vafalaust ekki á, segir Viggó. „Það er klárlega þessi verkefnamiðaða og breiða nálgun á námið sem við erum að vinna með. Nemendur gleyma sér í gleðinni við að leysa annars mjög erfið verkefni vegna þess að þau eru það raunveruleg og fjölbreytt. Svo er byggingarbransinn, þrátt fyrir oft á tíðum mikinn barlóm og neikvæðar fréttir, dýnamískur og mikið um að vera í kringum hann. Nemendur sem koma úr námi í byggingafræði eru tilbúnir í það sem biður þeirra þegar þeir koma út í atvinnulífið. Það er einmitt vegna þeirrar nálgunar í náminu að gera sem flest verkefni eins raunsönn og kostur er, og gefa þar með nemendum kost á því að undirbúa sig samhliða náminu undir að starfa frá fyrsta degi sem fullgildir starfskraftar. Auðvitað þarf alltaf einhverja aðlögun, en þau viðbrögð úr atvinnulífinu sem við höfum fengið við okkar nemendum eru almennt í þessa áttina.“ ■

” Stafrænn byggingariðnaður er alltaf að verða meira og meira raunverulegur.

ALTAK

AKUART

Skreyttu með hljóðvist.
Buðu til þitt eigið ífsta verk
og bættu hljóðvistina í leiðinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar
í síma 577-4100 eða sendu
okkur tölvupóst á altak@altak.is

www.altak.is

Okkar bestu hliðar!

VEDDINGE framhliðar
B40×H40 cm

2.150,-/stk.

METHOD línan fullnýtir plássið í eldhúsinu þar sem þú getur aðlagð hana að rýminu. Veldu úr breiðu úrvali af framhliðum í mismunandi stíl og innvolsi sem færir þér gott skipulag.

Nýttu þér aðstoð fyrirtækjaþjónustu IKEA sem er skipuð fólki sem þekkir vöruúrval og þjónustu IKEA best og veitir faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

LYSEKIL
veggplötur

4.950,-/stk.

VEDDINGE framhliðar
B60×H40 cm

2.350,-/stk.



Verslun opin **11-20** alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)

Ráðgjöf um viðhald eldri húsa

Húsverndarstofa er rekin í samvinnu Borgarsögusafns Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands og Iðunnar fræðsluseturs.

sandragudrun@frettabladid.is


Hægt er að leita ráðgjafar hjá Húsverndarstofu ef fara á í framkvæmdir á gömlum húsum.

Að sögn Ólmu Sigurðardóttur, verkefnastjóra húsverndar hjá Borgarsögusafni, og Maríu Gísladóttur, arkitekts hjá Minjastofnun Íslands, er Húsverndarstofa hugsuð fyrir húseigendur, iðnaðarmenn, arkitekta, námsmenn og allt áhugafólk um byggingarsögu og húsvernd. Þar er hægt að leita ráðgjafar um hvernig best er að bera sig að áður en framkvæmdir hefjast, ræða um tæknilegar útfærslur, skoða litakort og bækur eða fræðast um byggingarsögu. Einnig er hægt að fá upplýsingar um styrki til framkvæmda.

Í Húsverndarstofu starfa sérfræðingar á sviði varðveislu húsa, bæði frá Borgarsögusafni og Minjastofnun Íslands.

„Við þekkjum því bæði til lagarammans og almennrar málsmeðferðar en einnig tæknilegra lausna sem kunna að eiga við mismunandi gerðir húsa frá ólíkum tímum. Og ef við höfum ekki svörin á reidum höndum þá höfum við góð sambönd og getum aðstoðað fólk við að leita svara,“ segir Alma.

Hversu gamalt þarf hús að vera



til að falla undir skilgreininguna gamalt hús?

„Gamalt hús er teygjanlegt hugtak og misjafnt hvaða skilning fólk leggur í það. Húsvernd á Íslandi snerist lengi framan af nánast eingöngu um timburhúsin, viðhald þeirra og varðveislu. Í Húsverndarstofu hefur líka aðallega verið fjallað um timburhúsaarfinn og mjög mikið verið að vinna ofan af breytingum sem gerðar voru á þeim um miðja 20. öld með þá nýtilkomnum efnum og aðferðum sem hafa kannski ekki gefist eins vel og þá var vonast til. En eftir því sem tíminn líður fjölga auðvitað byggingum af öðrum gerðum, yngri húsum og mannvirkjum sem eru að eldast og sífellt fleiri spyrja

út í atriði sem varða steinsteyp t hús frá því um 1920-40,“ segir Alma.

„Bara í síðustu viku barst fyrirspurn vegna húss sem byggt var á 7. áratugnum. Okkur er því ekkert óviðkomandi þegar kemur að húsum og mannvirkjum og reynum eftir bestu getu að ráðleggja fólk.“

Hús 100 ára og eldri friðuð

Á Íslandi gilda lög um menningarminjar þar sem fjallað er um friðlýst, friðuð og umsagnarskyld hús. Friðlýsing er hæsta stig verndunar og felur í sér ákveðið ferli, rökstuðning og ákvörðun sem staðfest er af ráðherra. Hús sem eru orðin 100 ára eða eldri eru sjálfkrafa

friðuð samkvæmt lögunum en þau sem byggð voru árið 1925 eða fyrr teljast umsagnarskyld.

„Þegar kemur að umsagnarskyldum kirkjubyggingum er reyndar miðað við byggingarárið 1940 eða fyrr. Allar breytingar á húsum sem falla undir lög um menningarminjar skulu bornar undir Minjastofnun Íslands og svo fer það eftir stöðu húsanna og flokki hvernig málin eru afgreidd. Breytingar á friðuðum húsum eru þannig háðar samþykki og leyfi Minjastofnunar Íslands og hið sama gildir um friðlýst hús en þá skal stofnunin fyrst leita álits sérstakrar ráðgjafarnefndar, Húsafríðunarnefndar. Vegna breytinga á umsagnarskyldum

Húsverndarstofa veitir ráðgjöf um viðhald gamalla húsa.

MYNDIR/ALMA SIGURÐARDÓTTIR

húsum skal stofnunin veita álit sitt en endanleg stjórnvaldsákvörðun er á höndum byggingaryfirvalda á hverjum stað,“ útskýrir María.

Hverjir leita helst til ykkar?

„Hópurinn sem leitar til okkar er mjög fjölbreyttur. Oftast eru það húseigendur en einnig arkitekta sem koma að hönnun eldri bygginga. Við höldum skrá utan um iðnaðarmenn víðs vegar um landið og getum því leiðbeint fólk til réttra aðila en listinn er auðvitað ekki tæmandi og fólk er frjálst að leita til þeirra handverksmanna sem það óskar. Stundum leita iðnaðarmenn til okkar með vangaeltur um frágang við viðgerðir og breytingar,“ segir María.

„Á heimasíðu Húsverndarstofu, húsverndarstofa.is, og heimasíðu Minjastofnunar Íslands, er að finna gott yfirlit yfir það efni og leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út um viðhald og viðgerðir húsa á Íslandi og víðar. Húsverndarstofa er einnig með Facebook-síðu þar sem við deilum upplýsingum með vinum okkar svo sem þegar opnað er fyrir styrki fyrir húseigendur eða áhugaverðar umfallanir eru um húsvernd,“ bætir hún við. ■

Húsverndarstofa hefur aðsetur í Kjöthúsi á Árbæjarsafni. Ráðgjöf er veitt á Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15.00-17.00. Á sama tíma er veitt símaráðgjöf í síma 411-6333 en einnig er hægt að senda póst á minjavarsla@reykjavik.is.

Hljóðvist, hvað getum við gert?

Stefán Ragnar Magnússon, viðskiptastjóri hljóðvistarlausna hjá Áltaki, segir mikla vitundarvakningu hafa orðið á síðustu árum varðandi hljóðvist hvort sem um ræðir heimili fólks eða vinnuumhverfi.

Slæm hljóðvist skerðir athygli og veldur þreytu hjá fólki án þess að fólk átti sig á orsökum þeirra vanlíðan. Áltak býður upp á fjölmargar lausnir fyrir heimili og vinnustaði og mikil vörubrún hefur átt sér stað á síðustu árum.

„Akuart frá Danmörku er nýtt hjá okkur, Akuart lítur út eins og listaverk í álamma en dúkurinn í rammanum er úr hljóðdempandi efni. Ramminn sjálfur er fánlegur í nokkrum stöðluðum litum, 50 millimetrar að þykkt, og hægt er að hengja hann á vegg eins og málverk. Akuart getur hangið úr lofti og einnig er hægt að nota hann sem skilrúm á hjólum.“

Hægt er að prenta nánast hvað sem er á dúkinn sjálfan og því hefur fólk val um sitt eigið listaverk eða bara einlitt. Það sem er best við þetta er hvað er einfalt að skipta um mynd og hægt að gera það oft. Akuart hentar við næstum allar aðstæður.“


Margir huga að hljóðvist á heimilinu og þá skiptir máli að vörurnar séu fallegar ásýndar og henti inn á heimili. Áltak býður upp á mikið úrval viðarpanela sem slegið hafa rækilega í gegn en panelarnir henta í nánast öll rými. Nokkrar gerðir á borð við eik, hnotu og svart eru til á lager.

Barnaherbergin eru ekki undanskilin frá hljóðvistarlausnum, en með flekum frá Decibel er hægt að hanna og skapa sitt eigið form og útlit á til dæmis veggi í herbergi. Flekarnir koma í ýmsum gerðum og eru límdir á veggi. Margir



Stefán Ragnar Magnússon, viðskiptastjóri hljóðvistarlausna hjá Áltaki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Flekarnir frá Decibel setja skemmtilegan svip á barnaherbergið og bæta hljóðvistina.



Dúkurinn í álammanum frá Akuart er úr hljóðdempandi efni.

möguleikar eru í boði og ímyndunaraflíð ræður för.

Stefán segir sígildu Solo plötunarnar Ecophon vera snilldarlausn fyrir til dæmis stofur og eldhús. „Það ber mjög lítið á þeim, sem er mikilvægt í slíkum rýmum. Þær eru til í mörgum formum, stærðum og litum og hægt að setja innfellaða lýsingu í plötunarnar.“

Að sögn Stefáns er hljóðvist gríðarlega mikilvæg og getur haft veruleg áhrif á líðan fólks. Því skipti máli að hugsa um mögulegar lausnir hvort sem er á heimilum eða í vinnunni. „Við erum með margar lausnir á lager varðandi hljóðvist og reynum okkar allra besta til að verða við óskum hvers einasta viðskiptavinar.“



Skemmtilegur svartur panill með vinrekka dempar hljóð í eldhúsinu.

Áltak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði og hefur verið frá stofnun þess árið 1997. Alla tíð hefur megináhersla fyrirtækisins verið að veita heildarlausnir í álklæðningum og undirkerfum, ásamt hljóðvistarlausnum innanhúss. Á undanförmum árum hefur Áltak aukið vörurval sitt verulega og má þar nefna til dæmis vöruhúsalausnir, Weland flóttastiga, jarðvegsskrúfur, steypumót og margt fleira. ■

Frekari upplýsingar um lausnir og þjónustu Áltaks má finna á altak.is

Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stílhrein sturta.

Sturtubotn fánlegur í mörgu stærðum og litum.

Sturtuveggur með væng.

8mm hert öryggisgler.



Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga 11-14

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

Krosslímt timbur er sterkt og hentar vel til húsbygginga

CLT, eða krosslímt timbur, hefur verið að ryðja sér til rúms á íslenskum byggingarmarkaði en kostir þess að nota CLT og möguleikarnir eru nánast óendanlegir.

Undanfarin ár hefur krosslímt timbur (CLT) verið að ryðja sér til rúms á evrópskum markaði og víðar. CLT er fjölhæft efni sem hentar sérlega vel til húsbygginga. „Krosslímda timbríð er notað í vegg, gólf og þök og kemur tilsiðnið með öllum úrtökum sem óskað er eftir,“ segir Kjartan Long, sölustjóri glugga- og húseininga hjá BYKO. „Það getur því verið mikill kostnaðarsparnaður í notkun CLT-eininga miðað við almenn uppsteypt hús eða timburhús, sérstaklega þar sem athafnasvæði er lítið eða langt er að sækja aðföng og steypu og einnig ef byggingin þarf að rísa hratt og hljóðlega. Að auki er efnisryrnun nánast engin en þar sem einingarnar koma tilsiðnar á byggingarstaðinn eru nær engin afföll á efni. Þá er lyktin og snyrtimennskan við að nota efnið framúrskarandi miðað við önnur efni.“

BYKO flytur inn CLT-eingar frá austurríska framleiðslufyrirtækinu Hasslacher. „Fyrirtækið er afar stórt á markaðnum og framleiðir hágæða CLT-eingar fyrir markaði út um allan heim. CLT-einingarnar hjá BYKO er hægt að fá í ýmsum útfærslum, sérstaka okkar er að boðið er upp á nokkrar tegundir af timbri sem lokayfirborð eininganna. Meðal annars er hægt að fá furu, greni, lerki, þin, birki og eik sem lokayfirborð eininganna. Efnið í CLT-einingunum er umhverfisvænt og bindur kolefni sem skiptir miklu máli núna þegar við erum sífellt að leita að umhverfisvænni kostum í allri byggingagerð. Þetta er án efa framtíðin í byggingariðnaðinum. Möguleikarnir eru nánast endalausir með þessu hentuga og vistvæna efni.“

Styrkur og einangrun

CLT er sérlega sterkt efni að sögn Kjartans. „Miðað við stálið þá er CLT sterkara hvað varðar þyngd og eðlismassa. Hvaldið timbríð er einnig afar hentugt á jarðskjálftasvæðum og hafa byggingar úr CLT gefist vel í Japan þar sem jarðskjálftar eru bæði tíðir og öflugir. Einangrunargildi CLT er að sama skapi mun meira í samanburði við steinsteypu upp á þykktina að gera.“

Hann segir sérstaklega mikilvægt að takmarka kuldaþrýr í húsum og sér í lagi í sumarhúsum sem standa mörg hver tóman stóran hluta ársins og hitna og kólna með veðurfarinu. „Þar kemur krosslímda timbríð afar sterkt inn. Timbríð leiðir ekki kulda og heldur hita mun betur en önnur byggingarefni. Einnig mælum við með því að nota loftristar í gluggum sem auka jöfn loftskipti, koma hreyfingu á loftið og stuðla að betri loftgæðum. Þetta takmarkar enn fremur rakamyndum í hýbýlum.“

BYKO hefur í samvinnu við Þórhall Sigurðsson arkitekt endurhannað nokkrar gerðir sumarhúsa sem BYKO hefur boðið upp á frá árinu 2007. „Þessi hús eru stórglæsileg og hægt að fá í ýmsum stærðum og útfærslum. Húsin eru seld sem efnispakki, með hönnun en án uppsetningar og hver og einn kaupandi sér um að ráða byggingarstjóra og fagmenn til að reisa og fullklára húsin. Sama á við um önnur hús eða sérverkefni úr CLT einingum; við útvegum allt efni sem til þarf í bygginguna utan steypu í sökkulmót sem við erum líka með á lager.“



Þorsteinn Lárusson, sölustjóri tæknivara hjá BYKO (t.v.) og Kjartan Long, sölustjóri glugga- og húseininga hjá BYKO.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Sumarhús BYKO koma í stærðum frá 79-142 fm.

Gluggar og klæðningar í allar gerðir bygginga

Hjá BYKO fæst allt til að loka ytra byrði húsa. „Við erum með mikið úrval glugga og klæðninga og eru útfærslur nánast óþrjótandi,“ segir Þorsteinn Lárusson, sölustjóri tæknivara hjá BYKO. „BYKO-glugginn hefur verið á markaði síðan 1991 en einnig erum við með álgugga og hurðir frá Reynaers, stálhurðir og glugga, plastglugga og svokallaða aldamótaglugga í gömul hús sem verið er að byggja eða gera upp í upprunalegum stíl. Það er mikið úrval af efni til hjá okkur í utanhússklæðningar bæði á lager og í sérpöntunum. Nú er mjög vinsælt að brjóta upp byggingar með nokkrum gerðum klæðninga svo sem að setja timbur eða Cembrit-plötur inn í svalir og sléttplötur til dæmis úr áli á stærri fleti.“

Starfsmenn BYKO geta aðstoðað hönnuði og framkvæmdaáðila við útfærslu á hagkvæmum heildarlausnum sem veita byggingum endingargóða veðurkæpu og fallett útlit. „Einnig höfum við verið að útvega fullhannaðar og sérframleiddar klæðningar beint frá erlendum samstarfsaðilum okkar en þá hafa sérfræðingar okkar komið að framkvæmdinni mjög snemma á hönnunarstiginu með eiganda hússins og hönnuðum. Þegar efnissali kemur snemma inn í ferlið við byggingu er hægt að ná fram meiri hagkvæmni með því að nýta þær tæknilausnir sem til eru við hönnun sem einfaldar allt ferlið og sparar kostnað við framkvæmd og uppsetningu sem er öllum til gagns.“



Heilsárshús í byggingu (sérpöntun).



Hagasel 23 mun líta glæsilega út þegar það er tilbúið.



Heilsárshús í byggingu.



Sumarhúsin frá BYKO eru einstaklega falleg.



Sérframleidd áklæðning og timburgluggar á Höfðatorgi.



Innan úr heilsárshúsi í smíðun.

BYKO



Ánægðustu
viðskiptavinirnir

5 ár í
röð!*

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Sérfræðingar í lyftum og lyftulausnum

Íslandslyftur hafa séð landsmönnum fyrir fjölbreyttum lyftum og lyftulausnum í fjölmörg ár. Fyrirtækið þjónustar í dag yfir 700 lyftur um allt land og nánast allar tegundir lyfta sem eru á íslenskum lyftumarkaði.

Íslandslyftur bjóða upp á afar fjölbreyttar lyftur og lyftulausnir fyrir íbúðarhúsnæði og fyrirtæki. Um er að ræða hefðbundnar lyftur eins og flest allir þekkja í fjölbýlishúsum, stofnunum og fyrirtækjum ásamt rúllustigum, pallalyftum og öðrum útfærslum á lyftum til að bæta aðgengi sem er hægt að útfæra á marga vegu, segir Helgi Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Íslandslyfta.

„Við höfum allt frá byrjun lagt mikinn metnað í að geta boðið vandaða vöru og mismunandi útfærslur frá virtum framleiðendum. Í samvinnu við birgja okkar getum við boðið upp á eftirsóttar lausnir sem ekki hafa sést hér á markaði áður sem hafa slegið í gegn. Þar sem flest allir eru kunnugir hefðbundnum fólkslyftum þá er óþarfi að útskýra þær frekar en margar aðrar lausnir eru í boði.“

Vinsælar pallalyftur

Hann nefnir til dæmis pallalyftur sem hafa verið afar vinsælar til að bæta aðgengi í eldri byggingum þar sem rými undir lyftustokka er takmarkað og ekki hægt með góðu móti að koma fyrir hefðbundinni lyftu. „Þessar pallalyftur koma frá Aritco í Svíþjóð og hafa verið í boði á Íslandi frá því 1998. Fyrsta pallalyftan frá þeim var sett upp í Iðnó á þeim tíma og tók ég þátt í því að setja hana upp. Kosturinn við þessar lausnir er að ekki þarf að gera miklar breytingar á húsnæðinu til að koma þeim fyrir.“

Ekki er langt síðan starfsmenn Íslandslyfta komu að aðgengismálum á Bessastöðum. „Þar komum við fyrir lyftu fyrir framan aðaltröppurnar sem var látin falla ofan í hellulögnina fyrir framan aðaltröppurnar. Þannig að þegar lyftan er ekki í notkun þá sést hún ekki og því ekki lýti á umhverfinu þar sem virðulegar byggingar eiga í hlut. Einnig hafa svona lyftur verið settar upp í Ásmundarsafni og Hátíðarsal Háskóla Íslands ásamt öðrum stöðum. Við sjáum fyrir okkur að þessar lyftur gætu leyst aðgengismál á mörgum viðkvæmum stöðum.“

Mjög góðar viðtökur

Einnig bjóðum við upp á svokallað skábrautir sem hægt er að koma fyrir í stiga og bera hjólastóla, sætislyftur sem eru hentugar í heimahús og svo má nefna flotta lyftulausn frá dönskum framleiðanda sem við kynntum á sýningunni Verk og vit 2016 og 2018. Þeim sem vilja skoða slíka lyftu er bent á að fara í Yndisauka, Efstaleiti 25, þeir og geta í leiðinni fengið sér gömsæta rétti á staðnum meðan þeir skoða lyftuna þar.“

Starfsmenn Íslandslyfta hafa sett upp töluverðan fjölda af slíkum tröppulyftum hér á landi og segir Helgi Skúli viðtökurnar hafa verið mjög góðar. „Þetta er ekki tæmandi listi yfir lyftulausnir sem við erum með en þetta eru þær algengustu. Ef aðilar eru með aðstæður þar sem þarf að bæta aðgengismál þá er best að senda okkur myndir eða hafa samband við okkur og þá sjáum við oft hvaða lausnir eru að henta.“

Fjöldi traustra birgja

Íslandslyftur eru með nokkur umboð á sínum snærum þar sem framleiðendur einblína á mismunandi þarfir, segir Helgi Skúli.



Helgi Skúli Helgason er framkvæmdastjóri Íslandslyfta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lyftan á Bessastöðum er frá ATC/hydrolift.




Lyftan á Bessastöðum fellur í stéttina eftir notkun.




Það er þægilegt fyrir hjólastóla að komast upp tröppurnar.



Tröppulyfta frá FlexStep er trappa sem breytist í lyftu.



Smekkleig lausn. Trappa sem breytist í lyftu á skömmum tíma.



Þessi tröppulyfta er staðsett í Yndisauka og kemur vel út.

Við höfum allt frá byrjun lagt mikinn metnað í að geta boðið vandaða vöru og mismunandi útfærslur frá virtum framleiðendum.

Helgi Skúli Helgason

„Kleemann er birgir okkar í hefðbundnum lyftum og rúllustigum og hefur samstarfið við þennan framleiðanda verið frábært. Okkar stærstu verkefni frá þeim eru allar lyftur og rúllustigar sem hafa verið sett upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt 21 lyftu á RÚV-reitnum í Reykjavík ásamt öðrum stöðum, yfir 200 lyftur frá því 2013, hótélbyggingar, skrifstofuhúsnæði, íbúðablokkir og fleira.“

Meðal annarra birgja nefnir Helgi Skúli Aritco frá Svíþjóð, sem er helsti birgir þeirra í pallalyftum, NewLift frá Þýskalandi sem er virtur stýringarframleiðandi, Ascendor sem býður vandaða lyftupalla og skábrautir í stiga, AT-C frá Þýskalandi sem býður upp á áhugaverðar lyftulausnir og Handicare sem er með sætislyftur sem henta í heimahús.

Viðtæk þjónusta

Íslandslyftur þjónusta í dag yfir 700 lyftur úti um allt land og þjónusta nánast allir lyftur sem eru á íslenskum lyftumarkaði, að sögn Helga Skúla. „Við notum umbodsmenn úti um allt land til að sjá um daglegt viðhald í gegnum okkur til að halda niðri kostnaði svo ekki sé verið að senda menn í smáviðvik langt út á land með tilheyrandi kostnaði. Einnig bjóðum við upp á 24 tíma neyðarþjónustu allt árið.“

Helgi Skúli segir starfsmenn virkilega stolta af þeim lyftulausnum sem fyrirtækið bjóði upp á. „Enda er mottó okkar: „Aðgengi fyrir alla alls staðar.“ Þó að lyftur séu gamlar þá þarf ekki endilega að henda lyftunni því oft á tíðum er hægt að gera upp eldri lyftur og lengja líftíma lyftunnar um ca. 20 ár til viðbótar. Fyrir vikið er miklu minna rask í byggingunni og lyftan stopp í nokkra daga meðan framkvæmd stendur yfir. Ef farið er í algjöra endurnýjun á lyftu þá er framkvæmdatími um það bil fjórar vikur og oft eru íbúar háðir lyftunni og því ekki auðvelt fyrir mörg að vera lyftulaus í þetta langan tíma.“

Spennandi nýjungar í vendum

Í Reykjavík var kynntur fyrir stuttu sá möguleiki að leyfa breytingar á eldri byggingum sem eru lyftulausar þannig að hægt verði að byggja viðbótarhæð. Við þá framkvæmd væri grundvöllur til að verktakinn myndi kosta breytinguna á sameign (viðbyggingu) og fengi í staðinn þær íbúdir sem hægt væri að byggja til endursölu.

„Það verður spennandi að sjá hvort þetta verði að veruleika því það er gríðarlega mikill fjöldi bygginga upp á þrjár til fimm hæðir sem eru lyftulausar og til að nútímavæða slíkar byggingar þá væri þetta spennandi kostur.“ ■

AÐGENGI FYRIR ALLA ALLS STAÐAR



Hjólastólalyftur



Fólkslyftur
Vörulyftur



Heimilis lyftur
Pallalyftur



Þjónustulyftur
Vörulyftur



Hjólastólalyftur



Tröppulyftur
Hjólastólalyftur



Sætislyftur



Íslandslyftur ehf - Smiðjuvegur 28 græn gata - Sími: 568-7600
islandslyftur@islandslyftur.is



Brúnleitir og ljósir tónar ríkjandi



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Katrín Ísfeld innanhússarkitekt hefur haft í nógu að snúast. Ekkert lát er á nýjum hönnunarverkefnum og á það við hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða endurnýjun. Einnig er mikil gróska í byggingum á sumarhúsum og landsmenn eru iðnir við að fegra heimili sín og hlúa að fasteignum sínum.

Áherslurnar á lita- og efnisvali eru að verða mýkri og hlýlegri, jarðlitir og blandaður efniviður eru ríkjandi, að sögn Katrínar en árið byrjaði vel og verkefnastaðan er góð. „Það er búið að vera mikið að gera í upphafi árs og fullt af skemmtilegum verkefnum. Ég var að koma Hönnunar Stúdíóinu fyrir þegar Covid skall á og leist ekkert á blikuna í hvað ég væri búin að koma mér, þar sem ég er að flytja inn háklassa ítalskar innréttingar og var því búin að hanna og koma upp fallegu rými til að sýna þessar fallegu innréttingar. Starfsemin fór fyrst hægt af stað út af Covid en síðan fór vinnan hjá okkur arkitektunum hægt og bitandi að aukast. Á endanum fór allt á fullt skrið í þessum geira, þar sem fólk hætti við allar utanlandsferðir og fjárfesti í staðinn í heimilum sínum.“

Nýbyggingar og endurnýjun

„Þessa dagana hef ég nóg að gera og er úti um allan bæ að hanna falleg heimili og taka í gegn skrifstofu-



Katrín Ísfeld innanhússarkitekt hefur sjaldan haft jafnmikið að gera og undanfarið.

MYNDIR/RAKEL ÓSK SIGURDARDÓTTIR


„Á endanum fór allt á fullt skrið í þessum geira, þar sem fólk hætti við allar utanlandsferðir og fjárfesti í staðinn í heimilum sínum.“



Ljósir litir í bland við brúna tóna eru ríkjandi og stillinn verður hlýlegri.



Hér er fallegt og notalegt baðherbergi sem Katrín hannaði.



Jarðlitir í bland við ljósa tóna mynda einkar rómantíska stemningu.



Katrín hefur verið að endurnýja og hanna skemmtileg skrifstofurými þar sem hlýleikinn hefur verið í forgrunni.

MYND/GUNNAR FREYR JÓNSSON



Annað skrifstofurými með fallegum litasamsetningum.

MYND/GUNNAR FREYR JÓNSSON

rými. Ég hef einnig hannað þó nokkuð af gistiheimilum og hótél og ég vona að ég fari að sjá meira af þeim verkefnum á borðinu, þar sem stefnir í aukningu á ferðamönnum hingað til lands. Ég finn ekki fyrir neinni breytingu nema að nokkrir af mínum föstu viðskiptavinum sem eiga einnig fyrirtæki, höfðu samband strax í byrjun árs því þeir vildu vera vissir um að ég hefði núna frekar tíma til að sinna þeim. Það var ánægjulegt og skemmtilegt og ég helli mér í þau verkefni og er því búin að hafa mikið að gera.“

Er eitthvað sem stendur upp úr, er mikið um nýbyggingar eða er mikið um endurnýjun á eldra húsnæði?

„Það er bæði mikið um nýbyggingar og endurnýjun. Sumarhús að rísa frá grunni, sem ég er búin að vera að teikna síðastliðna 6-8 mánuði, einnig einbýlishús frá grunni á mjög fallegri sjávarlöd hér á Reykjavíkursvæðinu. Svo er endurnýjun ýmiss konar og ekki má gleyma fallegu skrifstofunum sem ég held mikið upp á þar sem þær eru ekki stórar en með skemmtilegt konsept þannig að ég fæ að sýna betur hvað í mér býr, á alltaf nógu inni þar. Þar er til að mynda falleg sálfræðiþjónusta með hugleiðslu og fyrirlestra að stækka við sig.“

Hlýlegri still

Hvernig myndir þú lýsa stílunum sem er ríkjandi í dag þegar kemur að innanhússarkitektúr?

„Stíllinn er að verða hlýlegri og leitad er meira til náttúrunnar, bæði í litum og efnisvali, sem hentar mér mjög vel þar sem ég hef ætíð verið á þeirri línu. Annars eru skemmtilegir hlutir að birtast í hönnun og þá sérstaklega blanda af efnisvali og litum sem er mjög áhugaverð.“

Við Íslendingar búum í litlu samfélagi og þá myndast ákveðin hjarðhegðun sem getur verið leiðinleg.“ Katrínu finnst hún sjá of mikið af endurtekningum sem eru allar eins og það sé leiðigjarnt fyrir hönnuði.

„Ég bjó bæði í Hollandi og á Flórída og þaðan hef ég tekið mikið, þó meira frá Hollandi þar sem Hollendingar eru snillingar í hönnun.“

Ég hef ætíð farið mínar eigin leiðir og þá sérstaklega í litavali og þar hef ég alltaf haldið í minni stíl. Efnisval og að blanda saman stílum er mitt uppahald, það er mikil kúnst að leika sér með litasamsetningu og efnisval, það krefst mikillar natni og oft hugrekkis. Ég tel mig hafa það og fæ mikið út úr því þegar ég má.“

Brúnleitir og ljósir tónar ríkjandi

Þegar Katrín er spurð út í hvaða efni, form og litir séu mest ríkjandi segir hún að brúnleitir og ljósir tónar séu ríkjandi í dag. „Mikið af við í brúnleitum tönnum og svo alveg yfir í ljósari en með smá jarðlituðum blæ.“

Hreinir litir og slétt form á móti grófar eins og málm og við eru ríkjandi. Formin eru hrein og einföld með mínimalískum smáatriðum. Borðplötur eru að verða þynnri og er keramik alveg að slá í gegn bæði sem borðplötur í eldhúsum og á borðstofuborðum. Þetta er frábært efni, sterkt og auðvelt að þrifa. Skemmtilegt er að sjá fegurðina sem flisaframleiðendur eru farnir að framleiða og eru flisar að verða mynstradar í stórum og litlum formum með fallegum litasamsetningum, ég elska alla þessa nýju flisaðyrð.“


Litirnir eru að fara í skemmtilega stefnu og ég er þessa dagana að grúska í því sem koma skal fyrir 2022 í þeim efnum, þar sem ég geri mér mína eigin litapallettu úr því sem koma skal ár hvert og fá viðskiptavinir mínir að njóta þess. Þannig held ég minni sérstöðu og þar hef ég ávallt stefnt, ekki eftir magni heldur gæðum í sérstöðu og eigin stíl.“ ■

EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

INNLEND FRAMLEIÐSLA MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

Steinull hf er fyrsti byggingavöruframleiðandinn á Íslandi sem látið hefur útbúa umhverfisyrilýsingu fyrir sínar vörur.

Umhverfisyrilýsing vöru stendur fyrir „Environmental Product Declaration“ eða EPD.



STEINULL



SAUÐÁRKRÓKI • Sími 455 3000 • steinull@steinull.is • www.steinull.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND

INFO@HUSAVIDGERDIR.IS

SÍMI 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Svansvottað krosslímt timbur í burðarvirki húsa

Element selur krosslímdar timbureiningar fyrir burðarvirki húsa. Þetta er aðferð við reisingu umhverfisvænna burðarvirkja sem getur verið fljótlegri, þægilegri og hentugri en þær hefðbundnu.

„Element var stofnað árið 2016 í framhaldi af verkefni sem var unnið með krosslímdu timbri og gekk mjög vel. Það var hótelið Foss-hótel Jökulsárlón undir Öræfajökli. Það var fyrsta stóra verkefnið þar sem notast var við krosslímt timbur á Íslandi,“ segir Sverrir Steinn Ingimundarson, framkvæmdastjóri Element. „Í kjölfar þess fengum við umboðið fyrir krosslímt timbur frá austurríska framleiðandanum KLH Massivholz GmbH, en það fyrirtæki var frumkvöðull í framleiðslu á krosslímdu timbri og opnaði verksmiðju árið 1999. Það kom KLH virkilega á óvart að fyrsta verkefnið væri hundrað herbergja hótelið, en vaninn er að það sé byrjað á einhverju smærra eins og einbýlis- eða sumarhúsi. Enn í dag er þetta stærsta byggingin úr krosslímdu timbri á Íslandi.

Eftir þetta förum við að kynna þetta fyrir fólki sem valmöguleika fyrir burðarvirki húsa og það komu tvö stór verkefni í kjölfarið, Fosshótel Mývatn og Lava Center á Hvolsvelli,“ segir Sverrir.

Svansvottun og mikil reynsla

„Við sérhæfum okkur í sölu og hönnun á krosslímdum timbureiningum. Þær eru svo framleiddar í sömu röð og húsinn verða reist þannig að það er mjög einfalt og aðgengilegt að reisa þau þegar þar að kemur, segir Sverrir. „Gott skipulag er algjört lykilatriði til að framkvæmdin á byggingarstað gangi snurðulaust fyrir sig.

Við erum þeir einu sem bjóða upp á Svansvottaðar krosslímdar timbureiningar og við leggjum ofuráherslu á að veita góða þjónustu og ánægju viðskiptavina okkar,“ segir Sverrir. „Við höfum nú þegar komið að meira en 100 byggingum úr krosslímdum timbureiningum víðs vegar um landið. Það má segja að við séum frumkvöðlar í notkun krosslímds timburs hér á landi og við erum mjög stoltir af okkar fjölbreyttu verkefnum.

Svansvottunin og þessi reynsla gefur okkur ákveðið forskot. Við höfum öðlast mikla þekkingu af öllum þessum verkefnum og sjáum að viðskiptavinir okkar koma oft aftur,“ segir Sverrir. „Það er það sem gleður okkur mest, ánægðir viðskiptavinir sem vilja eiga viðskipti við okkur aftur.

Við erum að útvega krosslímt timbur í fjölbreytt verkefni, allt frá hótélum og skólum til gagnavera, íbúðar-, fjölbýlis- og þjónustuhúsa. Eðlilega var ákveðin tregða á markaðnum til byrja með þegar við kynntum þessar lausnir fyrst, en nú er þetta orðinn einn af valkostunum þegar kemur að því að byggja hús. Það er til dæmis að færast í vöxt að opinberir aðilar velji að nota krosslímt timbur sem burðarvirki enda mjög hentugur og spennandi valkostur. Þetta hefur verið notað í leikskóla, hjúkrunarheimili, skólabyggingar og aðstöðuhús fyrir siglingar, sem dæmi,“ segir Sverrir.

Framleiða vistvæn hús

„Element er líka hluthafi í þróunar- og byggingafélaginu Vistbyggð og í samstarfi við það höfum við framleitt vistvæn hús, en núna á síðasta ári afhenti Vistbyggð 16 vistvæn raðhús,“ segir Sverrir. „Það var gerð lífsferilsgræining á þessum húsum og útreiknað kolefnisfót-




Ingvar Rafn Gunnarsson og Sverrir Steinn Ingimundarson hjá Element.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Element er hluthafi í þróunar- og byggingafélaginu Vistbyggð og saman framleiða fyrirtækin vistvæn hús sem hafa ekki nema um 45% af því kolefnisspori sem hefðbundið uppstept íslenskt hús hefur.



Waldorfsskóli í Sóltúni var byggður úr krosslímdu timbri frá Element. Margir tala um að krosslímt timbur stuðli að ró og yfirvegum nemenda.

spor þeirra er ekki nema um 45% af því sem hefðbundið uppstept íslenskt hús hefur.

Á næstu vikum erum við svo að fara af stað með byggingu á 19 raðhúsum með Vistbyggð í Kinnar götu í Urriðaholti,“ segir Sverrir. „Þetta er spennandi verkefni og þeir sem vilja kynna sér það nánar geta gert það á vefnum vistbyggd.is.“

Byggingaraðferð með marga kosti

„Það eru ýmsir kostir við að nota krosslímdar timbureiningar fyrir utan að það er umhverfisvænna að byggja úr timbri. Í fyrsta lagi ertu að ýta hönnunarvinnunni framár í ferlið, þannig að hönnunin er að miklu leyti kláruð áður en framkvæmd hefst, svo bið eftir teikningum á ekki að stoppa vinnu,“ segir Sverrir. „Þetta samræmir líka hönnun lagna, raflagna og loftræstinga en við erum að gata

fyrir dósnum og rörum og fræsa rásir fyrir lagnir í einingar þannig að aðgengi fyrir lagnavinnu er mjög gott.

Krosslímt timbur er notað í vegg, milligölf, þök og jafnvel stiga. Það er fljótlegt að reisa krosslímdar timbureiningar, reisingin er mun fljótlegri en uppsteypa. Þetta er svo alltaf einangrað að utan og klætt, en þess ber að geta að þetta er burðarvirki, ekki endanlegur veggur eða þak,“ útskýrir Sverrir. „Þetta er einfaldlega önnur aðferð til að reisa burðarvirki húsa sem hefur marga kosti og hentar vel fyrir ákveðnar aðstæður. Við erum með mjög samkeppnishæft verð en stundum gerir fólk sér ekki alveg grein fyrir muninum á burðarvirki úr krosslímdu timbri og grindarburðarvirki þegar það gerir samanburð,“ segir Sverrir. „Krosslímt timbur er dýrara en einföld timburgrind, enda þarf miklu meira timbur í það, en á

Við erum að útvega krosslímt timbur í fjölbreytt verkefni, allt frá hótélum og skólum til gagnavera, íbúðar-, fjölbýlis- og þjónustuhúsa.

Sverrir Steinn Ingimundarson



Það er fljótlegt að reisa krosslímdar timbureiningar, reisingin er mun fljótlegri en uppsteypa. Þær eru svo einangraðar að utan og klæddar.



Krosslímdar timbureiningar henta afskaplega vel í íslenskum aðstæðum.



Þjónustuhús siglingarklúbbsins Nökkva á Akureyri var byggt úr krosslímdu timbri.

móti kemur að þú færð öflugra og sterkara hús. Fólk þarf bara að velja það sem hentar best hverju sinni.

Á mörgum stöðum úti á landi er líka mjög praktískt að nota þetta því það getur verið langt í steypu. Þannig var það til dæmis þegar við reistum hótelið í Öræfunum, það var gerður samanburður á valmöguleikum og þegar fólk fór að skoða krosslímdar timbureiningar nánar kom í ljós að það var hagkvæmasta leiðin til að byggja hótelið.“

Náttúrulegt yfirborð eykur vellíðan

„Krosslímdar timbureiningar henta afskaplega vel í íslenskum aðstæðum og þær henta sérstaklega vel á jarðskjálftasvæðum,“ segir Sverrir. „Lykilatriðið er góður frágangur. Það er sama sagan með þetta eins og öll önnur byggingar- efni, með réttum frágangi á ekki að vera hætta á myglu eða öðru slíku.

Hér heima hefur þetta verið nýtt mikið í hóteli byggingar, en erlendis hefur þetta mjög mikið verið notað í leik- og grunnskóla.

Það má segja að almennt líði fólki betur inni í húsum með þessu náttúrulega yfirborði og umsagnir skólastjórnenda hafa verið á þá leið að þeir sjái mun á nemendum sem eru í skólum sem eru byggðir úr krosslímdu timbri. Það næst ákveðin ró og yfirvegum með timbrinu,“ segir Sverrir. „Maður hefur heyrt og lesið sífellt meira um þetta og þetta er farið að vera þekkt, þannig að þetta er ekki bara að minnka kolefnisfótspor bygginga heldur líka að ýta undir gott andrúmsloft og vellíðan notenda þeirra. Við heyrum þetta líka frá Waldorfskóla í Sóltúni en það er tvílyft skólalúsi sem byggt var 2019 úr krosslímdu timbri frá Element.

Þeir sem vilja kynna sér krosslímdar timbureiningar nánar geta komið og hitt okkur á Verk og vitsýningunni sem fer fram 24.-27. mars. Þar verðum við með bás, svo fólk getur heimsótt okkur og fengið nánari upplýsingar,“ segir Sverrir að lokum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni, element.is.



Stemningin á vinnustaðnum einkennist af gleði, samheldni og virðingu.

Vilhjálmur Þór



Vilhjálmur Þór Matthíasson framkvæmdastjóri situr fyrir miðju. Þá eru á myndinni Íris Vilhjálmisdóttir, Vilmundur Geir Guðmundsson, vinstra megin, en hann og Vilhjálmur eru bræðrasynir. Matthias Ottósson, faðir Vilhjálmss, er hægra megin.

MYND/ADSEND

Malbikstöðin hefur um árabil verið eitt af stærstu fyrirtækjum á sviði malbikunar hér á landi, en það er í eigu Vilhjálmss Þórs Matthíassonar framkvæmdastjóra.

Vilhjálmur stofnaði Fagverk verk-taka ehf. árið 2004 en það sérhæfði sig í malbikun og malbiksfræsun. Árið 2020 hóf það að framleiða eigið malbik undir merkjum Malbikstöðvarinnar og í byrjun þessa árs voru fyrirtækin, ásamt fyrirtækinu Malbik og völtun ehf., sameinuð undir nafninu Malbikstöðin.

Hjá Malbikstöðinni starfa um 55 manns yfir háannatímamann. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Mosfellsbæ en malbiksverksmiðjan er að Esjumelum í Reykjavík. Fyrirtækið er með skrifstofur á Stórhöfða. Vilhjálmur segir undanfarin ár hafa verið viðburðarík og lituð af kröftugri uppbyggingu í rekstrinum enda uppbygging nauðsynleg í harðri samkeppni á markaðnum, bæði frá erlendu stórfyrirtæki og Reykjavíkurborg. „Með því að sameina starfsemi og að hún sé nú rekin undir merkjum Malbikstöðvarinnar fáum við sterkari sameinaða liðsheid sem er öll að róa saman í sömu átt,“ segir hann.

„Fyrirtækið er samsett af frábærum, ólíkum og öflugum einstaklingum, og það sem einkennir mannauðinn er að við erum með dýrmæta blöndu af gamla og nýja skólanum. Það eru þau sem hafa verið í bransanum í áratugi eða tugi ára og búa að sjálfsgöðu yfir mikilli og dýrmætri reynslu og svo þau yngri sem hafa verið í bransanum í styttri tíma en hafa komið inn með nýjar hugmyndir, sköðanir og áherslur. Þessir skólar eru að mínu mati mjög mikilvægir hvor öðrum og við höfum náð að finna góðan

Þrjár kynslóðir í malbiki

takt og jafnvægi þarna á milli. Það gerir það að verkum að andinn í fyrirtækinu er góður og áhugi fyrir því að vinna saman og gera vel. Stemningin á vinnustaðnum einkennist af gleði, samheldni og virðingu og það skiptir mig verulega miklu máli að starfsfólkinu líði vel í vinnunni og að það finni hjá sér að framlag þess til fyrirtækisins skiptir máli. Starfsemi Malbikstöðvarinnar væri nú ekki beysin ef starfsfólksins nyti ekki við. Eða að öllum líkindum nánast engin ef við orðum hlutina bara eins og þeir raunverulega eru.“

Byrjaði í malbikinu 1967

„Ég byrjaði ungur í malbikinu hjá Miðfelli sem var hálfgerð fjölskyldufyrirtæki en þegar mest lét vorum við 16 til 18 starfsmenn úr fjölskyldunni. Árin í malbikinu hjá Miðfelli voru ógleymanleg en við vorum fyrstir til að leggja malbik á þjóðveginn. Fórum einnig í flest bæjarfélög þar sem við lögðum malbik eða olíumöl sem var mikið notuð á þeim árum. Ég gleymi því ekki þegar við vorum að leggja á göturnar á Þingeyri en ég er ætadur af þeim slóðum og bjó þar sem ungur maður. Ég fór síðan út í eigin rekstur 1986 og stofnaði félagið Mottó,“ segir Matthias Ottóson.

Vilhjálmur var rétt við það að detta inn á unglingsaldurinn þegar hann byrjaði að vinna hjá föður sínum sem þá rak fyrirtækið Mottó og sérhæfði sig í lagningu malbiks og jarðvinnu. Það sumar tók Vilhjálmur sínar fyrstu vaktir á vinnuarkaðinum, þá tólf ára gamall, og lét svo sannarlega ekki

sitt eftir liggja í vinnunni úti á vegum landsins þótt hann væri ungur að árum. Matthias segir son sinn alltaf hafa verið metnaðarfullan og duglegan í vinnu. „Hann var stór og sterkur strákurinn og hann gaf okkur fullorðnu mönnum ekkert eftir og gekk í raun í öll þau verk sem þurfti, stór sem smá. Villi vann til fjölda ára hjá mér en fór í eigin rekstur 2004 og sé ég alveg hreinskilinn voru margar af okkar bestu og sterkustu feðgastundum í vinnunni á þessum árum. Ég get víst ekki annað en viðurkennt að ég var sjálfur aldrei neitt sérstaklega sterkur á svellinu, þegar kom að því að finna heilbriggt jafnvægi á milli einkalífs og vinnu. Ég er því virkilega ánægður að sjá hversu mikið börnin mín, og þeirra á meðal Villi, leggja mikið upp úr því að þarna ríki jafnvægi. Villi hefur alla tíð náð að höndla það vel og allt frá því að hann fór út í eigin rekstur hefur hann náð að halda vel utan um sig og sína – bæði heima fyrir og í vinnunni. Það er virðingartexti að átta sig á mikilvæginu og halda því til streitu að passa upp á það og auðvitað ekkert annað en sanngjarnt gagnvart fjölskyldunni og starfsfólkinu ef út í það er farið,“ segir Matthias.

Matthías, sem nú hefur lagt malbikið á hilluna eftir um hálfra aldar starfsferil, segir miklar og mikilvægar breytingar hafa átt sér stað í bransanum og á vegum landsins frá því að hann tók sín fyrstu skref hjá fyrirtækinu Miðfelli forðum daga. „Þá á ég við breytingar, bæði þegar kemur að öryggi vegfarenda og eins öryggi þess starfsfólks sem vinnur við

Mesta breytingin finnst mér þó felast í því hversu mikið er lagt upp úr merkingum í dag en það var mikil bylting þegar ráðist var í þá þróun og vinnu.

Matthías Ottósson

malbikun. Gæðastuðlar í dag eru mun betri eftir því sem tækninni hefur fleygt fram og þekking fólks aukist því samhliða. Eins er meira eftirlit með því að hlutum sé framfylgt í dag. Þetta var oft svona frekar laust í skorðum hér á árum áður þó svo að flestir hafi auðvitað gert hvað þeir gátu. Mesta breytingin finnst mér þó felast í því hversu mikið er lagt upp úr merkingum í dag en það var mikil bylting þegar ráðist var í þá þróun og vinnu á sínum tíma. Merkingar sem leiðbeina vegfarendum um hvað eigi að gera í ákveðnum aðstæðum eru nauðsynlegar þeim sjálfum, eins og til dæmis þær merkingar sem vara við vegafarmkvæmdum. Þær gera vegfarendurna sjálfa öruggari og eins malbikarana á götum úti,“ segir Matthias.

Dóttirin á rannsóknarstofunni Þótt ríkt jafnvægi sé á milli vinnu og einkalífs Vilhjálmi, býr

hann samt svo vel að hjá Malbikstöðinni vinna bróðir hans, bróðursonur, dóttir og sambýliskona. Frændsystkinin eru vel á annan tug í vinnu hjá Malbikstöðinni eins og hjá Miðfelli í gamla daga. Dóttir hans, Íris, er í gæðaeftirlitinu og starfar því á rannsóknarstofu fyrirtækisins og sér þar meðal annars til þess að í öllu framleiðsluferli malbiks sé fylgt ströngustu gæðakröfum til að sem best efni fái út framleiðslunni. Íris er þriðja kynslóð í malbiksrekstrinum og segir starf sitt virkilega áhugavert og mun skemmtilegra en margan grunar.

„Fyrir það fyrsta þá er ég mikill umhverfissinni og því mjög fylgin þeirri stefnu fyrirtækisins að leggja mikla áherslu á umhverfisvernd, en Malbikstöðin er einmitt leiðandi þegar kemur að slíkum málum í malbiksbransanum. Ég fæ því ekki bara að tryggja að við séum að framleiða hágæða malbik heldur fæ ég líka að vinna að því að malbikið sem við framleiðum sé eins umhverfisvænt og hægt er. Það gefur mér mikið að rannsaka og þróa eitthvað jafn mikilvægt og gott og umhverfisvænt malbik er. Malbik er okkur öllum nauðsynlegt og snertir líf flestra daglega, þó svo að við séum líklega fæst eitthvað að spá nokkuð í það að ráði. Malbikið verður að vera til staðar og það þarf að vera öruggt til þess að við getum verið örugg. Ekki skemmir svo fyrir að ég vinn með góðu og metnaðarfullu fólki og ætli ég verði nú ekki bara að gefa pabba gamla það að hann er alveg mátulega þolanlegur yfirmaður. Hann veit hvað hann vill í starfsemi sinni en hefur vit á því að gefa mér og öðru starfsfólki traust og rými til að vinna okkar vinnu. Það finnst mér mikill kostur hjá yfirmanni,“ segir Íris.



Tækin hafa breyst og eru orðin mun öruggari fyrir starfsmenn en áður. Að auki hafa vinnuarkingar batnað gríðarlega.



Starfsmenn Malbikstöðvarinnar eru öflugir einstaklingar og fyrirtækið býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á sínu sviði.



Malbikstöðin leggur áherslu á umhverfismál og er brautryðjandi í framleiðslu á grænu malbiki.

” Umhverfisvernd hefur alltaf verið mér hugleikin og það eru góð tíu ár síðan ég byrjaði að gera tilraunir með endurunnið malbik með því að setja upp endurvinnslustöð fyrir efnið.

Vilhjálmur Þór

Græni malbikshringurinn og endurvinnanlegt malbik

Á dögunum skrifaði Vilhjálmur, fyrir hönd Malbikstöðvarinnar, undir samning við Sorpu en samningurinn er þess efnis að Malbikstöðin kaupir allt að milljón rúmmetra (Nm³) af hreinsuðu metangasi á hverju ári. Metangasið verður notað sem orkugjafi við framleiðslu í nýlegri malbikstöð fyrirtækisins að Esjumelum í Reykjavík, en stöðin var reist með það fyrir augum að metan yrði notað við framleiðsluna. „Ég lærði það ungur að árum, meðal annars hjá foreldrum mínum, að við eigum bara eina dýrmæta jörð sem við eigum að bera virðingu fyrir. Við fáum ekki annan séns þegar kemur að jörðinni og það er alveg sama hvað við reynum að malda í móinn eða loka augunum fyrir því, þá er það bara bláköld staðreynd sem er ekki að fara neitt. Umhverfisvernd hefur því alltaf verið mér mjög hugleikin og það eru komin allavega góð tíu ár síðan ég byrjaði að gera tilraunir með endurunnið malbik með því að setja upp endurvinnslustöð fyrir efnið. Ég var að öllum líkindum tíu árum of fljótur á mér með þá byltingu þar sem áhuginn fyrir grænu malbiki var á þeim tíma gott sem enginn. Sem betur fer er ég samt ákveðinn maður þegar ég bit eitthvað í mig og læt ekki auðveldlega slá mig út af laginu og sú varð blessunarlega raunin hvað þetta varðaði. Sýn mín síðustu tíu ár hefur verið skýr um að þetta yrði mikilvægt skref fyrir jörðina og eins okkur sem njótum þeirra forréttinda að fá að búa á henni. Það er líklega loksins óhætt að segja að tími græns malbiks sé kominn og ég er alveg ótrúlega feginn og þakklátur fyrir að hafa lagt mikla vinnu og mikið fjármagn til þess að við hjá Malbikstöðinni værum sem best undirbúin þegar sá tími kæmi. Við höfum byggt upp fullkomnu malbikstöð landsins þegar kemur að umhverfismálum, frætt, þjálfað og vakið áhuga starfsfólks okkar á grænni malbikframleiðslu og lagt mikið upp úr því að við alla starfsemi okkar sé hugað að umhverfisvernd – hvort sem það er í þróun og framleiðslu malbiks eða lagningu þess og eftirfylgni. Græni malbikshringurinn er nýtt slagorð sem er lýsandi fyrir starfsemi og snýr að mikilvægi þess að endurvinnna malbik. Óskastaðan væri auðvitað sú að með tímanum yrðu allir vegir landsins lagðir með endurunnið og þar með umhverfisvænu malbiki. Það er okkur öllum í hag og virkilega töff að ná því markmiði einhvern daginn og helst sem fyrst. Alltaf er gott og nauðsynlegt að hafa skýr markmið og enn betra að hafa kraftinn til að framfylgja markmiðunum eftir. Við hjá Malbikstöðinni erum stolt af því sem við höfum náð að áorka í umhverfismálum og erum svo sannarlega hvergi nærri hætt. Við erum meira svona rétt að byrja og því áhugaverðir tímar fram undan,“ segir Vilhjálmur.

Öll kyn eru velkomin til starfa hjá Malbikstöðinni.



Fyrirtækið leggur mikla áherslu á gott og öruggt starfsumhverfi.



Malbikstöðin er leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu malbiks á Íslandi.



Unnið við malbikframkvæmdir á árum áður. Föðurbróðir Vilhjálms, Guðmundur Ottósson, hér á myndinni.



Vel fylgst með að allt sé gert samkvæmt því sem best þykir en malbiksvinna hefur fylgt fjölskyldunni.



Gamli og nýi tíminn í malbiki eru tveir ólíkir heimar.



Tækin hafa heldur betur breyst í tímans rás.



Matthias eldri á malbiksvél.



Malbiksvinna á landsbyggðinni.

Malbikstöðinni í fjölmiðlum fyrir skemmstu þar sem óskað var eftir einstaklingum til starfa hjá fyrirtækinu. Vélstjórar – malbiksblandarar, vélamenn á hjólaskóflu, flotastjórar, starfsfólk á rannsóknarstofu og malbikarar, en umsóknarfrestur rennur út þann 28. febrúar næstkomandi. Vilhjálmur sem hefur verið í bransunum í hartnær 36 ár segir miklar breytingar hafa orðið á því hverjir sækja um störf hjá fyrirtækinu.

„Það er gaman að sjá að hópar sem sóttu afskaplega sjaldan eða hreinlega ekki um vinnu hjá okkur eru mun sýnilegri í dag þegar kemur að atvinnuumsóknun. Mun fleiri konur sækja til dæmis um vélavinnu en hér áður fyrir og mér þykir það jákvæð þróun enda hafa virkilega öflugar konur komið inn til okkar undanfarin ár. Mín skoðun er sú að við eigum það stundum til að setja okkur einhverjar takmarkanir í lífinu sjálf og verðum því líklega oft af ýmsum skemmtilegum upplifunum og dýrmætri reynslu vegna þess. Ég hvet því alla sem hefur til dæmis alltaf dreynt um að leggja malbik á sólríkum sumardegi að sækja um, og eins þá sem hafa aldrei látið sér detta það til hugar að starfa við neitt sem tengist malbiki. Það er nauðsynlegt að stíga út fyrir þægindarammann endrum og eins og ögra sér. Ég vil meina að maður stækki sem manneskja í slíku ferli og ekki væri nú fult að græða fráþæra starfsfélaga og gefandi vinnuumhverfi í leiðinni. Við erum með spennandi tækifæri í boði fyrir öflugum einstaklinga.“ ■



MALBIKSTÖÐIN

malbikstodin.is
tilbod@malbikstodin.is

Öflugt félag fyrir alla byggingariðnaðarmenn

Byggið ver kaup og kjör félagsmanna sinna með ýmsum hætti ásamt því að sinna umfangsmiklu og fjölbreyttu starfi sem snertir á flestum þáttum daglegs lífs þeirra. Formaðurinn telur framtíðina í byggingariðnaði á Íslandi bjarta, en segir að skólarnir verði að útskrifa fleiri.

oddurfreyr@frettabladid.is

Byggið var stofnað af veimur trésmiðafélögum, annars vegar Trésmiðafélagi Reykjavíkur sem var stofnað árið 1899, og hins vegar Trésmiðafélagi Akureyrar sem var stofnað árið 1904. Sameiningin varð svo árið 2008, segir Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Byggiðnar. „Félagið er fyrir nema í byggingariðngreinum og alla byggingariðnaðarmenn, hvort sem þeir hafa sveinspróf eða ekki. Flóran er mikil í þessum geira og það kemur mikið af fólki að utan sem hefur öðruvísi menntun en herna heima og við erum málsvavar þess líka.

Undanfarin ár höfum við verið í samfloti við önnur iðnaðarmannafélög og saman höfum við styrkt starf félaganna, sem eru öll komin í eitt hús á Stórhöfða 31. Þar erum við að búa til þjónustuskrifstofu fyrir allt sem er sameiginlegt hjá félögum til að reyna að hagræða og búa til fleiri sérfræðinga,“ segir Finnbjörn. „Við erum ekki að sameina sjóði eða félög, allir halda

sjálfstæði, en við teljum að þetta bæði bæti þjónustuna og auki hagkvæmni til lengri tíma lítið.“

Fjölbreytt starfsemi

„Við erum hagsmunasamtök og erum að semja um og verja kaup og kjör dagsdaglega. Félagið er með sjálfstæðan samningsrétt svo við komum beint að samningum gagnvart okkar viðsejendum og við skiptum okkur líka af aðbúnaði og velferð okkar félagsmanna og menntun, en við reynum að auka flæði ungs fólks inn í iðnaðargreinar,“ segir Finnbjörn. „Við sitjum líka í nefndum og ráðum sem snúa að grunnmenntuninni, en á vegum félagsins eru fulltrúar í starfsgreinaráðum sem búa til starfslýsingar fyrir öll störf innan byggingariðnaðar. Út frá þeim eru svo gerðar hæfnikröfur sem við viljum að nemendur standist þegar þeir koma úr skóla og námsskráin er gerð eftir því. Sveinsprófsnefnd metur svo hvernig skólarnir standa sig í að kenna það sem á að kenna.

Við veitum líka kynningar á faginu sem slíku og höfum reynt að fara í skólana og vekja athygli í gegnum Íslandsmót iðngreina með öðrum iðnaðarmannafélögum, en þar fá 9. og 10. bekkingar kynningar á ýmsum iðngreinum,“ segir Finnbjörn. „Við rekum líka mælingastofu þar sem við reiknum út laun okkar félagsmanna sem vinna í mælingum. Svo höldum við úti vinnustadastarfi og sendum starfsmenn á vinnustaði til að



Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Byggiðnar, segir að framtíðin í íslenskum byggingariðnaði sé björt, en að skólarnir verði að geta útskrifað fleiri nemendur úr iðngreinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skólarnir þurfa að útskrifa fleiri

„Það er greinilega nóg að gera í byggingariðnaði á Íslandi núna. Það vantar töluvert af íbúðum og það liggur fyrir að það þurfi að fara í virkjanir á næstu árum, svo það er björt framtíð fyrir höndum og þetta er vænlegur starfsvettvangur fyrir ungt fólk. En það er þröskuldur í skólakerfinu og Tækniskólinn þurfti að vísa um 700 manns frá síðasta haust því það er ekki til námspláss,“ segir Finnbjörn. „Það þarf að auka getu skólanna til að útskrifa nemendur mjög hratt á næstu árum.

Við þurfum líka á erlendu vinnuaflum að halda og verðum að tryggja að vel sé tekið á móti því, það fái mannsæmandi húsnaði og að fólk sé menntað til að sinna iðnaðarmannastörfum. Við þurfum að búa til kerfi sem fer yfir alla þessa þætti áður en fólk hefur störf hér á landi. Þá er fólk líka skráð í kerfi hjá okkur og getur borgað skatta og skyldur frá fyrsta degi. Það er ótrúlega algengt að fólk hafi „komið í gær“, sem er ólíðandi,“ segir Finnbjörn. „Þetta er ekki starfsmönnum að kenna heldur fyrirtækjum og þetta er vandamál sem þarf að taka á.

Að lokum vil ég hvetja fólk sem vinnur iðnaðarstörf til að vera í iðnaðarmannafélögum. Þar á það heima og það eru þau sem semja um kaup þess og kjör og verja lífsbaráttu fólksins,“ segir Finnbjörn. ■

tékka á stöðunni þar og erum líka með trúnaðarmenn á vinnustöðum sem eiga að vera upplýstari en almennur félagsmaður og vera milliliður milli fyrirtækis og félagsins. Þannig að það er heilmikil starfsemi hjá okkur.“

Halda utan um félagsmenn

„Við reynum að koma að sem flestum þáttum daglegs lífs okkar félagsmanna. Við vinnum fyrir byggingariðnaðarmenn á okkar félagssvæði, sem er stórhöfuðborgar- og Eyjafjarðarsvæðið, en það eru félagsmenn víðar því fyrirtæki eru ekki endilega staðsett á einum stað, svo við þjónustum félagsmenn um allt land,“ segir Finnbjörn. „Við erum líka með sjúkrasjóð fyrir

félagsmenn sem tekur við þegar greiðslum atvinnurekenda lýkur vegna veikinda eða slysa, þá fær fólk dagpeninga hjá okkur. Við rekum líka fjölmörg orlofshús og ásóknin í þau hefur verið tvöföld eftir að faraldurinn hófst.

Ef eitthvað bjátar á varðandi kaup og kjör reynum við að „sjatla“ málið gagnvart atvinnurekanda og verja réttindi félagsmanna og ef það gengur ekki erum við með samning við lögfræðistofu sem hefur sérhæfingu í okkar kjaramálum og veitum lögfræðiaðstoð,“ segir Finnbjörn. „Síðast en ekki síst veitum við alls konar styrki, fæðinga- og iþróttastyrki og ýmsa styrki í tengslum við meiri háttar aðgerðir eða skakkaföll.“

HYSI

ATVINNUHÚSNÆÐI, GEYMSLUR SKÓLA- OG FRÍSTUNDABYGGINGAR



Límtrésbyggingar

Klæddar yleiningum. Heildarlausn í boði með hönnun, verkfræðiteikningum, gluggum og hurðum.



Trimo húseiningar

Vönduð lausn fyrir færanlegar skólabyggingar, skrifstofuhúsnæði og gistirými.



Bogahýsi frá Rundebuehaller

Færanleg eða varanleg. Hundruð húsa seld á Íslandi síðasta áratuginn og húsin eru því þrautreynd við íslenskar aðstæður.



Stálgrindarbyggingar

Klæddar yleiningum.



Trimo gámahús

Geymslur, WC eða vinnubúðir.



Yleiningar

Með steinullar- eða PIR kjarna.

Byrjaði allt með borðplötum fyrir 35 árum

Á þessu ári fagnar Fanntófell 35 ára starfsafmæli. Starfsemi fyrirtækisins hófst árið 1987 og fyrstu árin var fyrirtækið nær eingöngu á fyrirtækjamarkaði þar sem formbeygðar harðplast-borðplötur voru í forgrunni.

Með fókus á einstaklingsmarkað árið 2009 urðu kaflaskil í sögu félagsins og vöruframboð var aukið til muna. Akrýlsteinn bættist meðal annars við vöruframboðið sem bauð upp á undirlímda vaska sem mynda eina heild með borðplötunni. Þetta leiddi til þess að í kjölfarið fór Fanntófell að undirlíma stálvaska í harðplast sem er í dag mjög vinsæll og góður kostur sem skapar einstaklega fallegt og gott vinnuumhverfi.

Í dag býður Fanntófell upp á mikið úrval undirlímdra vaska fyrir öll borðefni sem fyrirtækið hefur á boðstólum, það er harðplast, akrýlstein og Fenix NTM. Fenix borðplötuefni hentar einnig einstaklega vel í hurðafronta og veggklæðningar þar sem eiginleikar efnisins eru mikil mýkt og hlýja. Á síðasta ári komu á markaðinn undirlímanlegir eldhúsvaskar frá Fenix sem eru fáanlegir í sama lit og borðplatan. Þetta býður upp á nýja og skemmtilega möguleika í hönnun.

Hreinlætiskröfur eru mjög háar í dag, sér í lagi á heilbrigðisstofnunum og við matvælaíðnað.




Fanntófell býður heildarlausnir fyrir eldhús og baðherbergi.

MYND/ADSEND



Undirlímdir vaskar frá Fanntófelli eru til mikillar prýði í eldhúsinu.



Með akrýlsteini er hægt að láta veggklæðninguna, borðplötuna og vaskinn mynda eina heild.

Í slíkum tilfellum er sýklafrítt harðplast með laserlímda kanta mjög hentugt, sem og akrýlsteinn með lítt sýnilegum samskeytum þar sem viðloðun bakteria er lítil sem engin. Því mynda borðplatan, veggklæðningin og vaskurinn eina heild og gera alla umgengni og þríf auðveld. Akrýlsteinn er líka einstaklega sterkur, þolir alla almenna umgengni og þrifa má efnið með sterkum hreinsiefnum ef þess er þörf.

Á síðasta ári bætti Fanntófell við sig nýju vörumerki, Himac, akrýlsteini með mikið litaúrval og endalaus möguleika í hönnun. Nýjasta litapallettan, Aurora Marmo, inniheldur einstaklega hlýja og fallega liti. Mikið úrval er í boði af undirlímanlegum vöskum úr sama efni fyrir eldhús og bað, bæði í stöðluðum stærðum og sérsmíðuðum lausnum.

Þá hefur Fanntófell hafið innflutning á innihurðum frá fyrirtækinu Westag í Þýskalandi. Hægt er að fá innihurðir, rennihurðir og eldvarnarhurðir í mörgum gerðum og litum. Westag er einnig með hurðir úr Fenix-efni og því er hægt að para saman liti í hurðum, borðplötum og skápahurðum. Allar hurðir eru sérpantaðar í stærðum hvers viðskiptavinar. ■

Frekari upplýsingar um vöruúrval og þjónustu Fanntófells má finna á fanntofell.is



Hurðir

- Vottaðar gæðahurðir frá Westag
- Innihurðir, eldvarnarhurðir og rennihurðir
- Mikið úrval efnis og lita

Fanntófell hefur sérhæft sig í framleiðslu á borðplötum og sólbekkjum síðan 1987.

Fanntófell ehf. | Gylfaflöt 6-8 | 112 Reykjavík | Sími 587 6688 | fanntofell.is



Fanntófell

Byggingariðnaðurinn er einn stærsti og mikilvægasti iðnaður landsins. Árleg fjárfesting í mannvirkjagerð nemur hundruðum milljarða.

Það eru margir sem koma við sögu þegar bygging verður til og til þess að halda utan um það ferli eignum við byggingarreglugerð.

Byggingarreglugerð er nokkuð skýr varðandi það sem má eða má ekki við að reisa mannvirki.

Hins vegar er stundum óljóst hvernig þessum kröfum skal náð og hvað þarf til að uppfylla þær. Það sjáum við best á því að líftími bygginga og ending er ekki alltaf eins og til er ætlast.

Af hverju skemmast húsi?

Byggingar skemmast í langflestum tilfellum vegna ágangs vatns eða uppsöfnunar raka, meðal annars vegna leka, vatnstjóns eða rakabættingar. Afleiðingar eru rakaskemmdir, sem jafnvel hafa óheppileg áhrif á gæði innilofts, ótímabært og kostnaðarsamt viðhald og endurbætur. Ljóst er að úrbætur auka talsvert kolefnisspor bygginga.

Fullnægjandi hönnun og frágangur byggingarhluta eru grundvallaratriði ef koma á í veg fyrir að mannvirki leki frá fyrstu tíð og til að fyrirbyggja uppsöfnun á raka. Eins þarf hönnun að vera þannig háttáð að hægt sé að sinna eðlilegu og fyrirbyggjandi viðhaldi á líftíma mannvirkisins.

Annar mikilvægur þáttur er að takmarka óæskilegan raka á framkvæmdastigi bygginga, meðal annars vegna utanaðkomandi umhverfisþátta (svo sem úrkomu)



Byggingar á markaði ættu ekki að vera tilraunastofa fyrir iðnaðinn, segja greinarhöfundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eru betri byggingar í boði?

og vegna verkþátta sem fela í sér notkun vatns á verk tíma. Byggingaraðilar þurfa að gera markvissar aðgerðir á framkvæmdatíma til að auka rakaöryggi bygginga.

Leiðbeiningar um hvernig uppfylla skuli ofangreint er ekki að finna í byggingarreglugerð heldur byggja slíkar leiðbeiningar á rannsóknnum.

Hvernig byggjum við betur?

Tryggja þarf að hönnuðir fullhanni mannvirki sín þannig að byggingaraðila sé fullkomlega ljóst hvernig standa skuli að málum þannig að kröfum byggingarreglugerðar sé fullnægt.

Vitneskjan um hvernig eigi að koma í veg fyrir rakavandamál er að mörgu leyti til staðar en það

þarf að miðla þekkingu áfram með skýrum leiðbeiningum til þeirra sem starfa í byggingariðnaði, meðal annars til hönnuða, eftirlits-, framkvæmdar- og rekstraraðila. Fylgjast þarf náið með nýjum byggingaraðferðum og efnum, gera videigandi rannsóknir og uppfæra leiðbeiningar reglulega.

Er byggingariðnaður nýttur sem tilraunastofa?

Ætli Ísland sé með eina stærstu og umfangsmestu „tilraunastofu“ í heiminum? Tilraunastofu sem enginn heldur utan um og þar sem aðeins eigandi eða notandi fasteignar veit hvernig tilraunin reynist, ef til vill fyrst þegar hann þarf að greiða fyrir umfangsmiklar og kostnaðarsamar viðgerðir eða endurbætur?

Nær væri að byggja á rannsóknnum sem gera okkur kleift að taka upplýstar ákvarðanir í mannvirkjagerð, til að sýna fram á nothæfi byggingarefna, tækni og aðferða. Byggingar á markaði ættu ekki að vera tilraunastofa fyrir iðnaðinn. Í stað þess að prófa og sannreyna aðferðir í nýbyggingum eða við endurbætur ætti að framkvæma frum- og grunnrannsóknir á efnum, tækni og aðferðum áður en við notum lausnir í byggingar.

Skýrt dæmi um hlutverk og góðan árangur rannsókna í íslenskum byggingariðnaði er nýting kísilyks til að auka gæði sements og hindra áður útbreiddar alkaliskemmdir í steinsteypu. Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins stóð fyrir rannsóknnum í þeim efnem, en sú stofnun hefur nú verið lögð niður og framtíð byggingarannsóknna í uppnámi.

Hver er staðan á rannsóknum í byggingariðnaði í dag?

Allir virðast sammála um mikilvægi nýsköpunar og rannsókna, bæði í einkageira og hjá hinu opinbera. Það endurspeglar þó því miður ekki stöðuna á byggingarannsóknnum á Íslandi í dag.

Hjá hinu opinbera hafa byggingarannsóknir lengi verið fjársveltar en í dag ríkir, að því er virðist, algjört stefnu- og áhugaleysi stjórnvalda á rannsóknum í byggingariðnaði. Ljóst er að Askur, sem er nýr styrktarsjóður fyrir rannsóknir í mannvirkjagerð, getur aðeins sinnt brotabroti af

Hjá hinu opinbera hafa rannsóknir lengi verið fjársveltar og í dag ríkir, að því er virðist, algjört stefnu- og áhugaleysi stjórnvalda á rannsóknum í byggingariðnaði.

þeim rannsóknum sem þörf er á, auk þess sem miklar skorður eru þar settar um umfang og gerð rannsókna. Til að setja úthlutun sjóðsins fyrir árið 2021 í eitthvert samhengi þá gæti heildarfjárhæð sjóðsins aðeins dugað fyrir útseldri vinnu 2-3 starfsmanna frá almennri verkfræðistofu í eitt ár.

Þekkingarfyrirtæki á einkamarkaði eins og verkfræðistofur, framkvæmdaaðilar og efnissalar hafa lífbrauð sitt af sölu þekkingar, vara og lausna. Þessir aðilar eru byggingariðnaðurinn. Þeir framkvæma vissulega góðar og mikilvægar rannsóknir, en er réttlátt og líklegt til árangurs að setja nær alla ábyrgð um framkvæmd og utunumhald byggingarannsóknna á þeirra herðar?

Hvernig eflum við byggingarannsóknir?

Á fundi Byggingarvettvangsins um rannsóknir og nýsköpun 2021 kom skýrt fram í niðurstöðum könnunar meðal aðila úr byggingariðnaði að um 2/3 hluta aðspurðra töldu best að rannsóknir væru bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum, það er samstarf milli geira! Um 1/3 hluti viðmælenda taldi rannsóknir í byggingariðnaði alfarið best settar hjá hinu opinbera og mikill minnihluti taldi rannsóknnum best borgið hjá einkaaðilum eingöngu.

Til að efla byggingarannsóknir þurfum við skýra stefnu og utunumhald þannig að tryggð sé samfella í rannsóknnum og útgáfu leiðarvísa. Einnig er ljóst að auka þarf fjármagn fyrir rannsóknir á stærsta iðnaði landsins.

Byggingariðnaður snertir alla í íslensku samfélagi. Við höfum öll hag af því að byggingar séu heilnæmar, endist vel og kostnaður við rekstur þeirra og viðhald sé ekki umfram væntingar.

Betri byggingar

Betri byggingar er hópur sérfræðinga á sviði mannvirkjagerðar sem á það sameiginlegt að brenna fyrir því að bæta byggingar, enda ekki vanþörf á eins og allflestir vita. Fagræðið hittist reglulega, ræðir sín á milli vandamál og áskoranir við mannvirkjagerð. Hópurinn hefur einnig haldið málstofur og skrifað greinar um ýmis mál tengd byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Aðilar fagræðsins koma úr ýmsum áttum, meðal annars úr röðum hönnuða, ráðgjafa og verktaka, úr einkageira og frá hinu opinbera og eru á öllum aldri. Þekking og reynsla innan fagræðsins er víðtæk og teljum við það skyldu okkar að miðla þeirri þekkingu.

Byggjum betri byggingar fyrir samfélagið og umhverfið. ■

Höfundar greinar eru hluti af hópnum Betri byggingar: Elías Bjarnason, verkfræðingur Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur Agnar Snædahl, verkfræðingur dr. Björn Marteinnsson, arkitekt og verkfr. dr. Rikharður Kristjánsson, verkfræðingur



VERSLUN MEÐ LYFTIBÚNAÐ, ÚTGERÐARVÖRUR, ÖRYGGIS- OG VINNUFATNAÐ



Þar bjóðum við okkar eigin framleiðsluvörur á köðlum og garni, ásamt miklu úrvali af öryggis- og vinnufatnaði.

Einnig mikið og fjölbreytt úrval af járnvöru frá heimsþekktum framleiðendum eins og Gunnebo, BMM-Blue line, Crosby, Van Beest, Mustad og fleiri.



Ver슬unin er staðsett í húsnæði Hampiðjunnar að Skarfagörðum 4 Reykjavík.

Opnunartímar:
Mán. - fim. 08:00 - 17:00
Föstudaga 08:00 - 16:00

HAMPIÐJAN
vefverslun.hampidjan.is

Stórkostleg tækifæri falin í loftslagsmálum

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins hf. móðurfélags BM Vallár, segir stóra verkefnið í íslenskum byggingariðnaði vera að minnka kolefnisspor greinarinnar. Hans fyrirtæki stefnir að kolefnishlutleysi árið 2030.

„Í nýlegri skýrslu, sem var unnin af Byggjum grænni framtíð og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, um kolefnisspor íslenskra bygginga, kemur fram að kolefnissporið er mjög stórt,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að gagnrýna megi greinina fyrir að hafa ekki hugað nægilega vel að umhverfismálum og fyrir vikið sé kolefnissporið of stórt. Mikilvægt sé að beina sjónum að því hvernig hægt sé að minnka það.

Kolefnishlutleysi 2030

„Þetta er það sem við í Hornsteini og dótturfélögum vorum að horfa til með því að setja okkur takmark um að verða kolefnishlutlaus fyrir 2030. Það er metnaðarfullt markmið og mikil áskorun.“

Steinsteypa hefur verið eitt vinsælasta byggingarefnið í heiminum og þar af leiðandi er kolefnisspor hennar mjög stórt. Kolefnislosun sementsiðnaðarins í heiminum mun vera í námunda við átta prósent af heildarlosun.

„Líklega erum við ekki jafnvel stödd í þessu og við höfum reiknað með,“ segir Þorsteinn. „Það skiptir máli að byggja



Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins, telur loftslagsmálin færa okkur Íslendingum mikil tækifæri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

sé að vinna að eigin frumkvæði en vegna þrýstings stjórnvalda. Byggingargeirinn sé að taka frumkvæðið en bíði ekki eftir skipunum eða fyrirmælum frá stjórnvöldum.

Krafa frá viðskiptavinum

„Þrýstingur frá viðskiptavinum, bæði einstaklingum og byggingarverktökum, fer vaxandi. Umhverfismálin eru farin að skipta miklu meira máli en áður fyrr. Kynslóð fyrstu kaupenda nú er mjög umhverfisþenkjandi og vill sjá að raunverulega sé verið að gera eitthvað.“

Þorsteinn segir mikilvægt að verðleggja losunina rétt og þegar kolefnissporið sé jafn stórt og raun ber vitni blasi við að hún sé vitlaust verðlögð. Heillavænlegast sé að stjórnvöld leggi línur um þau markmið sem þarf að ná og láti svo fyrirtækjunum eftir að finna leiðina að þeim.

„Ég held að fá tækifæri séu stærri fyrir land eins og Ísland en einmitt loftslagsmálin. Ef við tökum einfaldan samanburð má benda á að kvótakerfið leiddi af sér gríðarlega hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi og upp spruttu tæknifyrirtæki sem urðu einstök á heimsvísu. Ef við erum metnaðarfull í umhverfis- og loftslagsmálum mun spretta hér upp þekking sem verður ómetanleg til útflutnings þegar fram líða stundir,“ segir Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins. ■

vandaðar og vel orkunýtnar byggingar. Þar hefur steypa verið mjög góður kostur. Við gerum okkur hins vegar glögga grein fyrir því að ef steypa á áfram að vera góður kostur verðum við að minnka kolefnissporið.

Umhverfisvænna sement

Þetta er hægt. Við horfum til sementsins fyrst. Sementið veldur 85 prósent kolefnislosun steinsteypu. Hér heima fyrir getum við svo skoðað aðra þætti á borð við flutninga á steinsteypu og slíkt.“

Að sögn Þorsteins hefur BM Vallá stóraukið notkun á nýjum,

umhverfisvænum sementstegundum, með 20-25 prósentum minna kolefnisspor en gengur og gerist á markaðnum. „Á undanfögnu ári höfum við minnkað kolefnisspor okkar steinsteypu um 15 prósent og á árinu 2022 gerum við ráð fyrir að hafa minnkað kolefnissporið um meira en 20 prósent frá árinu 2020 þegar við settum okkur það takmark að stefna á núllið. Við gerum ráð fyrir því að árið 2025 verðum við búin að riflega helminga kolefnisspor steinsteypunnar hjá okkur.“

Okkar birgjar horfa mjög á orkunotkun í sinni framleiðslu og

leggja áherslu á aukna notkun sjálfbærrar orku. Svo er líka verið að horfa til verkefna sem við þekkjum hér, eins og Carbfix með niðurdælingu. Það er nokkuð sem við horfum mjög til. Norcem, okkar sementsbirgir, mun hefja fyrsta föngunar- og niðurdælingarverkefnið í sementsframleiðslu í heiminum 2024. Þar verður stigið mjög stórt skref.“

Þorsteinn segir loftslagsmálin og kolefnissporið ekki aðeins mikilvægasta verkefnið sem hann sé að kljást við, heldur líka það langskemmtilegasta. Í því felist endalaus tækifæri. Skemmtilegra

UMHVERFISVÆNNI STEYPA

Við stefnum á núllið – kolefnishlutlaus steinsteypu frá og með 2030.

Það markmið er án hliðstæðu í heiminum því við göngum lengra í aðgerðum okkar en aðrir steypuframleiðendur. Þær ná yfir allt ferlið, allt frá sementsframleiðslu til niðurrifs mannvirkja.



bmvalla.is



BM·VALLÁ

Þægileg einingahús fyrir íslenskar aðstæður

ÍsBú alþjóðaviðskipti ehf. býður upp á einingahús frá Kína sem tekur aðeins um fjóra til sex mánuði að reisa. Húsin eru hönnuð fyrir íslenskar aðstæður og eru tilbúin til notkunar um leið og þau hafa verið reist.

„ÍsBú alþjóðaviðskipti hóf starfsemi árið 1974 en tók svo breytingum árið 1991 og varð alþjóðlegt fyrirtæki sem sinnti ráðgjöf og vann að fjölbreyttum verkefnum á erlendri grundu,“ segir Sandra Yunhong She, stjórnarformaður og eigandi ÍsBú. „Erlend starfsemi fyrirtækisins var viðtæk og hefur snúið að byggingarframkvæmdum, hótelvörum, orkuöflun, fiskvinnslu og skipasmíði í Kína, ásamt fleiru. Starfsemin fór fram víða um heim, til dæmis í Ameríku, Kína og Rússlandi. Árið 2001 breyttist starfsemi fyrirtækisins svo aftur og þá bættist við innflutningur á erlendum varningi til landsins.

Undanfarið ár hefur ÍsBú sérhæft sig í að þjóna hótelum, gistiheimilum, veitingastöðum, sjúkrahúsum og fleirum,“ segir Sandra. „Markmið okkar er að bjóða upp á heildarlausnir og gæðavörur á lágu verði, en ÍsBú hefur líka fjárfest í hótélbyggingum.“

Hús fyrir íslenskar aðstæður

„Í kjölfar heimsfaraldursins fórum við að skoða nútímalega byggingarhætti og hófum að flytja inn



Einingahúsin eru mjög fljótleg og einföld í uppsetningu.

einingahús frá Kína. Í nóvember síðastliðnum kom eitt sýningarhús til landsins, en húsið er sérsmíðið að íslenskum aðstæðum og byggingarreglugerðum og hannað af Sigurði Hallgrímssyni hjá Arkþing-Nordic og verkfræðingnum Hauki Margeirssyni,“ segir Sandra. „Það stenst einnig allar evrópskar reglugerðir og allt efni



Sandra Yunhong She, stjórnarformaður og eigandi ÍsBú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem er notað í húsið er CE-vottað.

Húsin er hægt að flytja inn strax. Þau eru fullinangruð og hafa fullinnréttuð eldhús og baðherbergi og gólfefni og lýsing og ýmislegt fleira er strax tilbúið til notkunar,“ segir Sandra. „Hver eining er í sömu stærð og flutningagámur og þær uppfylla alþjóðlegar kröfur varðandi sjó-

flutninga svo það er enginn auka kostnaður við flutningana.“

Fljótlegt í uppsetningu

„Þessi einingahús hafa styttri byggingartíma en hefðbundin hús og það tók til dæmis bara einn dag að setja upp sýningarhúsið,“ segir Sandra. „Það sem þarf að gera á staðnum er að loka samskeytum

á milli eininga og klæða húsið að utan, ef fólk vill. Þetta er allt hægt að gera eftir tilbúinni hönnun og teikningum.

Heildarbyggingartíminn er um fjórir til sex mánuðir. Það tekur um tvo til þrjú mánuði að smíða eininguna eftir að gengið er frá pöntun og svo tekur það um 35-45 daga að flytja hana til landsins í venjulega ástandi,“ segir Sandra. „Á meðan er gengið frá púða sem fer undir húsið.“

Góð lausn í húsnæðisskortri

„Einingahús henta öllum en eru sérstaklega þægileg fyrir hótél, glistaði, mynd- og hljóðver, skóla og fleiri. Þau henta líka vel sem íbúðir eða til að setja upp aðstöðu fyrir starfsfólk,“ segir Sandra. „Um þessar mundir er mikill skortur á húsnæði og byggingartími hefðbundins húss er um eitt til tvö ár, en með þessum hætti getur fólk flutt inn eftir um fjóra til sex mánuði. Annar kostur er að svona einingahús gæti bæði verið föst á grunni eða færanleg, en færanleg hús henta til dæmis mjög vel fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk, skóla eða tímabundnar íbúðir,“ segir Sandra. ■

Öllum er velkomið að hafa samband við ÍsBú alþjóðaviðskipti ehf. í gegnum síma 562-9018 / 898-5618 og í gegnum netfangið isbu@isbutrade.com eða heimasíðuna, isbutrade.com.

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Vinnupallar minna á að
öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón.
Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim.

vpallar@vpallar.is • www.vpallar.is

Betri gluggar - Bjartari framtíð



Ideal gluggar og hurðir eru framleidd með gæði og endingu í huga. Ideal core gluggakarmarnir eru árangur áratuga þróunar hjá Ideal combi. Ideal core kerfið skilar okkur gluggum með langan líftíma, gefa betri endingu og lægri kostnað þegar fram líða stundir

CE - merkt framleiðsla



Byggðu til framtíðar með Ideal combi gluggum
www.idex.is

IDEX

Víkurbær 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is



Kringlan var fyrsta verslunarmiðstöð landsins en hún var opnuð í ágúst 1987. Borgar-kringlan varð opnuð 1991 sem sjálfstæð verslunarmiðstöð en sameinaðist síðar Kringlunni. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Litla borgin stækkar og dafnar

Höfuðborgarsvæðið hefur tekið mjög miklum breytingum á hálfri öld. Það eru bara fáeinir áratugir síðan margar þekktar byggingar voru reistar þótt halda mætti að þær hefðu margar staðið miklu lengur. Lítum á nokkrar vel þekktar byggingar meðan þær voru í byggingu eða nýreistar.



Nýtt dómhús Hæstaréttar við Arnarhól var opnað í september 1996. MYND/LJÓSMYNDASAFN/REYKJAVÍKUR



Bióhöllin í Breiðholti var opnuð í mars 1982 með fjórum sýningarsölum. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Hús Verslunarinnar, Kringlunni 7, var opnað sumarið 1982 en byggingar-meistari hússins var Kristinn Sveinsson. Vinstra megin risu síðar meðal annars verslunarmiðstöðin Kringlan og Borgarleikhúsið. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Háteigskirkja var vígð í árslok 1965. Halldór H. Jónsson arkitekt hannaði kirkjuna. MYND/LJÓSMYNDASAFN RVK.



Hlemmur er yfirbyggt torg sem var reist árið 1978 sem ein af aðalskiptistöðvum Strætisvagna Reykjavíkur, SVR, eftir teikningu Gunnars Hanssonar arkitekts. Í dag er þar rekin mathöll. MYND/LJÓSMYNDASAFN/REYKJAVÍKUR

Íslensk gæði skína í gegn hjá Málningu

Fjölskyldufyrirtækið Málning var stofnað af afkomendum Péturs Guðmundssonar í Málaranum árið 1953, en Pétur rak um árabíl málningarverslun á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis, þar sem nú er Sólun.

„Málning hóf framleiðslu á málningu við Kársnesbraut í Kópavogi þann 16. janúar árið 1953. Því verður fyrirtækið 70 ára að ári og við hlökkum mikið til að fagna því ásamt starfsfólki okkar og viðskiptavinum,“ segir Haukur Baldvinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Málningar.

Faðir hans, Baldvin Valdimarsson, hefur verið framkvæmdastjóri frá því árið 1994, en báðir eru afkomendur Péturs í Málaranum.

„Fyrirtækið stækkaði fljótt á sjötta áratugnum, enda var leidarljós stofnenda Málningar að byggja stórt og öflugt framleiðslufyrirtæki í málningu. Húsnæði Málningar á Kársnesbraut brann svo til kaldra kola árið 1987. Nokkrum árum áður, eða 1981, hafði lager Málningar flust upp á Lynghals en í kjölfar brunans 1987 fluttist skrifstofa og verksmiðja Málningar á Funahöfða í október sama ár. Árið 1998 flutti Málning svo í glænýtt húsnæði á Dalvegi 18 þar sem við reukum verksmiðju og verslun enn í dag,“ upplýsir Haukur.

Hjá Málningu starfa rúmlega 40 manns. „Hér hefur alltaf ríkt einstaklega góður starfsandi og er hár starfsaldur einkennandi fyrir Málningu því margt af okkar starfsfólki hefur unnið hjá okkur í áratugi,“ segir Haukur.

Íslenskar vörur og framleiðsla

Málning er eina fyrirtækið á íslenskum málningarmarkaði sem framleiðir vörur sínar á Íslandi.

„Samkeppnin er hörð en við í Málningu erum mjög stolt af því að



Þórður Davíðsson er sölustjóri hjá Málningu sem verður 70 ára á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

umhverfsvottuðum vörum en ásamt því hefur Málning haldið grænt bókhald síðustu ár. Til að mynda skartar Málning samþykki frá Svaninum en til þess þarf að uppfylla strangar kröfur um framleiðslu og innihald. Viðskiptavinir leita að umhverfsvottunum á vörum sem þeir kaupa og það að vera með vottaðar vörur í úrvali er ein af mörögum ástæðum fyrir málningarkaupum í dag.“

Kjörvari vinsælasta varan

Eftir að Málning eignaðist rekstur Slippfélagsins árið 2010 varð fyrirtækið eini íslenski framleiðandi málningar á markaðnum.

„Það er íslenskum iðnaði mikilvægt að styrkja íslenska framleiðslu og vörur Málningar eru traustar og sérhannaðar fyrir íslenska veðráttu og aðstæður,“ segir Haukur.

Málning framleiðir mikið af málningu fyrir endursöluáðila.

„Við erum nokkuð stórir í öllum vöruflokkum en Kjörvari hefur líklegast verið meðal okkar þekktustu vara,“ upplýsir Þórður.

„Efni og málning geta verið hálfgerð trúarbrögð hjá mörgum sem velja kannski inni- eða úti-málningu frá Málningu en lakk frá öðrum aðilum sem er bara hið besta mál, enda samkeppni af hinu góða og heldur okkur á tánum. Flestir vita að þeir ganga að gæðunum vísunum hjá okkur og traustum, góðum og sannreynðum vörum. Það skiptir líka miklu máli að vera með fagfólk við þróun þess besta. Allt gerir það að verkum að vörur Málningar eru gæði í gegn,“ segir Þórður. ■



Málning er með verksmiðju sína og verslun á Dalvegi 18 í Kópavogi.

framleiða langstærstan hluta söluvara okkar sjálf og höfum oftast en ekki selt undir slagorðinu „Íslenskar vörur fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Þórður Davíðsson, sölustjóri hjá Málningu.

Það er mikilvægt að þekkja vel til aðstæðna á Íslandi þegar kemur að framleiðslu málningar, lakks og viðarvarnar.

„Því starfa hjá okkur tveir efna-verkfræðingar í fullu starfi við rannsóknir og þróun efna. Þeir fylgjast líka með framleiðslunni, gera prófanir og framkvæma gæðaeftirlit,“ greinir Þórður frá.

Haukur segir annað stolt Málningar vera framleiðslu á umhverfsvottuðum vörum.

„Með aukinni umhverfsvitund almennings og umræðu í þjóðfélaginu skiptir það gríðarmiklu máli og í allri framleiðslu Málningar er markmiðið að nýta orku, vatn og hráefni sem best. Málning er með ágætis úrval af

Málning er á Dalvegi 18. Sími 580 6000. Opíð virka daga frá klukkan 7.30 til 18 og á laugardögum frá klukkan 10 til 14. Sjá nánar á malingn.is

Vel og vandlega

Sérhæfð ráðgjöf við viðhald og endurbætur



Viðhald fasteigna er okkar sérgrein. Við störfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög og tryggjum að verkin séu unnin af fullkominni fagmennsku.



Framúrskarandi
fyrirtæki

verksyn.is | 517 6300


VERKSÝN

Áhugi eykst á vistvænum byggingum

Vistvæn hönnun húsnæðis hefur verið að aukast hér á landi með tilkomu aukins áhuga fólks á umhverfisvernd. Meðal þeirra fyrir-tækja sem hafa haft vistvænar áherslur og sjálfbærni í heiðri er Efla.

elin@frettabladid.is

Segja má að Efla hafi verið brautryðjandi í vistvænni hönnun og vottun bygginga hérlandis. Vistvæn vottun er gerð samkvæmt vistvottunarkerfum og má þar nefna BREEAM. Markmiðið er fyrst og fremst að byggingar hafi sem minnst umhverfisáhrif og séu heilsusamlegar auk þess sem viðhaldsþörfin minnkar.

Vistvottunarkerfi hafa verið þróuð til að ná fram meiri sjálfbærni í byggingariðnaði og hefur færst í vöxt að eigendur bygginga óski eftir vottun á vistvæni þeirra, að því er kom fram á fyrirlestri á morgunfundi Grænni byggðar um vistvæna hönnun og vottun bygginga sem fram fór í síðustu viku. Það voru Helga J. Bjarnadóttir, efna- og umhverfisverkfræðingur hjá Eflu, og Anna Kristín Hjartardóttir arkitekt sem héldu fyrirlesturinn en þær eru báðar BREEAM matsmenn og ráðgjafar.

Hvað er BREEAM vottunarkerfið?

Við vistvæna hönnun og vottun bygginga samkvæmt alþjóðlega BREEAM vottunarkerfinu er lagt



EFLA sá um ráðgjöf við Sjúkrahótelíð fyrir Nýja Landspítalann sem hlotið hefur hönnunarvottun.

MYND/ADSEND

mat á marga mismunandi þætti eins og:

- Umhverfisstjórnun á byggingar- og rekstrartíma
- Góða innivist sem tekur m.a. til hljóðvistar, inniloftgæða og lýsingar
- Góða orkunýtni og vatnssparnað
- Val á umhverfisvænum byggingarefnum
- Úrgangsstjórnun á byggingar- og rekstrartíma
- Viðhald vistfræðilegra gæða nánasta umhverfis
- Lágmyrkun ýmiss konar mengunar frá byggingu t.d. varðandi frárennsli og ljósmengun

Margþættur ávinningur

Vistvæn hönnun leiðir til minni umhverfisáhrifa af byggingunni á líftíma hennar samanborið við

hefðbundna byggingu. Einnig leiðir vistvæn hönnun af sér betri innivist, hefur jákvæð áhrif á ímynd og eykur velliðan notenda byggingarinnar.

Þau verkefni sem EFLA hefur komið að varðandi vistvæna hönnun og vottun eru til dæmis Snæfellsstofa í Vatnajökulspjóðgarði og skrifstofubygging að Höfðabakka 9. Þessar byggingar hafa báðar hlotið fullnaðarvottun BREEAM. Einnig sá EFLA um ráðgjöf við Sjúkrahótelíð fyrir Nýja Landspítalann sem hlotið hefur hönnunarvottun skv. BREEAM vottunarkerfinu, að því er kom fram í fyrirlestrinum.

Vistvæn hönnun

Vistvæn hönnun leiðir til minni umhverfisáhrifa af byggingunni yfir vistferli hennar, allt frá vali á

byggingarefnum, rekstri byggingarinnar til förgunar byggingarhluta eða allrar byggingarinnar.

Vistvæn hönnun leiðir af sér betri innivist og hefur jákvæð áhrif á velliðan notenda byggingarinnar. Ímynd gagnvart notendum byggingarinnar og hagsmunaaðilum verður betri. Erlendis hefur verið sýnt fram á að virði bygginga með vistvæna hönnun eykst. Engar rannsóknir liggja þó fyrir hérlandis enn sem komið er.

Vinnulag við vistvæna hönnun kallar á samþættari hönnun sem skilar sér í enn betra mannvirki fyrir vikið. Lítið er til nokkurra þátta þegar kemur að umhverfi vistvæna bygginga. Má þar meðal annars nefna samgöngur. Hér eru nokkur dæmi:

- Aðgengi að almenningssamgöngum

- Aðgengi að þjónustu í nærumhverfinu
- Valkvæðar samgöngubætur:
- T.d. bæta aðstöðu hjólandi og hlaupandi
- Yfirbyggð hjólageymsla
- Sturtu- og skiptiaðstaða
- T.d. rafhleðslustæði
- T.d. samráð við sveitarfélag um bættar vistvænar samgöngur
- Samgöngustefna og aðgerðir
- Stefna skilgreind í kjölfar viðhorfskönnunar meðal starfsmanna

Markmiðið með BREEAM

- Stuðla að betri hönnun
- Tryggja notkun aðferða sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif
- Hvetja markaðinn til að finna nýjar og umhverfisvænni lausnir
- Byggja heilnæmar og öruggar byggingar
- Auka vitund um umhverfisvænar byggingar
- Minnka rekstrarkostnað
- Gera betur en gert er ráð fyrir í reglugerðum
- Bjóða upp á viðurkenndan umhverfisstimpil fyrir byggingar
- Auka eftirspurn eftir sjálfbærum byggingum
- Bæta ímynd eigenda byggingarinnar
- Möguleiki á grænum fjárfestingum

Þeir sem vilja kynna sér nánar fyrir hvað BREEAM stendur geta farið á vefsíðu EFLU en þar er margvíslegur fróðleikur í boði. ■



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

ÞEKKING Í VERKI Í 90 ÁR

Traustir innviðir, byggðir upp í sátt við umhverfi og náttúru, einfalda okkar daglegu athafnir og gera líf okkar betra. Að baki uppbyggingunni liggur dýrmæt sérþekking, stöðugt mat og ómæld vinna færustu sérfræðinga.

Saga okkar er samofin uppbyggingu íslensks samfélags undanfarnir 90 ár.



Ofanleiti 2 / sími 422 8000 / verkis.is

Sjá um verkið frá A til Ö

Landstólpi er 22 ára gamalt fyrirtæki sem leggur aðaláherslu á sölu og innflutning stálgrindarhúsa og allt sem þeim fylgir.

Undanfarið hafa verkefni tengd sjávarútvegi aukist til muna og verkefni stækka sífellt.

Fyrirtækið Landstólpi samanstendur af mannvirkja-, landbúnaðar-, þjónustu- og vélasviði ásamt vélsmiðju. Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landstólpa, segir að upphaflega hafi starfsemin aðallega verið bundin landbúnaði en nú sé hún orðin mun fjölbreyttari.

„Í upphafi lögðum við áherslu á að veita bændum ráðgjöf og þjónustu við breytingar á eldri básafjósum í legubásafjósum. Við útvegum búnað í fjósin en fundum fljótt fyrir þörf til að geta útvegað yfirbygginguna líka,“ útskýrir hann.

Fyrsta stálgrindarhúsið var flutt til Íslands frá Hollandi árið 2004.

„Þetta var fjós frá H. Hardeman. En það fyrirtæki hefur verið að gera góða hluti í stálgrindarhúsum. Í dag höfum við flutt inn hátt í 250 stálgrindarhús fyrir alls konar iðnað. Við erum með sífellt breiðari vörulínur fyrir landbúnað á borð við tæknibúnað, hevinnsluvélur, sáðvöru, fôður og svo framvegis. En undanfarið ár hafa verkefni tengd sjávarútvegi aukist gríðarlega og við sjáum fram á að þau haldi áfram að aukast á næstunni,“ segir Arnar Bjarni.

Starfsemi Landstólpa er afar fjölbreytt að sögn Arnars Bjarna. Á mannvirkjasviði er boðið upp á hönnun og sölu á stálgrindarhúsum en einnig er hægt að fá afhent fullbúin hús.

„Við ákváðum það strax frá upphafi að bjóða upp á reisingu húsanna með í pakkanum og við fjárfestum í viðeigandi búnaði til þess. Það er að segja kranabíl, vinnulyftur og ýmiss konar handverkfærum til að geta unnið hratt og örugglega. Við bættum einnig við starfsfólki til að geta boðið þessa þjónustu,“ segir hann.

Allur pakinn á einum stað

Undanfarið hefur Landstólpi tekið að sér alverk í auknum mæli, sem þýðir að fyrirtækið sér um verkið frá a-ö. Til þess að gera það kleift hefur fyrirtækið bætt enn frekar við sig tækjakosti. Má þar nefna, gröfur, kranabíla, vinnulyftur og steypumót.

„Stærri verkefni hafa aukist mikið hjá okkur og við höfum verið í samstarfi við stórar verkfræðistofur. Húsin sem við reisum er orðin stærra og þar af nokkur sem eru yfir 3.000 fermetrar. Verkefnum hefur fjölgað í ýmiss konar iðnaði og hjá nýsköpunarfyrirtækjum en þau hafa aukist langmest í sjávarútvegi. Styrkur okkar hefur aukist og við tökum reglulega þátt í lokuðum útboðum,“ upplýsir Arnar Bjarni.

Þessi þróun gerir Landstólpa kleift að veita viðskiptavinum sínum enn betri þjónustu. Sérstada fyrirtækisins er að vera sölu- og innflutningsaðilar á stálgrindarhúsum, klæðningum, hurðum, gluggum og svo framvegis en vera einnig með vinnuliðinn sem fylgir á eftir.

„Það veitir viðskiptavinum okkar ákveðið öryggi og eykur þægindi þeirra. Þeir þurfa bara að vera í samskiptum við eitt fyrirtæki sem sér um allan pakann. Verkaupi þarf þá ekki að vera að tengja saman birgja og iðnaðarmenn og þetta kemur í veg fyrir mögulegar deilur um hver ber ábyrgð á hverju,“ segir Arnar Bjarni.

„Viðskiptavinir okkar fá allan pakann á einum stað.“



Bæði stálgrindarhúsin í Neskaupstað eru viðbyggingar við hús sem fyrir eru. Húsin eru allt að 20 metrar á hæðina og byggð við þröngar aðstæður.

MYNDIR / AÐSENDAR



Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landstólpa.



Starfsfólk Landstólpa við vinnu á Keflavíkurflugvelli.



Bráðabirgða-bygging á Keflavíkurflugvelli.



Stálgrindar-bygging á Keflavíkurflugvelli.

Markmiðið alltaf að gera betur

Þökk sé dýrmætri reynslu og þekkingu einkennist starfsemi Landstólpa af mikilli skilvirkni. Arnar Bjarni þakkar áralöngu samstarfi Landstólpa við sama framleiðanda og reynslumiklu starfsfólki það að húsin rísa svo hratt að eftir því er tekið.

„Við höfum heyrð fólk segjast hafa keyrt til vinnu að morgni fram hjá grunni og séð hús risið á sama stað síðdegis,“ segir hann hlæjandi.

Hann segir viðskiptavinir fyrirtækisins af ýmsu tagi þó bændur verði alltaf helstu viðskiptavinirnir.

„Viðskiptahópurinn hefur þó stækkað mikið, aðallega í gegnum mannvirkjasviðið. Við höfum átt ánægjulegt samstarf við fjölda stórfyrirtækja í iðnaði og þjónustu sem mörg hver hafa lagt traust sitt á okkur aftur og aftur.

Verktakar víðs vegar um landið sem eru að byggja upp iðnaðarhverfi í sinni heimabyggð hafa reglulega keypt hús hjá okkur í gegnum tíðina sem þeir reisa sjálfir. Í gegnum samstarfið hefur skapast góð vinátta og gagnkvæmt traust og fyrir það erum við gríðarlega þakklát.“

Arnar Bjarni segir markmið fyrirtækisins skýr. Þau eru að gera alltaf enn betur þegar horft er fram á við, tryggja mannauðinn og stækka hópinn með hæfu og skemmtilegu fólk.

„Við viljum líka gjarnan auka fjölbreytileika í okkar framboði til þess að geta brugðist enn betur við ólíkum verkefnum. En fyrst og fremst viljum við skila góðum verkum og gera sífellt betur.“ ■

Nánari upplýsingar á landstolpi.is



Landstólpi vinnur að stækkun á fiskimjölsverksmiðju fyrir Síldarvinnsluna í Neskaupstað. Húsin eru samtals um 2.000 fermetrar og 20 metra há.

Hljóðvist er næsta stóra heilsufarsverkefni



Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Ragnar Viðarsson starfar sem hljóðverkfræðingur, en fagið snýr að hljóðvist. „Hljóðvist er safnhugtak sem nær yfir allt hljóð í umhverfinu. Sjálfur starfa ég mest við hljóðvist í byggingum,“ segir Ragnar.

Ragnar leiddi fyrst hugann að hljóði og áhrifum þess á manninn þegar hann bjó í einbýlishúsi úr timbri. „Það var léleg einangrun á milli hæða og í svefnherberginu var lítið næði fyrir látum neðan úr eldhúsi þegar einhver var að baka eða elda. En í raun slysaðist ég út í þessa grein í verkfræðinámi í Svíþjóð. Námið þar er þverfaglegt og mér bauðst námskeið í hljóðvist sem ég ákvað að sitja fyrir forvitni sakir. Eitt leiddi af öðru og ég útskrifaðist sem hljóðverkfræðingur,“ segir Ragnar.

Maðurinn og hljóðið

Sköpun hljóða hefur fylgt mannum frá örófi alda. „Í Grikklandi til forna gerði Pýþagóras tilraunir með titring í strengjahljóðfærum og tónskala. Þetta eru elstu vísindin, en hann misskildi margt. Svo þróaðist fagið og það sem ég starfa við á sér um 150 ára sögu.“

En hvað með stóru dómkirkjurnar með sinn fallega hljómburð?

„Stóru dómkirkjurnar voru í raun hannaðar með brjóstviti sem kom mönnum ansi langt. Þessi stóru hús voru byggð drottin til dýrðar en ekki til að



Ragnar Viðarsson er annar tveggja hljóðverkfræðinga sem starfa hjá Hljóðvist ehf.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

skapa ákveðna hljóðvist. Hljómburðurinn var aukaafurð sem menn fóru að vinna með og finna út hvernig maetti stýra á ákveðinn hátt, til dæmis með því að breyta formi rýmisins. Upphækkaðir predikunarstólar voru líka byggðir með þaki sem speglaði hljóðið frá prestinum svo það heyrðist betur í honum messa, annars hefði rómur hans horfið í risastóran geimkirkjunnar.

Í dag er flókinn hugbúnaður og ýmsar formúlur á bak við hvert hljóðvistarverkefni sem gerir kleift að stuðla að viðeigandi hljóð-

vist í rýmum sem eru jafnvel enn í byggingu. Treble Technologies er til dæmis spennandi íslenskt sprotafyrirtæki sem hannar hugbúnaður sem býður upp á gagnvirkan sýndarveruleika sem mun nýttast við hönnun á hljóðvist.

Hljóð og heilsa

Fagið á Íslandi segir Ragnar ekki stórt. Þörfin á hljóðvistarverkfræðingum einskorðist mest við opinberar byggingar eins og skóla og leikskóla, skrifstofur, fjölbýlishús, tónlistarsali, fyrirlestrasali, félagsheimili og íþróttahús.

Hljóðvist snertir mörg ólík svið eins og arkitektúr, verk- og tækni-fræði, en hefur líka áhrif á sálræna þáttinn. „Það er misjafnt milli fólks hvernig það upplifir hljóð. Það sem einn upplifir sem gott hljóð getur annar upplifað sem slæmt. Þetta fer eftir aðstæðum og persónu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun hefur lýst yfir að slæm hljóðvist verði næsta stóra heilsuvandamálið sem þurfi að tækla. Þá er lítið til hljóðvistar í manngerðu umhverfi varðandi umferðarhljóð, nábylí fólks og fleira.“

Slæm hljóðvist getur haft mikil áhrif á fólk sem dvelur langtínum saman í slíku umhverfi, hvort sem um er að ræða vinnustað, heimili eða annað. „Slæm hljóðvist er lágstemmt langvarandi áreiti sem getur verið mjög þreytandi til lengdar. Slæm hljóðvist getur verið lúmsk því fólk skynjar oft ekki þreytuna fyrr en áreitið er farið. Eins og þegar maður er einhvers staðar þar sem vifta er í gangi. Svo slokknar allt í einu á henni, heilinn kemst í hvíld og maður fattar hve mikil læti voru í viftunni. Þarna viðheldur heilinn viðbragðsstigi, svokölluðu hrökkva eða stökkva ástandi, meðan á áreitinu stendur. Í þessu ástandi hækka blóðþrýstingur, ákveðin hormón fara út í blóðið sem getur leitt til hjartasjúkdóma, þunglyndis og fleira. Vissulega má fá sér eyrnatappa og loka eyrunum fyrir hljóðáreiti, en við það færirðu ákveðna fórn.“

Fólk er misviðkvæmt fyrir slæmri hljóðvist og segir Ragnar það skipta meginmáli hvað fólk er að gera varðandi hvað hver og einn þolir. „Sjálfur get ég ekki unnið í opnu skrifstofurými. Ég vinn með mikið af flóknum smáatriðum og get ekki einbeitt mér ef einhver nálægt mér þarf til dæmis að vera í símanum allan daginn. Tónlistarmenn þurfa aftur á móti að vinna með öðrum tónlistarmönnum í rými og þeir þurfa að heyrja hver í öðrum. Svo getur þetta snúist algerlega við hjá fólki. Eitthvað gerist og fólk hættir allt í einu að þola hljóð. Þetta getur verið nátengt sálrænum þáttum hjá fólki og er mjög persónubundið. Svo er einfaldlega

til fólk sem er með næmari heyrn en aðrir.“

Skólar og hljóðvist

„Eitt sinn kom ég inn í nútímalegt grunnskólahúsnæði þar sem nokkrir bekkir voru saman í stóru rými. Börnunum stóð til boða að fá eyrnahlífar lánaðar til þess að geta einbeitt sér. Ég get ekki skilið að nokkrum geti fundist það góð hugmynd að kenna börnum í þannig umhverfi. Börn og fólk með ADHD eiga sérstaklega erfitt með að einbeita sér í svona umhverfi og það getur eyðilaggt skólagöngu þeirra.“

Eitt verkefni sem mér hefur þótt heppnast hvað best á minum starfsferli er leikskólinn Álfaborg í Reykholti. Það var óvenjulegt verkefni enda kom ég inn í ferlið mjög snemma, á svipuðum tíma og burðarþolsmenn voru að ákveða staðsetningu steyptra veggja. Það var sveitarstjórnin sem ákvað að hljóðvistin í þessum leikskóla skyldi vera framúrskarandi sem gaf mér óvenjustórt hlutverk. Það er ekki nógu algengt að hljóðverkfræðingar komi svona snemma inn í verkefni á Íslandi. Oft erum við fengin inn á sama tíma og það á að innrétta. Þá er oft orðið of seint að stuðla að viðeigandi hljóðvist. Álfaborg í Reykholti er fyrir vikið bæði fallett húsnæði og hljóðvistin er svo góð að hún skilar öllum brosandri út í daginn.“

Hvernig þekkjast rými með slæmri hljóðvist frá rýmum með góða eða viðeigandi hljóðvist?

„Þú heyrir það strax þegar þú kemur inn í rými með slæma hljóðvist, ef þú ert að koma úr umhverfi með viðeigandi hljóðvist. Alla jafna eru þessi rými oftast með steypum veggjum, mikið af gleri, hátt til loftis og vítt á milli veggja. Það er langur ómtími, sem þýðir að það bergmálar mikið í rýminu. Það gerir fólki erfitt að einbeita sér, heyrja og taka þátt í samræðum. Slæm hljóðvist getur líka komið utan frá vegna umferðar. Í fjölbýlishúsum er algengt að fólk heyri samtöl eða tónlist á milli íbúða eða hljóð úr lögnum vegna lélegrar einangrunar. Í tilfelli flestra almenningsgarða borgarinnar væri mun skemmtilegra að geta heyrt þytinn í laufinu en að hlusta í sífellu á ærandi niðinn frá flug- og bílaumferð.“

Rými með viðeigandi hljóðvist eru öðruvísi. Ímyndaðu þér að þú gangir inn á veitingastað þar sem er fullt af gestum, allir að tala saman, þjónar þjóta um og mikið er um að vera í eldhúsinu. Góð hljóðvist gerir þér kleift að setjast niður með hópnum þínum og tala saman án þess að þurfa að hækka róminn og yfirgnæfa samtalið á næstu borðum. Góð hljóðvist er einfaldlega lífsgæði sem margir fara á mis við.“

Er hægt að ganga of langt í sköpun hljóðvistar?

„Markmið hljóðverkfræðinga er að bjóða upp á viðeigandi hljóðvist á hverjum stað. Þá er svarið ekki alltaf að dempa allt eins og útvarpsstúdíó. Það þarf að skoða hvert rými í samhengi við þá starfsemi sem þar fer fram. Ég fékk eitt sinn það verkefni að laga hljóðvist í 180 fermetra fyrirlestrasal. Þetta var mjög óvinsæll salur hjá kennurum og nemendum enda heyrði stór hluti nemenda ekki í kennaranum og þeir voru sífellt að biðja kennarann um að hækka róminn. Ég tók eftir því að það var búið að dempa allt loftið í rýminu og byrjaði á því að láta skipta út 25% af dempunarplötum fyrir harðar plötur. Það er ekki byrjað að kenna aftur í salnum en þetta er klárlega skref í rétta átt. Um leið og kennsla hefst er hægt að stilla dempunina betur út frá upplifun notenda.“ ■

larson®
- áklæðningar



Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega áklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

www.idex.is

Nýjir risar í Rúko-fjölskylduna

Nýjasti risinn
Liebherr 220 EC-B 12
árgerð 2022



Sjálfreisandi
Liebherr 53k
árgerð 2022



Sjálfreisandi
Liebherr 81k.1
árgerð 2022



Saman látum við stóru verkin tala

Rúko vinnuvélar bjóða nýja krana velkomna í fjölskylduna:
Sjálfreisandi **Liebherr 53k** og **Liebherr 81k.1** árgerð 2022

Svo fögnum við sérstaklega nýja risanum
Liebherr 220 EC-B 12 sem er væntanlegur í apríl.





Húsnaðis- og mannvirkjastofnun er til húsa að Borgartúni 21 í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Losun íslenskra bygginga

starri@frettabladid.is

Fyrsta mat á árlegri losun íslenskra bygginga liggur fyrir. Það er Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS), í samstarfi við Byggjum grænni framtíð, sem hefur nú gefið út í fyrsta sinn skýrslu um heildarkolefnislosun frá íslenskum byggingariðnaði. Fram til þessa hefur ekki verið framkvæmt heildrænt mat á losun byggingariðnaðarins. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að árleg losun íslenskra bygginga er um 360 þúsund tonn CO₂-ígilda. Byggingarefni, þá einkum steypa, er áhrifaríkasti þátturinn í kolefnisspori íslenskra bygginga og 30 prósent af kolefnissporinu stafa frá orkunotkun á rekstrartíma bygginganna.

Á vef HMS kemur meðal annars fram að byggingarefni (einkum steypa) beri ábyrgð á 45 prósentum af kolefnisspori íslenskra bygginga, 13 prósent af heildarlosuninni koma frá flutningi byggingarefna á verkstað og vinnuvélum á verkstað, 12 prósent stafa frá viðhaldi og loks koma 30 prósent frá orkunotkun í rekstri bygginga, sem jafnan er stærsti losunarsvaldurinn víða erlendis.

Mat á kolefnislosun íslenskra bygginga er liður í samstarfsverkefni stjórnvalda og atvinnulífs um vistvæna mannvirkjagerð. Verkefnið kallast Byggjum grænni framtíð, hófst formlega í september 2021 og á rót sína að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. ■

HEIMILD: MVS.IS



Stigar geta verið mikið augnayndi en mikilvægt að hafa handrið í lagi.

Vörn gegn slysum

thordisg@frettabladid.is

Stigar eru oftast en ekki til mikillar þryði í hýbýlum fólks og hvers kyns mannvirkjum, og ekki síst handrið sem er notað við í útliti og stíl.

Í byggingarreglugerð númer 6.5 segir að handrið eigi að vera sett til varnar því að börn og fullorðnir geti fallið niður stiga. Því skuli handrið vera á öllum svölum bygginga, stigum, tröppum, pöllum og annars staðar þar sem hættu er á falli.

Handrið og handlistar skulu vera af fullnægjandi efnisgæðum og styrk og uppfylla allar kröfur til burðarþols og endingar sem fram koma í þessari reglugerð og þeim stöðlum sem hún vísar til.

Handrið skal því hanna þannig að það verji fólk falli og að ekki séu möguleikar á að klifra í því. ■

HEIMILD: HMS.IS

Þrívíddarprentuð hús

sandragudrun@frettabladid.is

Þrívíddarprentaðar byggingar kunna að hljóma einkennilega í eyrum einhverra, en aðferðir við að þrívíddarprenta hús hafa verið í þróun í rúman aldarfjórðung. Eitt fyrsta þrívíddarprentaða íbúðarhús í heimi er í Rússlandi, tæpir 3.000 fermetrar að stærð. Byrjað var að prenta veggj hússins árið 2015 og það var fullklárað

tveimur árum síðar. Í Kína, Dúbaí og Hollandi hafa verið gerðar tilraunir í byggingu þrívíddarhúsa undanfarið ár og fyrstu íbúar þrívíddarhúss í Hollandi fluttu inn fyrir tæpu ári. Efnin sem notuð hafa verið í þrívíddarprentuð hús eru til dæmis leir og steinsteypa. Talið er að hús sem byggt er með þrívíddartækni kosti um 20-40% minna í framleiðslu en hús byggt á hefðbundnari máta. ■



Þrívíddarhús í Peking í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

2000 — 2021

Eldhúsinnréttingar



Friform

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is

Sefur rótt eftir margra ára svefntruflanir

Þorgeir Valur Pálsson, 48 ára lagerstjóri, hefur fundið fyrir óþægindum vegna svefntruflana í mörg ár. Þá vaknaði hann að meðaltali tvisvar hverja nótt. Nú tekur hann inn Sofðu rótt frá ICEHERBS og sefur út alla nóttina án þess að rumska.

Þorgeir byrjaði að taka inn Sofðu rótt frá ICEHERBS í byrjun september eftir að hafa fundið fyrir svefntruflunum í mörg ár. „Ég sef alla jafna fast þegar ég sofna. En svo rankaði ég vanalega við mér á ákveðnum tímamarki á nóttunni og átti oft erfitt með að festa svefn aftur. Þá var ég að meðaltali að vakna svona tvisvar sinnum á nóttu, stundum til að pissa en oftast virtist ekki vera nein sérstök ástæða fyrir því,“ segir Þorgeir.

„Raunar tengi ég svefntruflanirnar ekki við neitt sérstakt, hvorki kvíða né stress. Og það getur vel verið að ég hafi alltaf verið svona, en að með aldrinum finni ég meira fyrir áhrifunum af svefnleysinu. Ég byrjaði líka að finna sérstaklega fyrir því hversu mikilvæg hvíldin er eftir að ég fór að æfa meira í líkamsræktinni, en ég byrjaði að lyfta og æfa stífar fyrir fjórum árum.“

Fann mun á nokkrum dögum

Þorgeir var að ræða um nætur-rumskið sitt og þá benti einhver honum á að Sofðu rótt gæti kannski hjálpað. „Fyrst keypti ég mér eitt hylkjaglas til að kanna áhrifin. Eftir að hafa tekið eitt hylki á hverju kvöldi í nokkra daga byrjaði ég að finna mun á mér. Það tók mig nokkra daga að fatta muninn, enda hafði ég einstaka sinnum áður náð að sofa út alla nóttina. En þarna náði ég skyndilega, eftir margra ára svefn-



Þorgeir Valur var snöggur að finna fyrir mun á svefngæðum eftir að hann byrjaði að taka Sofðu rótt frá ICEHERBS á hverju kvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

hefur verið notuð um aldir við þunglyndi, svefnvandamálum, kvíða og streitu. Þá er hún þekkt fyrir að virka almennt slakandi og róandi, og á að bæta eðlilegan og samfelldan svefn.

Rannsóknir á magnolíu hafa sýnt fram á að hún inniheldur virk efni, sem vitað er að hafi áhrif á andlegt jafnvægi. Virku efnin í magnolíuberkinum eru þannig þekkt fyrir að örva boðefni í heilanum og koma jafnvægi á hormónið kortísón. Þau geta virkað almennt slakandi og róandi og bæta eðlilegan og samfelldan svefn.

Sofðu rótt-blandan inniheldur einnig íslensk fjallagrös sem eru oft nefnd gingseng Íslands. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járn og kalsíum. Fjallagrös hafa verið þekkt fyrir vatnslosandi áhrif sín og geta hjálpað til við að draga úr þjúg. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem hafa reynst vel við þyngdartap, geta bætt meltingu og styrkt þarmana.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskrri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavinum. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni.“

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á iceherbs.is.



truflanir, að sofa fastasvefni alla nóttina án þess að rumska, margar nætur í röð.“

Sefur eins og lamb

„Í dag tek ég Sofðu rótt á hverju kvöldi, um hálf ellefu, og steinlegg út alla nóttina þar til ég vakna um morguninn. Ég hef aldrei viljað fara á svefnlyf og finnst gott að vita til þess að Sofðu rótt er náttúruleg vara. Ég finn líka fyrir fótáóeirð á

næturnar og mest þegar ég er að reyna að sofna. Þá finn ég sérstaklega fyrir því þegar ég hef tekið vel á í rækinni þann daginn. Við fótápirringnum tek ég magnesíum og saman virka þessi tvö bætiefni mjög vel á mig og ég sef eins og steinn.

Ég finn líka fljótt mun ef ég gleymi að taka hylkið. Dæmi um það gerðist bara í fyrradag. Þá gleymdi ég að taka inn Sofðu rótt fyrir svefninn. Sömu nótt vaknaði ég þrisvar sinnum, sem hafði ekki gerst lengi. Svo í gærkvöldi tók ég hylkið og svaf eins og lamb,“ segir Þorgeir.

Náttúrulega slakandi og róandi

Náttúrulegar lausnir eins og jurtir og lækningajurtir hafa verið notaðar langt aftur í aldir um heim allan. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar, ekki klínískar þó, en þær eiga það sameiginlegt að

sýna fram á virkni lækningajurta. Flestar lækningajurtir eru skaðlegar fyrir því þegar ég hef tekið vel á í rækinni þann daginn. Við fótápirringnum tek ég magnesíum og saman virka þessi tvö bætiefni mjög vel á mig og ég sef eins og steinn.

Sofðu rótt í alla nótt

Sofðu rótt frá ICEHERBS inniheldur magnolíubörk og íslensk fjallagrös. Saman virka þessar tvær jurtir einstaklega vel til þess að bæta svefn á náttúrulegan og heilbrigðan hátt. Þessi öflugla blanda hentar vel fyrir þá sem vilja aðstoð við að ná betri, jafnari og samfelldum svefni sem og bæta andlega líðan.

Þessi magnaða jurt, magnolía,

Hræódýr og meinhold bragðbomba



Jóhanna María Einarsdóttir jme @frettabladid.is

Hefurðu einhvern tíma velt fyrir þér hvers vegna maturinn á veitingastöðunum er alltaf miklu ferskari og bragðbetri en heima í eldhúsinu?

Eitt af því sem við förum mörg á mis við í eldamensskunni er að nýta ferskleika súrsaðs grænmetis.

Ég er ekki að tala um súrar en samt einhvern veginn dísætar gúrur eða rauðbeður sem hafa verið svo lengi í krukunni að það er komið að síðasta söluþegi. Ónei. Hér er verið að meina brakandi ferskt nýpikklað grænmeti.

Takkó án pikkles er eins og hljómsveit án takts. Ímyndaðu þér: safaríkt hægdað kjöt eða hakk, eða kryddað oumph, fersk tómatsalsa, rifinn ostur eða kurlaður fetastur, stökkar kálræmur og gomma af kóriander. Nýpikklaður rauðlaukur á toppinn lyftir öllum þessum innihaldsefnum einfaldlega á hærra stig í ferskleika.

Það besta er að með þessu ertu að bæta grænmeti á matardiskinn í formi bragðbomba, án þess að hafa mikil áhrif á kaloriufjöldann, því edik og vatn, smá salt og ögn af sykri er ekki svo slæmt þegar allt kemur til alls. Svo er borðedikíð að sama skapi hræódýrt.



Þegar þú hefur tileinkað þér þessa einföldu tækni leysast pikkunar-draumar þínir algerlega úr læðingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Ómissandi pikkles

[Borðedik \(eða annað edik að eigin vali\) og vatn í jöfnu magni](#)
[Smá salt](#)
[Smá sykri](#)
[Grænmeti að eigin vali](#)
[Krydd að eigin vali](#)

Dæmi um uppskrift

Möguleikarnir eru nær endalausir og gefur hvert innihaldsefni nýtt og ferskt bragð, ólíka áferð og mismunandi stökkleika.

Rauðlaukur er eitt fallegasta grænmeti sem hægt er að pikkla enda verður vökvinn og laukurinn djúp-magentableikur á litinn. Einnig er klassískt að skera gulrætur niður í þunnar sneidar. Þær

gefa einstakan stökkleika. Selleri og radísar má líka pikkla og kemur bæði skemmtilega út.

Að finna út það magn af vökva sem þarf á móti hverju grænmeti fyrir sig er eitthvað sem kemur með æfingunni. En það er gott að byrja á rauðlauks- og gulrótublöndu. Skerðu einn rauðlauk í tvennt frá botni að toppi. Fjarlægðu hýðið. Skerðu laukinn í þunnar sneidar með fram rökunum í lauknum. Ef þú skerð þvert á rákirnar er hættu á að hann verði ekki eins stökkur. Flysjaðu gulræturnar og skerðu í þunnar sneidar eða hálfmána.

Finndu til krukku eða box sem grænmetið passar í og komdu því fyrir þar. Ef ekki er of vítt til veggja

í ílátinu ættu 4-5 desílítrar af pikkunarvökva að ná að fljóta yfir gulræturnar og laukinn. Ef þú ert að nota of stórt ílát er betra að búa til meira af vökva en minna.

Blandaðu saman 2,5 desílítrum af vatni og jafnmiklu af borðedik í lítinn pott. Bættu við um einni teskeið af salti og einni teskeið af sykri. Gott er að setja út í þetta 1 lárviðarlauf, um 10 kórianderfræ, 10 svört heil piparkorn og um ½ teskeið oreganó. Settu á hellu og hitaðu þar til fer að sjóða.

Helltu svo vökvanum yfir grænmetið í krukunni í gegnum sigti. Leyfðu að kólna aðeins á borðinu áður en þú setur inn í ísskáp, en sýrt grænmeti er langbest borið fram iskalt og brakandi. ■

» Takkó án pikkles er eins og hljómsveit án takts.

Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Reykgrár og hvítur til afhendingar strax. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðaalyfta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
10 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafvirkjakti. straumblik@gmail.com

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

Keypt & Selt

Til sölu



Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



Ruslatunnur fyrir flokkað sorp

EcoArc endurvinnslutunnur

Hentar utan- sem innandyra. Þakið hindrar að rigni ofan í tunnuna. Yfirborð er hrjúft til þess að ekki sé hægt að líma límniða á tunnurnar. Hannaðar til að taka minna gólfpláss. Hægt er að læsa tunnunum. Festingar í botnplötu til að festa við gólf. A4 ramar fyrir leiðbeiningar. A2 rammi á hlið fyrir aðrar upplýsingar. Stærðir: H: 1100 - B: 333 - D: 600 mm

Einnig er hægt að snúa tunnunum bak í bak



Sýningarsalur
Draghálsi 4 - S: 535 1300
verslun@verslun.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi aðalskipulagsáætlunar:

1. Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 – 1506033

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Innan aðalskipulags er lögð fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu á skipulagstímanum. Við gildistöku nýs aðalskipulags mun gildandi aðalskipulag ásamt síðari breytingum falla úr gildi. Með nýrri aðalskipulagsáætlun er lögð fram skipulagsgreinargerð, sveitarfélagsuppráttur, uppráttur sem tekur til afréttar ásamt þéttbýlisuppráttum sem taka til þéttbýlisins að Borg og Sólheima. Að auki er lögð fram forsendu og umhverfisskýrsla, flokkun á landbúnaðarlandi, skilgreining landbúnaðarsvæða L1-L3 auk uppráttar sen taka til verndarsvæða, vega í náttúru Íslands, vistgerða og minja samkvæmt aðalskráningu fornminja.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

2. Kerhraun svæði A, B og C; Frístundabyggð; Endurskoðað deiliskipulag – 2201063

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til frístundasvæðis að Kerhrauni, svæði A, B og C. Tillagan er sett fram sem nýtt deiliskipulag og tekur til allra þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi svæðisins. Við gildistöku deiliskipulags falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags. Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að uppfæra eldra skipulag í samræmi við núgildandi lög og skilgreina helstu bygginga- og framkvæmdaskilmála innan svæðisins með skýrum hætti.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögu á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélagsins: <https://www.gogg.is/>

Mál innan auglýsingar eru auglýst frá 23. febrúar 2022 til og með 7. apríl 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

ráðum
ráðningarstofa

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



Reykjavík er of stór fyrir Jöfnunarsjóð



Kolbrún Baldursdóttir
varaþingmaður og borgarfulltrúi Flokks fólksins

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er e.t.v. ekki efst í huga fólks svona almennt séð. Engu að síður skiptir sjóðurinn miklu máli í lífi fólks, án þess að mikið beri á.

Reykjavík hefur allt frá stofnun Jöfnunarsjóðs verið tekin út fyrir sviga að ákveðnu leyti vegna stærðar sinnar. Hún nýtur hvorki framlags til jöfnunar kostnaðar á rekstri grunnskóla né framlags vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Árið 2019 var lögum breytt á þann veg að framlög til jöfnunar vegna kostnaðar við rekstur grunnskóla skyldi ekki greiða til sveitarfélaga með fleiri en 70.000 íbúa. Þar með á Reykjavík eitt sveitarfélag ekki möguleika á því að hljóta umrædd framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.



Það er vissulega sérkennilegt að Reykjavík fái ekki framlag til jöfnunar kostnaðar á rekstri grunnskóla vegna þess að íbúar eru fleiri en 70.000.

Það er vissulega sérkennilegt að Reykjavík fái ekki framlag til jöfnunar kostnaðar á rekstri grunnskóla vegna þess að íbúar eru fleiri en 70.000. Kraginn myndar samfellda byggð með heildarfjölda vel yfir 70.000 manns en þau sveitarfélög fá engu að síður hátt í 2 milljarða króna í jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla ár hvert. Þau lúta sömu viðmiðum um fjölda nemenda í hverjum bekk og greiða kennurum svipuð laun.

Þá skýtur skökku við að Reykjavík geti ekki fengið framlag vegna nemenda með íslensku sem annað

tungumál í ljósi þess að hvergi eru fleiri nemendur í þessari stöðu. Við hljótum að þurfa að taka tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið síðustu 20 árin með gríðarlegum tilflutningi erlends fólks til landsins sem að stórum hluta sest að í Reykjavík.

Flokkur fólksins vill tryggja öllum börnum góða menntun. Það er þess vegna nauðsynlegt að skoða hvort jöfnunarkerfi sveitarfélaga hafi þróast í samræmi við lýðfræðilegar breytingar og með tilliti til þróunar í kennslufræðum og menntamálum.

Þessa viku sit ég í fyrsta sinn á þingi sem varaþingmaður Flokks fólksins. Ég mun leggja fram þingsályktunartillögu um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að endurskoða löggjöf og regluverk með það að markmiði að öll börn njóti réttlætis, óháð búsetu. Það er ekki hægt að una við að eitt sveitarfélag sé fyrirfram útilokað frá úthlutunum jöfnunarframlaga til rekstrar grunnskóla, einungis vegna stærðar. Jöfnunarframlög á að greiða eftir þörfum, samkvæmt hlutlægum reiknireglum er byggjast á málefnalegum sjónarmiðum. ■

Akstursþjálfun í Þýskalandi



Guðni Sveinn Theodórsson
ökukennari í meiraprófum

Árið 2015 birti ráðherra umferðarmála reglugerð um skyldu atvinnubílstjóra að endurmennta sig með reglulegum hætti, þ.e. fimm námskeið á fimm ára fresti. Síðan þá hafa bílstjórar og fyrirtæki sinnt þessari skyldu og gert það vel. Námskeiðin eru flest bókleg og fara þau í dag að mestu fram á netinu. Efnid á námskeiðunum tengist vinnuumhverfi atvinnubílstjóra og upprifjun á ýmsu t.d. lögum, reglum, umhverfi, öryggi og skyndihjálpi.

Frá árinu 2015 hefur Ökuland boðið upp á, auk bóklegu nám-


skeiðanna, verkleg endurmenntunarnámskeið. Námskeiðin hafa bæði verið haldin hér á landi sem og í Þýskalandi. Námskeiðin ytra eru unnin í samstarfi við Daimler sem framleiðir m.a. Mercedes Benz og Setra atvinnubíla. Samgöngustofa samþykkir námskeiðin sem sérhæfð valnámskeið til endurmenntunar.

Hægt er að velja um tvær tegundir af námskeiðum, þ.e. fyrir vörubíla og hópferðabíla. Námskeiðin fara fram á sérhönnuðum æfingssvæðum í Þýskalandi. Þátttakendur fá tækifæri til þess að gera margvíslegar akstursæfingar sem miða að því að auka öryggi og kynnast akstursöryggisbúnaði sem er til staðar í atvinnubílum.

Næsta námskeið verður 2. apríl nk. Sjá má ferðaáætlun fyrir þessa náms- og skemmtiferð á okuland.is.

Skráningu lýkur á næstu dögum. ■

Tóm orð um jafnrétti



Einar S. Björnsson
læknir

tilkomnar vegna meistaraflokks Þórs/KA og átta u.þ.b. tvær milljónir að fara frá hvoru félagi um sig. Þór skilaði sínum hluta til KA/Þórs en engu var skilað frá KA. Ef ekki hefði verið fyrir árangur kvennaliðsins Þór/KA þá hefðu félögin á Akureyri fengið um 4 milljónum minna úthlutað en raunin varð.

Forsvarsmenn KA, með framþjóðandann Sævar Pétursson í fararbroddi, létu ítrekaðar umkvartanir um þetta hróplega óréttlæti sem vind um eyrun þjóta. Þannig var fjármagn sem með réttu átti að fara til kvennaliðs KA/Þórs nýtt í uppbyggingu innan KA. Þannig virðist það vera tóm orð að jafnrétti sé í forgrunni á vegum þessa framþjóðanda. Að auki hefur Sævar verið í stjórn ÍTF (sem þýðir vist íslenskur toppfótbolti!) sem virðast vera samtök sem snúast fyrst og fremst um það að skapa einhvers konar elitu í okkar litla landi og til hliðar við KSÍ. Þó svo að flest félög landsins hafi gengið til liðs við ÍTF hefur það engu skilað til þeirra. Ekki hefur Sævar séð ástæðu til að berjast fyrir jafnrétti frekar á þeim vettvangi ef litid er til þess sem ÍTF hefur skilað til liða í kvennaboltanum hingað til. KSÍ á hins vegar að starfa fyrir alla, konur, karla og börn. Þess er skemmst að minnst hvernig almenningur um alla Evrópu tók því þegar nokkur topplíð í Evrópu ætluðu að stofna súperdeild fyrir 1-2 árum. KSÍ þarf formann sem er umhugað um alla sem stunda knattspyrnu á Íslandi. ■

Formannskjör í KSÍ stendur fyrir dyrum. Annar framþjóðandinn Sævar Pétursson framkvæmdastjóri KA telur það sér til tekna að leggja mikið upp úr jafnrétti í hreyfingunni með framboði sínu enda er það tímanna ták. En oftast ber að skoða fremur gerðir manna en loforð í þessu sem öðru. Minnt skal á að fyrir nokkrum árum stóð framþjóðandinn að því að mismuna á milli karla- og kvennaknattspyrnu á Akureyri þ.e.a.s. kvennaknattspyrnuliðið KA/Þór fékk riflega 2 milljónum minna í sinn hlut en því bar. Um var að ræða upphæð sem úthlutað var frá KSÍ til aðildarfélaganna vegna tekna sem til komu vegna árangurs Íslands á EM í Frakklandi 2016.

Samkvæmt útreikningum KSÍ kom fram að fjórar milljónir voru



FRÉTTAVAKTIN

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttu-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettablaðid.is



HRINGBRAUT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag Mál-efni liðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Kvinnaklefinn Heimsborgaralegur, hrein-skilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Markaðurinn (e)

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Ghosts
- 15.30 Kenan
- 15.55 Survivor
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 The Block
- 20.10 Celebrity Best Home Cook
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Station 19
- 22.40 The Great Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi sem fjallar um eina merkustu konu mannkyns-sögunnar, Katrínu miklu.
- 23.35 The Late Late Show
- 00.20 Dexter
- 01.10 9-1-1
- 01.55 NCIS. Hawaii
- 03.25 Tónlist

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2009-2010 Árborg-Grindavík
- 14.25 Verbúðin - á bak við tjöldin
- 15.20 Mamma mín
- 15.35 Hvunnagshetjur Jonna og Örlýgur
- 16.00 Okkar á milli
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Tölukubbar
- 18.06 Hruturinn Hreinn
- 18.13 Refurinn Pablo
- 18.18 Múminálfarnir
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins
- 18.52 Vikinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Kiljan
- 20.45 Hádegisspjall Stuttir norskir þættir þar sem fólk ræðir alls kyns málefni.
- 21.00 Kraftaverkið The Miracle
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Stacey Dooley. Eiturlyfjastrið á Spáni. Heimildarþáttur frá BBC þar sem Stacey Dooley rannsakar eiturlyfjainnflutning á Suður-Spáni, sem er ein helsta flutningaæð eiturlyfja frá Suður-Ameríku til meginlands Evrópu. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.15 Undirrot hatus Why We Hate
- 23.55 Dagskrárlök

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 All Rise
- 10.05 Britain's Got Talent
- 11.00 Masterchef USA
- 11.40 Matargleði Evu
- 12.05 Um land allt
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 GYM
- 13.20 Kjötætur óskast Stórskemmtileg þáttaröð um samfélagstíraun sem reynir á þolrifin hjá erki-kjötætum og matvöndum börnum og fullorðnum.
- 14.10 Gulli byggir
- 14.45 Manifest
- 15.30 Falleg íslensk heimili
- 15.55 Who Do You Think You Are?
- 16.55 Last Week Tonight with John Oliver
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Heimsókn
- 19.40 First Dates Hotel
- 20.25 Daisy Maskell. Insomnia and Me
- 21.25 The Unusual Suspects
- 22.20 Coroner
- 23.05 The Blacklist
- 23.50 NCIS
- 00.30 Better Call Saul
- 01.25 Better Call Saul
- 02.20 Better Call Saul
- 03.20 The O.C.
- 04.00 All Rise

Markaðurinn með púlsinn á viðskiptalífínu

Gestir Markaðarins á Hringbraut í kvöld klukkan 19.00 verða Ólafur Þór Jóhannesson, forstjóri Skeljungs, sem fara mun yfir breytingar á starfsemi félagsins í samtali við Helga Vífil Júlíusson – og svo mun Elin Hirst ræða við Runólf Ólafsson, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda, um rafbílavæðingu og síðasta bílinn sem framleiddur verður til að brenna jarðefnaeldsneyti.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
- 1 hrísluskógur
 - 5 sár
 - 6 hæð
 - 8 skipa
 - 10 í röð
 - 11 stig
 - 12 vöndull
 - 13 fleygur
 - 15 púður
 - 17 nötra

- LÓDRÉTT**
- 1 slengjast
 - 2 efldu
 - 3 miski
 - 4 röndin
 - 7 skemmtun
 - 9 aragrúi
 - 12 skjól
 - 14 fát
 - 16 rún

LÁRÉTT: 1 karr, 5 aum, 6 ás, 8 skikka, 10 tu, 11 rim, 12 hönk, 13 spæk, 15 tálkum, 17 tíra, 7 LÓDRÉTT: 1 kastast, 2 juku, 3 am, 4 rákín, 7 samkoma, 9 krökk, 12 hæll, 14 pat, 16 úr.

Sudoku

		6	1		7		3	8
				2				
8	4							5
			7					
5			3	6	1	9	4	
2		1		8				7
		5	2		4	3		9
1	2		6			4	8	5
						1	2	

			3	8		7		5
9	4		1			2		
		8			2			
2						9		1
7	6						5	
1			4					
	9	5					6	3
4	6							
				4	8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



VELFERÐARÞJÓNUSTA

Fimmtudaginn 3. mars gefur Fréttablaðið út sérblað um velferðarþjónustu.


Innan velferðarþjónustu eiga heima heimahjúkrun, velferðartækni, fjarheilbrigðisþjónusta, sjúkrapjálfun, endurhæfing, hjálpartæki og annað sem snýr að eldri borgurum og langveikum, en einnig margt sem viðkemur börnum. Síðustu 22 mánuðir hafa verið afar sérstakir svo ekki sé meira sagt og viljum við gera allri velferðarþjónustu góð skil.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jóhann Waage, sölu- og markaðsfulltrúa
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is

Bónus einstaklings réttir



698
kr./pk.



698
kr./pk.



698
kr./pk.



998
kr./pk.

Bónus einstaklingsréttir
450 g - fjórar tegundir

BÓNUS



1.759
kr./pk.

Bónus súpá
Saltkjöt og baunir
1 kg



459
kr./pk.

Covid 19 sjálfspróf



698
kr./pk.

Rúðuvökvi
-18 gráður
4 ltr



Crispy chicken hot wings
500 g

698
kr./pk.

Tilbúið á svipstundu í air fryer



Crispy chicken strips
350 g



20,2 g
kolvetni*

90
kaloriur*

61
u.þ.b
kr./stk.
Dole banani
275 kr./kg

1,8 g
trefjar*

1,2 g
prótein*

* miðað við 100 g - einn banani er u.þ.b 150 g án hýðis



Ég opna hjartað og fer af stað, segir Gísli Örn Garðarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Ég er að þjóna verkinu



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Gísli Örn Garðarsson er einn á sviðinu í leikritinu *Ég hleyp* eftir Line Mørkeby sem Borgarleikhúsið frumsýnir á morgun, fimmtudaginn 24. febrúar.

Ég hleyp er leikgerð bókar sem blaðamaður á Politiken skrifaði eftir að hafa misst dóttur sína, en sex tímum eftir lát hennar fór hann út að hlaupa.

„Við sem manneskjur erum alltaf að reyna að halda í rútinu, við viljum hafa allt í skorðum en þegar manneskja lendir í áfalli þá sundrast allt. Það er engin tímalína lengur, ekkert upphaf og enginn endir. Bara

óreiða. Það er í eðli mannsins að reyna að ná utan um þessa óreiðu og koma henni í eitthvert form. Ótrúlega margir hafa upplifað þetta og í þessu leikriti er maðurinn að reyna að strúktúrera sig upp á nýtt,“ segir Gísli Örn. „Þetta er gríðarlega gott og vel upp byggt verk. Sem leikari er maður að leita að sögum sem eru skýrar og vel samdar. Þetta er flott verk hvað það varðar.“

Óður til líkamans

Í leikritinu er Gísli Örn á hlaupabretti og talar og hleypur á sama tíma, tíu til tólf kílómetra á hverri sýningu. „Það er mjög erfitt en ég er enn heill á húfi. Líkamlega er þetta

”
Sem leikari er maður að leita að sögum sem eru skýrar og vel samdar. Þetta er flott verk hvað það varðar.

mjög strembið ferðalag,“ segir hann.

Gísli Örn segist ekki hafa staðið einn á sviði í heilli leiksýningu síðan hann útskrifaðist úr Leiklistarskólanum fyrir tuttugu árum. „Það var kannski líka þess vegna sem mig langaði til að takast á við þetta hlutverk. Þetta er áskorun fyrir mig sem leikara og líka líkamleg áskorun af því að ég er á hlaupabretti. Einhvern tímann fannst mér sjarmerandi hugmynd að hlaupa en í eðli mínu er ég enginn hlaupamaður. Í þessari sýningu upplifi ég hlaupin sem ákveðinn óð til líkamans.“

Margir sem hafa upplifað sáran missi hafa farið út að hlaupa og upplifa hvernig líkaminn ber þá áfram og finna um leið að þeir eru enn á lífi. Líkaminn er með mörg þúsund ára reynslu í áföllum en hugur okkar er jafn gamall og við erum hverju sinni.“

Opnar hjartað

Harpa Arnardóttir leikstýrir verkinu. „Það er stórkostlegt að vinna með henni, hún er mögnuð, ég gæti ekki hafa fengið betri leikstjóra,“ segir Gísli.

Hann er spurður hvernig honum líði fyrir frumsýningar, er hann kvíðinn eða spenntur? „Það fer algjörlega eftir verkinu. Í þessu tilviki líður mér eins og verkið sé stærra en ég. Ég er að þjóna verkinu. Ég opna hjartað og fer af stað. Það gerast alls konar hlutir á leiðinni, ég hef kannski fyrir fram ákveðið að gera eitthvað en er svo togaður í aðra átt. Þessi leikgerð býður upp á svo mikið frelsi. Á einu rennsli var ég kannski ákaflega meyr og á öðru alls ekki. Bæði er rétt því það er ekkert rangt eða rétt í sorginni. Hún rústar fólki á mismunandi hátt.“ ■



Erkítýpa eftir Messiönu. MYND/ADSEND

Erkítýpur og vængjaðar verur

kolbrunb@frettabladid.is

Messíana Tómasdóttir sýnir Erkítýpur og vængjaðar verur í sýningarsal Seltjarnarness, Gallerí Gróttu. Sýningin stendur til 19. mars. Verkin samanstanda af 18 textilverkum af vængjuðum verum og 16 erkítýpum, bæði sem veggskúlptúrum og leikbrúðum. ■

Syngjandi í Salnum

kolbrunb@frettabladid.is

Syngjandi í Salnum er ný tónleikaröð sem hefur göngu sína í kvöld, miðvikudaginn 23. febrúar, klukkan 19.30. Á fyrstu tónleikunum stíga á svið þau Herdís Anna Jónasdóttir sópran og Bjarni Frímánn Bjarnason pianóleikari á tónleikum sem bera nafnið Veröld sem var.

Tónleikarnir eru innblásnir af hinna klassísku bók Stefans Zweig sem ber sama nafn og fjallaði um umrótatíma í Evrópu á síðustu öld.

Á tónleikumunum má heyrja hinn undurfagra ljóðaflökk Ariettes oubliées eftir Debussy, Brentano sönglögin eftir Richard Strauss og safarík rússnesk lög eftir Sergei Rachmaninoff.

Þrennir tónleikar eru fyrirhugaðir í vor í röðinni, en auk Herdísar Önnu og Bjarna Frímánn verða tónleikar með Disellu Lárusdóttur og Matthildi Önnu Gísladóttur í



Herdís Anna Jónasdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mars og í apríl stíga á svið Jóhann Kristinsson og Ammiel Bushakevitz.

Listrænn stjórnandi Syngjandi í Salnum er Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir söngkona. ■



Bassaleikarinn og tónskáldið Nicolas Moreaux.

MYND/ADSEND

Já Já kvartett á Múlanum

kolbrunb@frettabladid.is

Jazzklúbburinn Múlinn heldur áfram með vordagskrá sína í kvöld, miðvikudaginn 23. febrúar, klukkan 20.00 í Flóa, Hörpu. Á tónleikumunum kemur fram Já Já kvartett franska bassaleikarans og tónskáldsins Nicolas Moreaux. Nicolas, sem búsettur er bæði í París og Reykjavík, hefur þróaði með

sér í gegnum tíðina mikla tengingu við Ísland og íslenska djassenu. Í þessari hljómsveit, sem er ávöxtur af margvíslegu samstarfi hans hér á landi, koma fram trommuleikarinn Scott Mclemore, saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og gítarleikarinn Hilmar Jensson. Tónlist hans verður leikin af þessum samstillta kvartett sem setur sinn eigin melódíska lit á tónlistina. ■



NÝTT ÁR NÝIR TÍMAR ÓOPNAÐIR PAKKAR

Hvetjandi vinnuaðstaða
fyrir fyrirtæki,
einstaklinga og
stofnanir

www.betristofan.com

■ Á skjánum



svavamarin@frettabladid.is

Saksóknari skoðar dópsýkina



Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðs-saksóknari

„Ég er nýbúin að horfa á Dope-sick sem voru náttúrlega alveg frábærir. Finnst þeir æðislegir og svo er ég búin að

vera heima í smá bakveikindum og var að horfa á þætti sem heita Magnolia's á Netflix.

Síðan er það auðvitað Verbúðin. Maður er hálf sorgmæddur yfir því að það sé búið. Þetta eru með betri þáttum sem ég hef séð. Ég er fædd '78, og mér fannst þetta svona smá nostalgia út frá tísku og umhverfi og svo var gaman að sjá þessi gömlu fréttaskot í byrjun þátta. Þetta var mjög skemmtilegt.

Ég er með unglingskrakka sem eru orðin mjög spennat að horfa á Verbúðina eftir umræðuna og þau hafa bæði lýst því yfir að þeim langi að sjá þá. Þannig að þetta er greinilega að smitast aðeins í þau yngri líka og ég mun bara horfa aftur með þeim.“ ■

■ Hvað er að fréttu?

Mætir slök í tókur Netflix-myndar

svavamarin@frettabladid.is



Svandís Dóra Einarsdóttir, leikkona

„Það er allt bara dásamlegt að fréttu. Hestarnir eru komnir á hús sem er alltaf yndislegt og svo gátum við fjölskyldan loksins farið í smá fri til Flórída í janúar og erum úthvild.“ segir leikkonan Svandís Dóra

Einarsdóttir sem veitti ekki af hvíldinni þar sem hún er með mörg járn í eldinum.

„Svo er ég í tókum á bíómynd fyrir Netflix sem er í tókum hérna á landinu en annars er ég að undirbúa mig fyrir mjög spennandi sýningu sem verður sett upp í Norræna húsinu um miðjan mars.“

Ævar Þór Benediktsson vísindamaður skrifar og leikstýrir sýningunni sem heitir Forspil að framtíð. Þetta er sagnaleikhús sem er byggt á norrænum þjóðsögum þar sem ég er sögumaðurinn. Sýningar er hugarheimur Ævars Þórs og tengdafóður hans, Kjartans Ólafssonar tónlistarmanns. Við erum að fara að skapa upplifunarleikhús fyrir fjögurra til sjö ára börn þar sem hljóðheimur í boði gervigreindar ræður ríkjum. Það eru settir nemar á líkamann til að stjórna tónlist og fleira, alveg ótrúlega spennandi.“ ■

Sjálfsagt að Bolli kæmi út úr skápnunum

Búalfarnir Bjalla og Bolli hafa slegið í gegn í Stundinni okkar og í síðasta þætti dró heldur betur til tíðinda þegar Bolli upplýsti Bjöllu um að hann væri hommi. Niels T. Girard, sem leikur Bolla, segir þetta ekki hafa verið neina tilviljun heldur fullkomlega eðlilegt framhald þess sem á undan hefur gengið hjá álfunum.

lovisa@frettabladid.is

Bolli í Stundinni okkar er hommi og sagði Bjöllu vinkonu sinni frá því þegar þetta kom óvænt upp í samtali þeirra í þættinum á sunnudaginn. Niels T. Girard, eða Nilli eins og hann er jafnan kallaður, leikur Bolla og segir í samtali við Fréttablaðið að það hafi ekki verið nein sérstök ákvörðun að koma Bolla allt í einu út úr skápnunum. Í raun hafi hann ekkert verið að því, heldur hafi þetta verið eðlilegt framhald af því sem áður hafði gengið á og komið fram.

„Þetta var engin ákvörðun. Þetta var bara það sem það var. Hann var ekkert að koma út úr skápnunum, þetta hafði bara aldrei borist í tal,“ segir Nilli en Bjalla býr með Bolla á skrifborði og hefur gert það í um hálf tál.

„Það hefur ekki komið til tals, hvorki um hann né hana. En Bjalla vissi til dæmis ekki hvað samkynhneigð er og eins sjálfsagt og það er að vera samkynhneigður þá hafa ekki allir þennan orðaforða. Hvað það er að vera samkynhneigður, hommi eða lesbía eða öll þau kyn sem eru til.“

Niels segir að viðbrögðin við þættinum hafi verið töluverð og þó nokkur við því að Bolli hafi verið að koma út úr skápnunum en að almennt hafi þau verið góð.

„Mér fannst viðbrögð Bjöllu svo falleg og einlæg forvitni. Það er ekki hennar að vita hvað þetta er þótt Bolli hafi ekki skilið það. En hann fáttaði svo af hverju hún gerði það ekki,“ heldur Nilli áfram. „Það er svo fyndið í þessu samfélagi að um leið og einhver heyrir að einhver sé eitthvað annað en við teljum hann eða hana vera þá stökkva allir á það.“

Tækla alvarlega hluti

Niels segir að í þáttaröðinni hafi



Leikurunum Úu og Nilla er mjög annt um að koma erfiðum viðfangsefnum rétt til ungra áhorfenda.

MYND/RÚV



Álfarnir Bjalla og Bolli fagna fjölbreytileika lífsins og láta sig flest varða.

verið lögd áhersla á að setja alls kyns alvarlega hluti, eins og skilnað og dauða, í hversdagslegar aðstæður. „Þetta er eins hversdagslegt og hugsast getur en þetta er samt alltaf jafn átakanlegt.“

Agnes Wild, leikstjóri þáttanna, tekur undir með Nilla. „Höfundarnir eru að tækla alls konar mál-efni á einlægum og sakleysislegan hátt og leyfa karakterunum að upplifa þetta og prófa að lifa og upplifa tilfinningarnar í þessu öllu,“ segir hún en meðal þess sem er farið yfir í þáttunum er hjónaskilnaður og að missa einhvern nákominn. „Við ákváðum að fókusa á mannleg mál-efni sem kannski eru ekki oft rædd

í barnaefni en eru samt hluti af lífi okkar og lífi krakka.“

Unnið með Samtökunum '78

Agnes segir þættina hafa fengið ofsalega góð viðbrögð og sama gildi um þáttinn sem var sýndur á sunnudaginn. „Handritið var unnið í samstarfi við Samtökin '78. Fræðslustjórinn las handritið yfir áður en við fórum í tókur til að tryggja að það væri farið með rétt mál og allt væri í lagi. Þau voru mjög ánægð og það er allt gott sem við höfum heyrt.“

Agnes segir að þeim hafi líka þótt mikilvægt að það væri ekki endilega verið að gera mikið mál úr þessu hjá



Það átti ekkert að gera mikið úr því að hann sé hommi.

Agnes

Bolla eða verið að ávarpa það eitthvað sérstaklega.

„Það átti ekkert að gera mikið úr því að hann sé hommi,“ segir Agnes og minnir á að Bolli hafi bent Bjöllu á að hann væri ekkert öðruvísi en hann var áður.

Agnes segir að það sé fullt af krökkum sem eiga tvær mömmur eða tvo pabba og það sé mikilvægt að þetta sé rætt og börnum gefinn þessi orðaforði.

„Þarna eru orð sem eru til en heyrast ekki oft og ekki oft talað um. En þá er þetta vettvangur til að efla orðaforða.“

Þetta er sería sem fókusa á þessi erfiðu efni en er létt og skemmtileg. Nilli og Úa gera þetta svo vel og það hefur verið svo gaman að vinna með þeim því okkur er öllum svo annt um að þetta komist rétt til skila, og það sama á við handritshöfundana.“ ■

Rafmögnuð Mustang Sally í Hallgrímskirkju

toti@frettabladid.is

Sigríður Hjálmarasdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, rafbílavæddist á föstudaginn þegar hún tók við stjörnuhvítum Mustang Mach-E og fékk um leið nafnbótina Mustang Sally hjá eiginmanni sínum Halldóri Halldórssyni, forstjóra Íslenska kalkþörungafélagsins og fyrrverandi bæjarstjóra á Ísafirði, svo eitthvað sé nefnt.

„Þetta er ekki alveg stemningin sem ég hafði séð fyrir mér. Ég verð alveg að viðurkenna það,“ segir Sigríður, Mustang Sally, og hlær en færðin hefur ekki verið upp á marga fiska síðan hún fékk kaggann afhentan.

„En hann býður upp á margt og er fjór hjóladrífinn þannig að hann fer nú alveg létt með þetta og svo sem ágætt að vita að hann er finn í snjónum. Það kom bara skemmtilega á óvart hvað hann ræður vel við þessar aðstæður allar.“

Sigríður segir að tími hafi verið kominn á dísilbílinn hennar og hún var hardákveðin í því að þegar þar að kæmi myndi hún skipta yfir í raf-



Sigríður fékk nafnbótina Mustang Sally með bilnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

magn. „Þannig að ég er alveg búin að vera með augun opin og velta þessu fyrir mér,“ segir Sigríður sem var búin að skoða nokkra möguleika án þess að finna þann eina rétta þangað til hún rak augun af hálfgerðri tilviljun í Mustanginn.

„Þeir drógu ýmist ekki nógu langt eða voru bara ekkert flottir. Ekkert spennandi,“ segir Sigríður sem fór

upp í Brimborg til þess að skoða annan bíl. „Hann höfðaði ekki til mín og ég gekk inn í næsta sal og þar blasti við nákvæmlega svona „starwhite“ Mach-E og eins og ég segi þá varð eiginlega ekki aftur snúið.“

Halldór upplýsti í Vikulokunum á Rás 1 á laugardaginn að Sigríður væri kominn á rafbílinn og væri nú ekki kölluð annað en Mustang Sally.



Mér finnst hann bara ógeðslega flottur og töff. Hann er með svona þínu Mustang-lúkki.

Eitthvað sem hún telur víst að muni festast við hana, fái Halldór einhverju ráðið.

„Hann er alltaf að spila lagið fyrir mig og ég held að hann sé búinn að setja það í hringitón hjá sér núna þegar ég hringi,“ segir Mustang Sally hlæjandi áður en hún víkur aftur að rafmagnsbílunum sem ber merki einnar töffaralegustu bíla-tegundar síðari tíma. „Mér finnst hann bara ógeðslega flottur og töff. Hann er með svona þínu Mustang-lúkki,“ segir Sigríður og nefnir sérstaklega afturljósinn og villihestinn sem skellir á skeið á merkinu framan á grillinu. „Og ég hlakka bara rosalega til sumarsins.“ ■



Vilhelm Neto segir fíkn áberandi í þáttunum og mælir ekki með að hámhörfa efnið í einni beit. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Euphoria er dópdráma sem höfðar til nýrrar kynslóðar

Leikarinn Vilhelm Neto er yfirlýstur aðdáandi Euphoria unglingsþáttanna og hefur séð hvern einasta þátt sem kominn er út. „Þetta er svona eins og þegar Skam kom út, núna er Euphoria þannig,“ útskýrir hann. „Þetta eru unglingsþættir með allt drama í hámarki.“

ninarichter@frettabladid.is

Euphoria eru bandarískir unglingsþættir á HBO. Þættirnir byggja lauslega á ísraelskri samnefndri stuttseríu og fjalla um ævi og ástir framhaldskólanema sem kljást við áskoranir sem verða sjálfsmýnd, áföll, ástina, kynlíf og eiturlýfjaneyslu. Lokþáttur annarrar seríu fer í loftið í næstu viku.

Fjölbreytni í kynverund

Vilhelm, eða Villi eins og hann er kallaður, segir þættina einstaka fyrir sakir einstakra gæða í leikstjórn og framleiðslu. „Það er vöðulega listræn myndataka í þessum þáttum. Já, kvikmyndatakan er ótrúleg. Og ef hún þykir góð í fyrstu seríu, þá er hún alveg ótrúleg í annarri seríu,“ segir hann.

Villi nefnir framúrskarandi persónusköpun og þemu. Hann segir að sömuleiðis takist í þáttunum vel að takast á við mál sem brenna á unglungum í samtímanum. „Þarna er eitruð karlmennska til dæmis mikið til umræðu,“ segir hann og bætir við að fjölbreytni karaktera í kynverund sé einnig áberandi. „Við erum að verða betra samfélag og fólk er farið að geta tjáð sig á sinn einstaka hátt. Fólk getur verið opið með hverjum það ladast að, og hvernig það sjálft er,“ segir hann.

Mælir ekki með hámhörfi

„Maður fær svolítið sömu tilfinningu og þegar maður var að horfa á þættina Skins, í gamla daga, innan gæsalappa,“ segir hann og hlær. „Það var eitthvað við þá líka sem var einstaklega gott. En tilfinningarnar eru í hámarki og þessir þættir taka á,“ segir Villi.


„Ég er mjög þakklátur fyrir að þættirnir komi aðeins einu sinni í viku af því að ég gæti ekki horft á meira,“ segir hann. „Ég myndi ekki mæla með að binge-a þetta.“

Ný menning í Twitter-tjáningu

Twitter-notendur hafa tekið Euphoria þáttunum opnum örnum og



Leikhópur Euphoria bregður á leik á frumsýningu annarrar þáttaraðar í Los Angeles í janúar á þessu ári. MYND/GETTY



Plakat þáttanna, þar sem leikkonan Zendaya fer með aðalhlutverk. MYND/HBO

fjölda tísta má finna um þættina frá notendum alls staðar að úr heiminum. Það er áberandi hvernig Euphoria-tístin eru gjarnan fyrstu persónu ávarp til sögupersóna, til dæmis: „Ekki gera þetta!“

Villi hlær. „Já, þarna er kannski komin einhvers konar ný menning í tjáningu. Fólk veit að maður er ekki að tala beint við karakterinn, en maður þarf að þúfa við einhvern og þá er það einhver á Twitter sem er til dæmis líka pirraður út í Nate, eða þykir vænt um Fez, eða eitthvað. Þetta er mjög mikið þannig,“ segir Villi og visar í sögupersónur.

Fíkn áberandi í þáttunum

Aðspurður hvort eiturlýf séu í forgrunni í þáttunum svarar Villi: „Það er mikið fjallað um neyslu unglunga í þessum þáttum. Fíkn er



Stundum tengir maður ekki við fólk í neyslu eða pirrast yfir ákvörðunum þeirra.

eitthvað sem hrjáir eina af aðalpersónunum,“ segir hann. „Þannig að það verður mjög áberandi.“

Villi segir þættina sýna fikniefnaneyslu með raunsæjum hætti. „Þættirnir fara í hvernig neysla virkilega er,“ segir hann. „Þeir skrifa karakterana á svo raunverulegan hátt.“

Villi segist einnig geta speglað sambönd sín við fólk í neyslu, í þáttunum.

„Stundum tengir maður ekki við fólk í neyslu eða pirrast yfir ákvörðunum þeirra. En það er einfaldlega vegna neyslunnar og vegna vandamála sem tengjast því,“ segir hann. „Það er áhugavert við að sjá þessa þætti og verða pirraður út í karakterana og þurfa síðan að rökræða við sjálfan sig um að maður geti ekki hatað manneskjuna, út af þessum ákvörðunum.“

En heldur Villi Neto að íslenskir unglingar samsami sig sögupersónunum í ameríska unglingsdramanu?

„Já að vissu leyti. Það er langt síðan ég var unglingur. Ég get ekki sagt mikið til um það. En maður sér á unglunga-Twitter að allir eru mikið að horfa á þetta,“ segir hann léttur. ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

**VISTA**

Skenkur með 6 hurðum. Svart járn.
183 x 43 x 90 cm. **139.990 kr.**

Fyrir lifandi heimili

KARE BRISTOL

Hægindastóll. Grænn, amber eða rústrauður. **99.990 kr.**

**RIVERDALE ROMA**

Blaðastandur. Svartur eða gylltur. 25 x 25 x 50 cm. **6.990 kr.**

EVA SOLO

Succulent glervasi. Ø15 cm. **8.990 kr.**
Succulent glervasi. Ø21 cm. **10.990 kr.**



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



frettabladid.is



Silja Rós kemur plötunni sinni loksins út.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Silju Rós líður best á sviði

Tónlistar- og leikkonan Silja Rós getur nú loks fagnað nýrri plötu með útgáfutónleikum en faraldurinn seinkaði útgáfunni um tvö ár. Þá leikur hún einnig í nýjustu mynd Heimis Bjarnasonar, þrot, sem kemur út seinna á árinu.

ninarichter@frettabladid.is

„Mér líður best á sviðinu þótt það sé gaman í hinum verkefnum,“ útskýrir Silja Rós, sem segir heimsfaraldurinn hafa verið skrytna pásu fyrir manneskju sem þrífst á því að standa á sviði.

Bandaríkjastaurinn sterk

Silja Rós hefur verið í tónlist síðan hún man eftir sér. „Tónlistin var alltaf innra með mér og þegar ég var sex ára sagði ég við foreldra mína að ég ætlaði að verða lagahöfundur,“ segir hún. „Ég var alltaf að dunda mér við þetta þegar ég var barn og samdi texta á ensku, en ég bjó í Bandaríkjunum þegar ég var lítil og kunnir því ensku. Foreldrar mínir voru þar í námi og ég flutti þangað nokkurra vikna,“ segir Silja Rós.

Kalifornía togaði í Silju Rós fram eftir aldri og eftir framhaldsskóla á Íslandi flutti hún aftur til Bandaríkjanna, til Los Angeles, til að fara í leiklistarnám. „Ég starfaði síðan í tveimur leikhúsum þar úti og var mest í Shakespeare-sýningum,“ segir hún og hlær.

Leikprufuvöðvinn þjálfaður

Aðspurð um senuna í Los Angeles,

segir Silja Rós að bransinn úti sé miklu stærri sem sé bæði kostur og galli. „Það er meira af verkefnum í boði og sem leikari getur maður verið að fara í margar prufur á viku, sem er allt annar vöðvi sem leikarar þurfa að þjálfra – annar en að leika svo í verkefninu sjálfu.

Maður var oft að keppa við þúsund leikara til að fá prufu eða hlutverkið. En hins vegar er líka svo mikið af verkefnum, að maður þarf alveg að passa að sigta út,“ segir Silja Rós. „Ég var mjög heppin úti, að komast í tvö leikhús með yndislegu fólki.“

Þakklát Unni Söru

Silja Rós þakkar Unni Söru Eldjárn tónlistarkonu fyrir að hafa hvatt sig áfram í tónlistinni. „Það var alfarið Unni Söru að þakka að ég þorði að byrja,“ segir hún. „Þegar við vorum sautján ára dró hún mig alveg inn í tónlistina með sér. Ég hafði á þeim tíma aldrei þorað að taka það skref og hafði aldrei spilað tónlistina mína fyrir neinn,“ segir Silja Rós.

„En Unnur lét þetta líta svo auðveldlega út, fór að bóka alls konar tónleika fyrir okkur,“ segir hún. „Við stofnuðum hljóm sveitina Líparit með Vigdís Völu Valgeirsdóttur.“ Hljóm sveitin var starfandi í eitt ár. „Svo fórum við allar að vinna í okkar eigin tónlist eftir það, en höfum alltaf unnið mikið saman í þeim verkefnum,“ segir hún. „Markmiðið mitt er þess vegna að halda alltaf í þessa gleði og ástríðu í tónlistinni þótt hún sé líka orðin vinnan okkar í dag.“



Sem betur fer þróast tónlistin manns með tímanum.

Útgáfu frestað um tvö ár

Fyrsta plata Silju Rósar kom út árið 2017. „Hún var í allt öðrum stíl en nýja platan mín, en sem betur fer þróast tónlistin manns með tímanum þegar maður lærir að meta nýjar víddir tónlistarinnar og aðrar stefnur,“ segir Silja Rós.

„Platan átti að koma út 2020 og svo skall Covid á og þá frestaði ég þessu, en ég er búin að skapa mikið síðan platan varð tilbúin,“ segir hún, en nýja platan sem ber titilinn Stay still kom út í október 2021.

„Ég mun flytja á tónleikum plötuna í heild sinni í fyrsta og eina skiptið, þó að ég elski lögin er ég búin að ná smá fjarlægð við þessa tónlist,“ útskýrir Silja Rós og segir að hún hafi samið fjölda laga síðan vinnu við plötuna lauk. Hún lofar að gefa áheyrendum forsmeikkinn af nýja efninu á tónleikum.

Útgáfutónleikarnir í Hörpu hefjast klukkan 20.00 þann 4. mars. Tónlistarkonan Bergrós hitar upp fyrir Silju Rós og miðsalan á tónleikana er hafin á Tix.is og í Hörpu. ■

Bissí Krissí í fylgd með fullorðnum

toti@frettabladid.is

„Heyrðu, ertu ekki alltof bissí, Krissí, fyrir djúppenkjandi Dylan eins og mig?“ spurði Bjartmar Guðlaugsson í lagi sínu Bissí Krissí og nú, 28 árum síðar, stígur Krissí fram sem fullsköpuð persóna í leikritinu Í fylgd með fullorðnum hjá Leikfélagi Hörgdæla.

„Ég er búin að leika í yfir 30 ár hjá leikfélaginu og hef bara sjaldan verið jafn spennit fyrir verki eins og núna,“ segir Fanney Valsdóttir sem leikur Krissí, umhyggjusama móður sem hefur upplifað margt.

„Okkur Krissí semur bara alveg ljómandi vel. Dóttir Krissíar er aðal söguhetjan og segir sína sögu alveg frá því að hún er bara barn og fram á fullorðinsaldurinn. Þannig að ég fylgi henni alveg og er Krissí alveg fá sextán ára og upp í 65.“

Fanney segir höfundinn og leik-

stjórann, Pétur Guðjónsson, hafa gengið árum saman með hugmyndina að sýningu með lögum Bjartmars og þegar hann áttaði sig á því að tónlistarmaðurinn verður sjötugur á þessu ári hafi hann ákveðið að drífa í að klára verkið.

„Hann sendi okkur það til lestrar og við urðum bara mjög spennit. Bæði náttúrulega af því að tónlistin hans Bjartmars er svo skemmtileg og svo er það bara þessi saga sem hann er búin að búa til utan um persónur úr lögnum. Þetta er ekki leikrit um Bjartmar heldur bara persónur sem hann tvinnar upp úr lögnum hans Bjartmars.“

Átján lög eða lagabútar eftir Bjartmar eru í sýningunni.

„Þeir eru svo skemmtilegir text-

arnir hans Bjartmars og svo fullir af sögum og við fundum það bara einhvern veginn í æfingafærlinu að það er eitthvað mjög sérstakt við verkið. Spennandi og skemmtilegt.“



Fanney leikur Krissí.

Í fylgd með fullorðnum verður sýnt á Melum í Hörgárdal í mars en ætla má að sýningarnar teygji sig fram í apríl þar sem það seldist upp á frumsýninguna á tveimur klukkustundum á Tix.is.

Og er Krissí alltaf jafn bissí?

„Krissí, já, já. Maður vill nú ekki segja of mikið en mér þykir voða vænt um Krissí. Hún er svona týpískt að reyna að standa sig vel sem ung móðir og gerir það kannski ekkert alveg eins og allir hefðu viljað. En hún gerir sitt besta,“ segir Fanney og hlær. ■



NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR





Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Stríð

Ekkert er ómurlegra og tilgangslausara en stríð. Það gildir einu hvernig það kemur til – áhrifin á óbreytta borgara eru alltaf mest og þungbærust, þó þeir hafi ekkert með stríðsreksturinn eða bróltið að gera. Konur og börn eru reyndar í algjörum sérflokki að þessu leyti og það skilar hörmungunum áfram um kynslóðir. „Enginn vill stríð,“ er þó viðkvæði þeirra sem mest véla um ákvarðanirnar. Það hljómar heldur innantómt þegar sömu menn etja svo sínu líði á foraðið.

Ástæður stríðsreksturs eru auðvitað ekki einhverjir einstakir atburðir, heldur gildir um slík mistök – því stríð er svo sannarlega móðir allra mistaka – að fjölmargir þættir leggjast saman þannig að allt í einu er lestin farin út af sporinu. Það getur verið að Biden nái einhverjum stigum heima fyrir ef til átaka kemur. Það getur líka verið að Pútín sé vondi kallinn með óþægilega kunnuglega útpenslustefnu. Hvorugt dugir þó til en það eru svo sannarlega gríðarleg vonbrigði fyrir almennung að viðskiptatengsl og alþjóðavæðing dugi ekki til að stöðva þessa stríðslest á leið sinni að hengifluginu.

Maður er bæði varnarlaus og áhrifalaus frammi fyrir þessum ósköpum. Maður getur ekkert annað gert en að vona það besta og undirbúa sig fyrir það versta. Það verða áhrif á Íslandi, hversu mikil vitum við ekki. Það verður ekki sungið „Þá kom í bæinn, ó blessað stríðið“. Nei, það verða viðskiptaþvinganir sem við munum taka þátt í og mögulega verða árásir á stafræna innviði sem áhrif munu hafa. Það verður líka flóttamannastraumur sem ég vona að okkur beri gæfa til að bregðast við eins og síðuð þjóð. Svona til tilbreytingar. ■



**pappír
umhverfið
prentun**



LITRÓF
UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Skíðað fyrir Ísland

66°Norður er stoltur samstarfsaðili Ólympíuliðs Íslands. Til hamingju með árangurinn!

Hólfríður Dóra Friðgeirsdóttir,
Isak Stianson Pedersen,
Kristrún Guðnadóttir,
Snorri Einarsson og
Sturla Snær Snorrason

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)